



Sámur

BLAÐ HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1. tbl. 37. árg. apríl 2014





ENNEMU / SIA / NMS46

Hundavernd VÍS tryggir hundinn þinn

Hið óvænta gerir ekki boð á undan sér og því er mikilvægt að hafa hundana rétt tryggða. Líftrygging er góður kostur fyrir þá sem vilja líftryggja hundinn sinn. Sjúkrakostnaðartrygging færir hundinum bestu meðhöndlun sem völ er á ef hann veikist eða

slasast. Auk líf- og sjúkrakostnaðartrygginga býður VÍS upp á afnotamissistryggingu, umönnunartryggingu og ábyrgðartryggingu fyrir hunda. Dýravernd VÍS tryggir einnig hesta og ketti og hún kostar minna en þú heldur.



Stjórn HRFÍ

Formaður:

Jóna Th. Viðarsdóttir

Varaformaður:

Herdís Hallmarsdóttir

Gjaldkeri:

Delia Howser

Meðstjórnendur:

Arinbjörn Friðriksson,

Brynja Tomer,

Guðmundur A. Guðmundsson

og Ólafur E. Jóhannsson.

Ábyrgðarmenn:

Fríður Esther Pétursdóttir

Jóna Th. Viðarsdóttir

Ritstjóri:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Auglýsingar:

hrfi@hrfi.is

Ritnefnd:

Anja Björg Kristinsdóttir

Berglind Magnúsdóttir

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Heiðrún Villa

Inga Björk Gunnarsdóttir,

Jóhanna Reykjalín og Þórunn

Inga Gísladóttir.

Prófarkalestur:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Yfirllestur og önnur aðstoð:

Fríður Esther Pétursdóttir og

Jóna Th. Viðarsdóttir

Umbrot:

Linda Björk Jónsdóttir

Sámur kemur út þrisvar

sinnnum á ári. Aðsent

efni í blaðið er á ábyrgð

höfundar og þarf

ekki að lýsa skoðun

ritnefndar eða stefnu

félagsins. Eftirprentun er

bönnuð nema að

fengnu leyfi höfundar.

Útgefandi:

Hundaræktarfélag Íslands

Síðumúla 15

108 Reykjavík

Sími: 588-5255

Vefsíða: www.hrfi.is

Netfang: hrfi@hrfi.is

ISSN 1027-4235

Sámur 1. tbl 37. árg 2014

Frá ritstjóra

Orðið framfarir er í mínum huga mjög jákvætt orð. Þetta er orð sem dómara nota gjarnan til að lýsa hundaheiminum á Íslandi, það er að segja, dómara sem hafa komið hingað áður og dæmt



hundana okkar. Eftir hverja hundasýningu er það verk undirritaðrar að taka viðtöl við dómara sem dæma hverju sinni og nánast undantekningalaust minnst þeir á þær framfarir sem hafa orðið á Íslandi í hundarækt. Flestir, ef ekki allir, tala einnig um það hve heppin við erum með allt unga fólkið okkar sem er svo áberandi. Sumir segja að unga fólkið erlendis sé smám saman að hverfa úr sportinu, sem þeim þykir mjög miður, enda er unga fólkið alltaf framtíðin. Dómurinum verður einnig tíðrætt um frábært skipulag sýninganna okkar og framúrskarandi starfsfólk, bæði í hringjum og á svæðinu sjálfu.

En það eru ekki aðeins dómaramenn sem taka eftir framförum í hundaheiminum á Íslandi. Ég hef verið hluti af þessum hundaheimi í um 20 ár og undanfarin ár hafa ég og margir aðrir innan þessa sports tekið eftir ýmiss konar breytingum - jákvæðum breytingum. Framfarir hafa orðið á öllum sviðum, ekki einungis í hundaræktun. Sífelld fleiri bætast í flórana með hverju árinu sem líður enda er hundaeign orðin mun algengari í dag en áður. Þar af leiðandi eru margir áhugasamir einstaklingar sem bætast við hópinn okkar á hverju ári. Fuglahundasportið er orðið sýnilegra en áður og margir sem stunda það af kappi. Þetta kemur glögglega í ljós þegar skoðuð er skráning í veiðipróf deildanna þar sem færri komast að en vilja. Það sama má segja um ýmiss konar vinnu með hunda, til dæmis hlýðni, hundafimi, sporaleit, hundabjörgunarsveitir, sleðadrátt og fleira. Fjölmargir mennta sig á fjölbreyttum sviðum hundaheimsins; hundapjálfarar, hundasnyrtar, veiðiprófsdómara, sýningadómara, hringstjórar, ritarar og svo mætti lengi telja. Í þessari flóru má finna margt ungt og áhugasamt fólk ásamt þeim eldri og finnst mér frábært hve blandaður hópurinn er. Ekki má heldur gleyma því að hundarnir eru orðnir mun meira áberandi í samfélaginu, til dæmis hunda sem hjálpa börnum við lestur, ýmiss konar hjálparhunda, þjónustuhunda og heimsóknarvinir Rauða krossins.

Svo að framfarir, eins og þær sem hér hafa verið nefndar, geti átt sér stað þurfum við að huga að ýmsu. Við þurfum alltaf að hafa í huga að styðja við og hvetja áhugasama nýliða sem eru tilbúin að taka þátt í starfi félagsins. Við þurfum að vanda okkur í ræktun tegundanna okkar og sérstaklega þegar við ráðumst í kostnaðarsaman innflutning hunda til landsins. Síðast en ekki síst verðum við að leggja mikinn metnað í að styðja vel við bakið á unga fólkinu því eins og við vitum öll þá er unga fólkið framtíðin!

Með ósk um gleðilegt sumar,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri.



Forsíðumynd:

Forsíðu Sáms að þessu sinni þrýðir annar tveggja stígahestu hunda

ársins 2013,

welsh corgi pembroke-rakkinn,

ISW-13 RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at

Craigycor.

Eigandi hans er Kristlaug Elin

Gunnlaugsdóttir.

Myndina tók Pétur Alan Guðmundsson.

Efnisyfirlit

Barnið og nýi hundurinn okkar 4

Þjálfun sýningahunda 6

Íslenskur ræktandi 8

Tegundarkynning 12

Ófrjósemisaðgerðir á tíkum 14

Heimsóknarvinurinn Stormur 17

Frá Unglingadeild 18

Hvatning til hundaeigenda 20

Beituhlaup á Íslandi. 22

Lífsgæði hreinræktaðra hunda 26

Nýir sýningadómara 28

Aðalfundur HRFÍ. 29

Frá Vinnuhundadeild HRFÍ. 30

Sjóhundurinn snýr aftur 32

Dýrahjúkrunarfræðingur 36

Lesið fyrir hunda. 40

Hvolpasýningar HRFÍ 42

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ 44

Frá HRFÍ. 60

Nýir meistara 61

Deildarfréttir 62

Barnið og nýi hundurinn okkar

Höfundur: Jóhanna Reykjalin

Í síðasta tölublaði Sáms skrifaði ég grein um Snata og nýja barnið okkar. Þar gaf ég foreldrum og hundaeigendum góð ráð þegar lítil viðbót kemur í fjölskylduna en oftast en ekki er dæmið öfugt. Barnið er komið í heiminn, rúttina er komin á lífið og þá er ákveðið að bæta við sig fjórfættum, loðnum fjölskyldumeðlim. Í þessari grein ætla ég að gefa foreldrum góð ráð til að auðvelda hundinum aðlögun á nýju heimili og gefa hugmyndir að ramma í kringum hundahaldið.



Börn eiga ekki að fara í eltingarleik við hunda eða í leiki þar sem æsingur er mikill.

Hvað má Snati?

Þegar hundur kemur á heimilið er gott að vera búinn að ákveða nokkra hluti fyrirfram. eru einhverjir staðir í húsinu sem heimilisfólk vill ekki að hundurinn fari á? Má hundurinn fara upp í sófa? En hvað með barnaherbergin? Gott er að kalla þetta viðmið því þetta getur alltaf breyst. Ef um hvolp er að ræða er gott að ræða við börnin um að hvolpar séu bara litlir óvitar sem vita ekki hvað þeir eru að gera, þeir steli dóti sem liggur á glámbekk og því sé mikilvægt að loka alltaf inn í herbergi til sín og geyma dótið á sínum stað - frábært líka til að koma í veg fyrir að maður stigi á lego-kubba í myrkrinu! Best er að foreldranir kenni hundinum fyrst og bjóði síðan börnunum að taka þátt. Það getur ruglað hundinn ef allir eru að reyna að kenna honum sama hlutinn á mismunandi hátt.

Setja þarf börnunum ákveðnar reglur og jafnvel í sameiningu. Það þurfa líka að vera viðurlög ef reglur eru brotnar, það er að segja einhverjar afleiðingar ef ekki er farið eftir settum reglum. Mikilvægt er að hafa reglurnar fáar og skýrar. Ein af þessum reglum er til dæmis að ef að hundurinn er í bælinu sínu/búrinu sínu þá má ekki trufla hann. Þannig kennum við barninu að virða það þegar hundurinn vill vera út af fyrir sig.

Þegar börnin æsast, æsist hundurinn. Ef börnin eru róleg, er hundurinn rólegur. Kennið börnum að vera róleg í kringum hunda, ekki fara í eltingarleik við þá eða leiki þar sem æsingur er mikill eins og til dæmis að láta barn kasta bolta eða togast á með kaðal. Hundurinn getur auðveldlega bitið barnið óvart þegar hann er að laga eigið grip á boltanum/kaðlinum.



Börn þurfa að læra að hundar eru vinir okkar og hafa sínar þarfir og langanir.



Vinamerki

Gott er að kenna börnum að við getum talað við hundinn með því að nota vinamerki. Við getum geispað, sleikt út um eða snúið höfðinu frá hundinum til að segja honum að við séum vinir hans. Það þarf einnig að kenna barninu að hlusta á hundinn og ef hundurinn sýnir mörg vinamerki vill hann jafnvel fá að vera í friði. Afskaplega gott er að kenna börnum að lesa úr skottinu á hundinum og einfalda þá útskýringarnar:

- » **Upp í loft og dillar:**
Glaður.
- » **Beint út, stift:**
Athugull eða að einbeita sér, gott að láta hann vera.
- » **Lafir líflaust niður:**
Óöruggur, vill fá að vera í friði.
- » **Niður milli lappanna, alveg límt upp að maga:**
Mjög hræddur eða óöruggur. Láta hann í friði alveg um leið.

Það er líka mikilvægt að kenna börnum að allir hundar geta bitið ef þeir verða hræddir eða reiðir. Þess vegna má ekki stríða hundum eða hræða þá. Það er ekki gott að segja við börn að hundurinn sé svo góður að hann bítu ekki því þá telur barnið sig hafa leyfi til að gera hvað sem er við hundinn.

Börn eiga að virða það ef hundur urrar á þau eða berar tennur. Hundur á ekki að vera skammaður fyrir að sýna slík merki því það er betra að hann geri það og á hann sé hlustað heldur en að hann hætti að urra/bera tennur og fari beint í það að glefsa í börnin eins og gerist þegar tekið er fyrir mildari merki hundsins.

Hver ber ábyrgðina?

Alltaf eru einhverjir sem fá sér hund fyrir börnin og ætlast til þess að þau hugsi um hundinn. Það er ekki æskilegt að barn undir 15 ára fari einsamalt út með hundinn í göngutúr. Það er ýmislegt sem getur komið upp á sem jafnvel stálpaður unglingur ræður ekki við. Að eiga hund á



Hundar eru með ótrúlega aðlögunarhæfni og láta oft ýmislegt yfir sig ganga. Þó er ekki þar með sagt að þeir eigi að þola endalaust áreiti.

að vera skemmtilegt fyrir alla fjölskylduna og hundurinn getur auðveldlega orðið límið sem styrkir samband foreldra og barna. Það er upplagt að hafa börnin með í göngutúr og ef barnið vill endilega fara út að ganga með hundinn er um að gera að klæða sig í skó og fara með þeim! Þannig er hægt að leyfa barninu að halda í tauminn og jafnvel hafa tvo tauma á hundinum þar sem þú heldur í annan og barnið í hinn. Barnið á heldur ekki að bera ábyrgð á matartímum hundsins. Það getur svo sannarlega tekið þátt en ekki er hægt að ætlast til þess að barnið sjái um þá alfarið.

Skiptar skoðanir eru á því hvort hundur eigi að venjast því að barnið/börnin taki af honum nagbein eða fíkti í matardallinum. Það er mín reynsla að ef barnið fær að trufla hundinn í matartímum/nagtímum þá lærir hundurinn hægt og rólega að vernda matinn sinn/nagdótið til að fá að hafa það í friði. Ef hundurinn fær að hafa sitt í friði lærir hann fljótt að þó einhver komi sé það allt í lagi því hann fái síðan aftur frið til að naga/borða.

Ef hundaeign hefur lengi verið draumur allra fjölskyldumeðlima er mikilvægt að gera skipulag um hundahaldið, hver sér um göngutúrana, hver sér um

matartímana og hver baðar Snata? Það er stundum nauðsynlegt að skrifa hjá sér hver gerði hvað til að hundurinn fái ekki óvart allt of marga göngutúra eða tvöfaldan matarskammt, því það getur gerst á bestu bæjum.

Snati og (ó)þolinmæðin

Hundar eru með ótrúlega aðlögunarhæfni og í flestum tilfellum láta þeir ýmislegt yfir sig ganga af hálfu barnanna. Það er þó ekki þar með sagt að þeir eigi að þola endalaust áreiti og hnoð frá barninu/börnunum á heimilinu. Börnin þurfa að læra að hundar, stórir sem smáir, eru vinir okkar og þeir hafa sínar þarfir og langanir.

Sjálf er ég hundapjálafari með BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði. Lokaverkefnið mitt fjallaði um börn og hunda þar sem ég skoðaði hvað var sameiginlegt í uppeldi barna og uppeldi hunda. Ég hef mikinn áhuga á samskiptum barna við hunda og hvernig best er að hátta þeim. Það jafnast ekkert á við það að fá að alast upp með hundi og slik vinátta getur gefið börnum mjög mikið. Sýnum skynsemi og höfum örugg samskipti milli barna og hunda.

Þjálfun sýningahunda

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Á hundasýningum eru hundar af ýmsum tegundum dæmdir samkvæmt ræktunarmarkmiðum hvernar tegundar. Í ræktunarmarkmiðum koma fram almenn einkenni tegundarinnar, hvernig bygging á að vera, feldur, hreyfingar og ýmiss konar smáatriði innan þessara þátta. Mikilvægt er að fólk kynni sér vel þessi markmið áður en hundur er sýndur og hafi þau í huga þegar hann er þjálfaður og sýndur svo öll tegundareinkennin komi sem best fram inni í sýningarhringnum. Hundur, sem sýndur er á sýningum, þarf að vera ýmsu vanur og vel þjálfaður að öllu leyti. Þegar dómari dæmir hund á hann að geta skoðað hann auðveldlega, hundurinn þarf að sýna réttar, náttúrulegar hreyfingar og geta staðið í svokallaðri sýningarstillingu. Sýningarstillingar eru mismunandi eftir tegundum en mikilvægt er að bygging hundsins komi vel fram þegar honum er stillt upp. Hver tegund hreyfir sig á ákveðinn hátt og er nauðsynlegt að sýnandi sé meðvitaður um hvaða hraði hentar hverjum hundi best. Svo að þetta gangi allt sem best er mikilvægt að þjálfandi hundinn vel ef ætlunin er að sýna hann í framtíðinni og er ekkert því til fyrirstöðu að byrja að þjálfna þegar hundurinn er aðeins nokkurra vikna gamall. Í greininni verður fjallað um ýmsar þjálfunaraðferðir sem geta nýst vel við þjálfun framtíðarsýningahunda.

Þjálfun hvolpsins/hundsins

Hvolpar eru mjög móttækilegir og námsfúsir og þess vegna er um að gera að kenna þeim ýmislegt sem mun koma sér vel ef ætlunin er að sýna þá. Almenn handfjötun, til dæmis að skoða tennur, og umhverfisþjálfun eru þættir sem spila stórt hlutverk í framtíðarþjálfun. Eftirfarandi atriði er hægt að þjálfna þegar hvolpar eru mjög ungir, allt niður í 5-6 vikna:

Tannaskoðun: Venjið hvolpinn smám saman við tannaskoðun og munið að hrósa honum ávallt þegar hann stendur sig vel. Gætið þess að þessi reynsla verði aldrei neikvæð og æfið ekki of lengi í einu. Ef vel gengur er hægt að biðja fleiri um að skoða tennur hvolpsins. Hinn „ókunnugi“ getur til dæmis gefið hvolpinum nammibita áður en hann skoðar tennurnar en þá tengir hvolpurinn „tannaskoðarann“ við eitthvað jákvætt og þar af leiðandi dómara í framtíðinni.

Borðþjálfun: Allir smáhundar eru skoðaðir á borði á hundasýningum og er mikilvægt að byrja snemma að venja þá við svo þeir verði öruggir á borðinu. Ef þið eigið ekki sýningarborð er gott að verða sér úti um stamt undirlag, til dæmis gúmmímottu. Með stömu undirlagi verður hvolpurinn öruggari á borðinu. Gúmmímottan er sett upp á borð og hvolpurinn vaninn við borðið smám saman. Mikilvægt er að þjálfna í litlum skrefum, stuttan tíma í einu. Byrjið á því að setja hvolpinn upp á borð, hrósið honum og gefið honum jafnvel verðlaunabita. Hvolpurinn má sitja, standa, liggja eða gera hvað sem hann vill, gætið þess þó að hann detti ekki niður af borðinu. Það eina sem skiptir máli á þessum tímamarki er að hann fái jákvæða reynslu af því að vera uppi á borði. Smám saman, þegar hvolpurinn er orðinn öruggur,



Borðþjálfun er gríðarlega mikilvægur þáttur í þjálfun sýningahunda. Ekkert er því til fyrirstöðu að byrja að þjálfna þegar hvolpurinn er ungur. Ljós. Anja Björg Kristinsdóttir.

er hægt að kenna honum að standa á borðinu. Þegar það gengur vel er hægt að fá einhvern „ókunnuga“ til að koma og skoða hann. Biðjið þann ókunnuga að byrja á því að strjúka honum og tala við hann með ljúfri rödd. Ef hvolpurinn sýnir hræðslu eða óöryggi gagnvart þessari manneskju er gott að fá viðkomandi til að gefa honum nammibita og þannig smám saman öðlast traust hvolpsins. Þegar hvolpurinn er sáttur við þetta er hægt að venja hann við handfjötun. Haldið vel við hvolpinn á meðan og gætið þess, eins og alltaf, að reynslan sé jákvæð. Aldrei skamma hundinn þegar hann er uppi á borði! Smám saman er hægt að venja hundinn á að standa í sýningarstillingu á borðinu. Þetta gildir líka um borðþjálfun fullorðinna hunda. Dómarar tala oft um að borðþjálfun sé ábótavant hjá smáhundum; hundarnir séu

óöruggir með sig, samþykki ekki handfjötun og tannskoðun sem geri dómara erfitt fyrir og standi illa sem hefur áhrif á byggingu þeirra. Það gefur auga leið að hegðun sem þessi getur haft mikil áhrif á árangur hundsins á sýningum.

Sýningarstelling: Öllum hundum er stillt upp í svokallaða sýningarstellingu, eins og áður sagði, en þannig dæma dómara meðal annars byggingu þeirra. Gott er að byrja snemma að kenna hvolpinum og er skipunin „standa“ alveg jafn mikilvæg og „sestu“ og „leggstu“ ef ætlunin er að sýna hvolpinn. Misjafnt er hvernig tegundum er stillt upp og er um að gera að kynna sér það vel áður en hafist er handa við þjálfunina. Mikilvægt er að þjálf þetta í litlum skrefum. Byrjið á því að fá hvolpinn til að standa. Þegar vel gengur er hægt að taka næsta skref sem er að venja hvolpinn við þau handtök sem eru nauðsynleg til þess að stilla honum upp. Ef þetta gengur vel og hvolpurinn getur verið kyrr í stellingunni í nokkrar sekúndur er um að gera að stíga næsta skref í þjálfuninni og fá einhvern „ókunnugan“ til að skoða og handfjötla hundinn á meðan haldið er við hann í stellingunni. Rakkar þurfa að vera vanir því að eistu þeirra séu skoðuð. Hér gildir það sama og við borðþjálfunina, sá „ókunnugi“ ætti að byrja á því að mynda jákvæða tengingu við hvolpinn með því að strjúka honum og lauma jafnvel að honum verðlaunabita og vinna sér þannig inn traust hans áður en hann handfjötla hann. Þetta gildir einnig um fullorðna hunda.

Taumganga: Hreyfingar hunds eru afar mikilvægar þegar hann er dæmdur. Þegar hundur er hreyfður er mikilvægt að hann fylgi sýnanda sínum vel. Þar af leiðandi er gott að kenna honum snemma að ganga fallega í taum (ekki í beisli). Hafid það alltaf að markmiði að hundurinn geti sýnt náttúrulegar og frjálssar hreyfingar í lausum taum. Hundurinn sýnir ekki réttar hreyfingar ef hann streðar, ef alltaf er verið að kippa í hann, taumurinn er of strektur eða þegar hann hoppar og skoppar allan hringinn. Flestir dómara gefast fljótt upp á að skoða hundana ef þeir geta ekki dæmt hreyfingar þeirra.

Allir þeir þættir, sem fjallað er um hér að ofan, eru mikilvægir við þjálfun hvolpsins/hundsins. Gætið þess alltaf að hafa alla þjálfun jákvæða og skemmtilega og dettið ekki í þá gryfju að æfa of lengi í einu. Hættið alltaf þegar vel gengur. Smám saman er svo hægt að þjálf á nýjum stöðum til þess að venja hvolpinn/hundinn við alls kyns aðstæður. Gott er að venja hundinn við sýningartaum strax. Notið alltaf sýningartaum þegar þið þjálfid það sem tengist sýningum. Smám saman fer hann að tengja tauminn og æfingarnar saman. Athugið að stundum er nóg að hrósa hundinum. Ekki er nauðsynlegt að gefa honum verðlaunabita í hvert sinn sem hann stendur sig vel. Þegar vel gengur er um að gera að draga úr verðlaunabitanum og nota frekar hrós í staðinn, verðlaunabitarir eiga bara að vera „spari“. Athugið líka að verðlaunabitarir þurfa ekki að vera stórir. Oft er nóg fyrir hundana að fá bara að finna bragðið.

Í næsta tölublaði Sáms verður fjallað um þá þætti sem einkenna góðan sýnanda og það sem mikilvægt er að hafa í huga við undirbúning, á sýningarsvæðinu og inni í sýningarhringnum.



Öllum hundum er stillt upp í svokallaða sýningarstellingu og er hún misjöfn eftir tegundum. Mikilvægt er að kenna hvolpinum/hundinum að standa í sýningarstellingu og venja hann á að vera skoðaður. Ljós. Ágúst Ágústsson.



Dómari á að geta handfjötlað og skoðað hundinn, bæði á borði og gólfu, eins og hann þarf. Þar af leiðandi er mikilvægt að hundurinn sé öllu vanur og hagi sér vel á meðan hann er skoðaður. Með reglulegri og jákvæðri þjálfun verður hundurinn smám saman öruggur á borðinu. Ljós. Sigurgeir Jónsson.



Þegar hundur er dæmdur á hundasýningum á hann að sýna náttúrulegar hreyfingar í lausum taum. Mikilvægt er að hann fylgi sýnandanum vel og til þess að það takist þarf reglulega taumþjálfun. Ljós. Theodóra Röbertsdóttir.

Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir

Leifturs-ræktun

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir hefur ræktað whippet-hunda frá árinu 2004. Hún heldur mjög vel utan um hvolpakaupendur sína og einn liður í því er hið árlega Leiftursmót þar sem „Leifturs-hlaupagikkur ársins“ er krýndur en whippet getur náð um það bil 60 km hraða á 500 metra braut.

Whippet hundar í hennar eigu og úr hennar ræktun hafa verið sigursælir á sýningum HRFÍ. Þekktust er Elding, C.I.B. ISCh ISW-06 Courtborne Keyzers Arwen, sem hefur prisvar sinnum orðið besti hundur sýningar og varð stigahæsti hundur ársins 2006.

Hvenær og hvernig vaknaði áhugi þinn á hundum og hundaræktun og af hverju heillast þú af þinni tegund?

Ég held ég hafi alltaf heillast af hundum, laðaðist að þeim í sveitinni sem krakki og þegar ég fluttist til Svíþjóðar sem barn magnaðist sá áhugi. Þar kynntist maður hundum sem sjálfsoðum hlut í lífi fólks og fjölbreytileikinn var svo mikill. Þetta var svo ólíkt því sem maður hafði kynnst heima þar sem hundarnir voru allir loðnir með hringað skott, eltu bíla og voru annað hvort mjög gæfir eða mjög grimmir og maður beðinn að koma ekki nálægt þeim. Fyrir vikið urðu hundar bara enn meira spennandi og óskin um eigin hund magnaðist með hverju ári sem við bjuggum úti. Það var svo þegar við fluttum heim aftur að óskin rættist og íslenski fjárhundurinn, Vígi, varð hluti af fjölskyldunni.

Þegar ég fluttist svo tímabundið út til Noregs árið 1996 með manningum mínum fengum við okkur hund, keyptum airedale terrier sem átti bara að vera heimilishundur. Ræktandinn, sem var slökkviliðsstjórinn í Stavanger, var mjög áhugasamur ræktandi og drifandi, líflegur maður sem ákvað að íslenska konan ætti nú að kynna öðru og meiru. Hann dreif mig því á sýningar og leyfði mér að prófa bæði welsh terrier og cairn terrier sem hann ræktaði einnig. Airedale-inn greindist reyndar ungur með mjög slæmt mjaðmalos og varð því miður ekki gamall. Ég fór því að athuga með aðra tegund, hafði alltaf heillast af mjóhundum og eftir airedale-inn hafði ég komist að því að feldhirða var alls ekki fyrir mig.



Gunnur Sif og Tylko Ty Planeta Venus.
Ljós. Snæfríður Björg Jónsdóttir.

Whippet er í góðri stærð, krefst engra feldhirðu og er hreinlegur. Auk þess er hann rólegur inni en kraftmikill hundur úti og er fjölhæfur. Það sem heillar mig alltaf mest er hin ljúfa skapgerð þeirra og stóri persónuleiki. Þegar ég var búin að komast að því að whippet væri líklegast mín tegund var Reidar slökkviliðsstjóri búinn að vekja áhuga minn á ræktun, þannig að þegar rétti ræktandinn fannst var lögð inn pöntun á sýningartík.

Hvernig varð ræktunarnafn þitt til?

Leifturs passar einstaklega vel fyrir whippet sem hlaupa á leifturshraða. Ég er mjög ánægð með nafnið og mér þykir vænt um að hvolpakaupendurnir mínir kalla sig „Leiftrara“ og eru í Leifturs-fjölskyldunni. Við höldum einnig árleg Leiftursmót þar sem „Leifturs hlaupagikkur“ er valinn.

Hverjir hafa haft mest áhrif á þig og aðstoðað þig mest í hundaræktuninni?

Það er án efa Berit Lena Grötterud hjá Siprex-ræktuninni í Noregi. Ég tel mig einstaklega heppna að hafa kynnst henni en hjá henni fékk ég minn fyrsta whippet, hana Skutlu. Berit Lena hefur allt það til að bera sem góður ræktandi á að hafa. Hún hefur mjög næmt auga og hefur alltaf ræktað gæðahunda, hún er einstaklega hógvær og gott að leita til hennar því hún hefur svör við öllum spurningum. Ég veit að hún felur ekkert fyrir fólki og segir hlutina eins og þeir eru. Þegar ég bið um álit á hundi er ég ekki að leita eftir eilífu hrósi heldur þarf ég að vita hvað má gera betur og hvað þarf að lagfæra. Ég ber mikla virðingu fyrir henni sem ræktanda og tel mig ríka að geta talið hana sem vinkonu mína. Siprex-línurnar eru ríkjandi hér en ég hef flutt inn fjóra hunda frá henni.

Annars hef ég verið mjög heppin hve mörgum góðum ræktendum ég hef kynnst sem hafa sýnt mér einstakt traust og sent mér góða hunda. Til dæmis verð ég þeim hjónum, Kristínu og Jörgen hjá Courtborne-ræktun, ávallt þakklát fyrir að senda mér hana „Eldingu“, C.I.B. ISCh ISW-06 Courtborne Keyzers Arwen.

Á hvað leggur þú mesta áherslu í ræktuninni?

Skapgerð og heilbrigði er eitthvað sem ávallt á að vera númer eitt hjá öllum, við komumst ekkert áfram ef við sleppum því. Ég legg mikla áherslu á góðan „front“, vel vinklaðan, með góða fyllingu og góðan brjóstkaða. Einnig hef ég einblínt meira á topplínuna eftir að hafa stundum lent í vandræðum með hana. Mér finnst líka skemmtilegt ef hundurinn getur sannað sig í sínu upphaflega hlutverki og ég hvet sem flesta að mæta í beituhlaup bæði hjá okkur og hjá Mjóhundadeildinni.

Hvaða einkenni hefur þér fundist erfiðast að rækta í tegundinni?

Það er án efa stærðin. Það er vandamál



Leifturs Snekkja og Leifturs Þota á fullu spani. Ljós. Snæfriður Björg Jónsdóttir.

alls staðar hvað whippet er farinn að stækka, maður verður því alltaf mjög glaður þegar maður fær góða hunda í rættri stærð.

Hvað hefur þú ræktað marga íslenska og alþjóðlega meistara?

Ég held að það séu fimm sem eru orðnir íslenskir meistara og einn alþjóðlegur, það eru svo þónokkrir sem eiga eftir að klára. Fólk er misjafnlega duglegt að mæta á sýningar. Af þeim sex hundum, sem ég hef flutt inn, eru fimm íslenskir meistara og þrjú alþjóðlegir meistara. Sú yngsta af innfluttu hundunum er komin með tvö meistarastig og eitt alþjóðlegt, 18 mánaða gömul.

Hvaða hundur eða hundar úr þinni ræktun finnast þér bera af öðrum?

Það er erfitt að segja en ISCh Leifturs Snerpa er mjög falleg tík sem átti eitt

mjög gott got hjá Álfadísar-ræktuninni áður en hún flutti út til Svíþjóðar. Þar hefur hún verið að gera það gott sem öldungur. Einnig er ég mjög stolt af honum Funa mínum, C.I.B. ISCh Leifturs Funa, þar sem mikið var haft fyrir að koma honum í heiminn en hann er úr sæðingu. Einnig get ég nefnt ISCh Leifturs Kviku (fjögur cacib) sem er mjög falleg tík og gaf af sér ótrúlega fallega hvolpa árið 2012 og verður spennandi að fylgjast áfram með þeim.

Hvaða hundur eða hundar hafa, að þínu áliti, haft mest áhrif á stofninn hér á Íslandi?

Þegar stofninn er svona lítill og tegundin ný hér á landi verða allir hundar mikilvægir á sinn hátt, passa þarf upp á hvernig þeir eru notaðir og með hverjum. En ég verð samt að minnast á hana Eldingu, C.I.B. ISCh ISW-06 Courtborne Keyzers Arwen,

en hún varð besti hundur sýningar þrisvar sinnum og stigahæsti hundur ársins 2006. Áhuginn á tegundinni vaknaði hjá mörgum á því að sjá hana auk þess sem hún er yndislegur heimilishundur.

Eftir hverju ferðu aðallega þegar þú ákveður að para saman hund og tík? Skipta ættirnar mestu máli, útlit hundanna, heilbrigði, geðslag eða ...?

Ég skoða ættartöflur, horfi á hundana og reyni að sjá fyrir mér útkomuna og hvernig þau geta bætt hvort annað upp. Ef hundurinn á hvolpa fyrir er gott að skoða þau afkvæmi. Heilbrigði og geðslag skipta einnig miklu máli og ef ég er að athuga með hund erlendis frá til að styrkja stofninn reyni ég að spyrjast fyrir um skapgerðina.

Hvernig velur þú hvolp til áframhaldandi ræktunar?

Með því að horfa á hvolpana leika sér. Ég fylgist vel með þeim og oftast er ég búin að velja við 5 vikna aldur þó ég tilkynni það ekki alveg strax. Auðvitað spilar persónuleikinn inn í líka því ef það er eitthvað sérstaklega heillandi við viðkomandi hvolp tek ég hann fram yfir annan sem er aðeins betri. Þetta er einstaklingur sem maður vill tengjast – alveg eins og maður velur sér vini eftir persónuleikanum.

Hefur þú lent í einhverjum leiðinlegum atburðum með got? Ef svo er, hvernig tókstu á við það?

Ég held það sé ekki hægt að vera í ræktun nema lenda í einhverju leiðinlegu og sorglegu. Verst var þegar ég flutti inn sæði og tíkin C.I.B. ISCh Siprex Maja var sædd. Eftir mikinn tilfinningalegan rússíbana



C.I.B. ISCh Leifturs Funi. Ljós. Snæfriður Björg Jónsdóttir.



Leifturs Læðingur, „Leifturs hlaupagikkur“ 2006-2008.

kom í ljós að það hafði tekist og hún átti von á einum hvolpi. Henni tókst svo ekki að fæða og þegar hún loksins var drifin í keisaraskurð var það of seint fyrir litlu tíkina sem hún bar. Það var mikið áfall. Við gáfumst reyndar ekki upp og reyndum aftur og fengum hann Funa okkar. Ég hef einnig fengið holgóma hvolp. Mér finnst einnig alltaf hrikalegt þegar eitthvað kemur fyrir hunda frá okkur, hvort sem það eru slyss eða sjúkdómar, maður finnur svo til með fólki.



Leifturs Skutla. Ljós. Snæfríður Björg Jónsdóttir.

Áttu einhver góð ráð til annarra ræktenda?

Það er þá helst þau ráð sem ég nota á sjálfa mig – vera duglegir að kynna sér tegundina, fara eins oft erlendis og mögulegt er og skoða hunda, þora að spyrja álits og vera gagnrýnir á sjálfa sig. Samvinna er einnig mikilvæg. Fólk hefur kannski ólíka sýn á hvernig þeirra tegundargerð er en velferð tegundarinnar eiga allir sameiginlega. Þannig eigum við að þora að hrósa hvert öðru ef við sjáum eitthvað sem okkur líkar og kyngja stoltinu. Gleymum svo ekki að þetta á að vera skemmtilegt! Verum dugleg að brosa en það er svo sem ekki vandamál hjá whippet-fólki, við erum frekar afslappað og glaðlynt fólk.

Hvernig hefur þér tekist að samræma hundahaldið daglegu lífi í þéttbýlinu?

Bara nokkuð vel, whippet er þægilegur heimilishundur og við búum á góðum stað í Hafnarfirði og eigum góða nágranna. Í þau sex ár sem við höfum búið hér hefur mér þótt gott að vera hundaeigandi í Hafnarfirði.

Finnst þér ríkja í þéttbýlinu skilningur og umburðarlyndi gagnvart þeim sem eiga nokkra hunda og þeim sem rækta hunda?

Umburðarlyndi er kannski bara eitthvað sem vantar svolítið í íslensku þjóðina. Við erum of dugleg að setja okkur í flokka; hundaeigendur, hommar, lesbíur, útlendingar, feministar, grænmetisætur... Við eigum auðvitað að koma eins fram við alla og allir eiga að hafa sama rétt, alveg sama hvort við eigum hund, kött, borðum kál eða kjöt.

Sem hundaeigandi liggur maður stöðugt undir grun um að vera sóði og af manni hljótist mikið ónæði. Ég held að hundaskítur fari jafn mikið í taugarnar á hundaeigendum og öðru fólki en vandamálið er ekki endilega hundaeigendur, heldur að við Íslendingar erum bara sóðar. Horfum bara kringum okkur á allt ruslið alls staðar og meira segja úti í fallegu náttúrunni okkar þar sem fólk finnst í lagi að fara með kerruhlass af drasli og sturta ofan í hraungjótur. En ef maður gengur fram á hundaskít er hægt að bölvla okkur en það sama er ekki hægt að segja um almennt rusl, þá getum við ekki bölvlað neinum sérstökum hópi. Með því að ala upp með okkur betri umgengni og tillitssemi þá munum við ná betri árangri í öllu og sambúð allra

mun verða ánægjulegri alveg sama hvert áhugamálið okkar er.

Ertu ánægð með þróun ræktunar á þinni tegund eða finnst þér að ræktendur mættu huga betur að einhverjum atriðum varðandi hana?

Ég held að hér hafi tekist mjög vel til, auðvitað má alltaf gera betur en miðað við allar hindranirnar, sem ræktendur á Íslandi verða fyrir, og hve lítill stofninn er þá er árangurinn mjög góður. Fólki er annt um hundana sína og tegundina í heild.

Áttu einhverjar óuppfylltar óskir um framtíð ræktunar þinnar eða tegundarinnar í heild?

Ég mun vonandi hafa óskir og drauma um ókomin ár, það er það sem gerir þetta svo skemmtilegt – að reyna að gera betur og ánægjan sem fylgir því að sjá hvað hver kynslóð verður sterkari en sú fyrri.

Er eitthvað sem þú myndir vilja hafa gert öðruvísi þegar þú lítur til baka? Hefur þú á einhvern hátt breyst frá því þú byrjaðir að rækta hunda?

Ég er lítið hrifin af eftirsjá, enda veit ég ekki hvað ég hefði getað gert öðruvísi með því sem ég hafði. Maður lærir líka alltaf af reynslunni en ef það er eitthvað sem ég verð að segja þá er það að ég vildi að ég hefði fengið mér whippet fyrr.

Að lokum, hvernig myndir þú vilja að fólk minnst þín sem hundaræktanda?

Að fólk hugsi með hlýju til hundanna sinna frá mér og að tegundin dafni áfram vel hér á landi. Auðvitað myndi það kítla egóíð líka aðeins ef seinna meir yrði sagt: „Í upphafi var Leifturs...“



ISCh Leifturs Kvika. Ljós. Snæfríður Björg Jónsdóttir.





TEGUNDARKYNNING

Enskur springer spaniel

Höfundur: Edda Janette Sigurðsson

Uppruni tegundarinnar

Enskur springer spaniel tilheyrir tegundahópi 8, hópi fælandi, sækjandi fuglahunda. Hann er upprunninn í Bretlandi, eins og nafnið bendir til, en spaniel-hundarnir komu upphaflega frá Spáni. Springerinn, eins og hann er oft kallaður, er talinn einn af elstu veiðihundunum. Hann var líklega ræktaður út frá gömlum water spaniel-tegundum og voru forfeður hans spaniel-hundar frá miðöldum. Enskur springer spaniel er talinn vera forfaðir allra spaniel-hunda nema clumber spaniel. Tegundin sem slík var viðurkennd af breska kennelklúbbnum árið 1902.

Um tegundina

Enskur springer spaniel var upphaflega ræktaður til að finna, fæla upp og sækja bráð fyrir veiðimenn, hvort sem var á láði eða legi.

Springerinn er einstaklega fjölhæfur hundur og góður félagi fyrir þann sem getur veitt honum það atlæti sem hann þarf. Hann þarf góðan aga og töluverða þolinmæði þegar hann er ungur. Ekki er verra ef eigandinn hefur smávegis kímnigáfu og tekur litla orkuboltann ekki allt of alvarlega því það er hægur vandi að skemma þessa hunda með hörkulegu uppeldi. Eigandinn þarf að vera sjálfum sér samkvæmur, það sem ekki má í dag er líka



Leikglaður enskur springer spaniel-hvolpur.

bannað á morgun.

Þetta eru orkumiklir hundar sem þurfa að fá að hlaupa frjálssir á hverjum degi til að líða vel. Þeir hafa líka afskaplega gaman af allri vinnu eins og hlutaleit, að sækja, sporleit og fleiru. Þeir eru vinsælir hjá lögreglu og tollgæslu sem sporahundar, fíkniefnaleitarhundar og

sprengjuleitarhundar með sitt einstaka þefskyn, mikla úthald og vinnugleði. Einnig eru þeir einstaklega námsfúsir og auðvelt er að kenna þeim.

Enskur springer spaniel erylendislegur fjölskylduhundur, barngóður og blíður enda ein af þremur vinsælustu hundategundunum í heimalandi sínu, Bretlandi. Það getur reynst erfitt fyrir hunda af þessari tegund að vera skildir eftir heima allan daginn. Þeir sækjast eftir nærveru við eigendur sína og ef þeir eru einir í ólangan tíma geta komið upp alls kyns vandamál.

Springerinn elskar alla vinnu og útiveru. Hann hentar því útivistarfólki mjög vel og allt sem eigandinn gerir fyrir hann skilar


sér margfalt til baka. Betri félagi er ekki hægt að hugsa sér ef þörfum hans er mætt.

Öflugur, kátur og vinnuglaður eru þau orð sem lýsa tegundinni best.

Útlit

Enskur springer spaniel hefur verið ræktaður í tvenns konar línunum, annars vegar vinnuhundalínunum, þar sem fyrst og fremst er horft á vinnueiginleika hundanna og hins vegar línunum þar sem leitast er við að uppfylla staðlað útlit, hreyfingar og ákveðið geðslag tegundarinnar, svokallaðan „standard“ eða ræktunarmarkmið.

Liturinn getur verið svartur og hvítur eða lifrarbrúnn og hvítur. Einnig geta þessir litir verið með ljósbrúnum lit við kjamma, augu og eyru eða svokölluðum „tan markings“. Dröfnur á fótum og höfði eru mjög algengar en þó hafa amerískir ræktendur leitast við að rækta þær í burtu.



SEU(u)Ch PLCh SEV-07 Wangan Kadenza (Lleyton). Eigandi Barecho kennel í Svipjóð.

Gott samræmi á að vera í byggingu tegundarinnar. Springerinn er sterklegur hundur, um það bil 50 cm á hæð á herðarkamb og rúm 20 kg á þyngd. Búkurinn á hvorki að vera of langur né of stuttur, rifjaboginn skal vera vel hvelfdur, brjóstkassinn djúpur og á hann að vera með sterka, beinagóða fætur með þéttum loppum. Höfuðkúpan á að vera meðallöng með mjúkum rúnuðum línunum, stoppið á að vera gott og trýnið skal vera jafn langt höfuðkúpunni. Eyrun eiga að vera lágt sett, í línu við augun og falla vel að höfðinu. Augun eiga að vera dökk, möndlulaga og blíðleg. Feldurinn skal vera sléttur með lengri hárum á eyrum, aftan á fótum, á hálsi og undir búknunum. Tegundin á að sýna glaðan og opinn karakter og er öll árársarhneigð eða feimni óæskileg.

langt höfuðkúpunni. Eyrun eiga að vera lágt sett, í línu við augun og falla vel að höfðinu. Augun eiga að vera dökk, möndlulaga og blíðleg. Feldurinn skal vera sléttur með lengri hárum á eyrum, aftan á fótum, á hálsi og undir búknunum. Tegundin á að sýna glaðan og opinn karakter og er öll árársarhneigð eða feimni óæskileg.

Umhirða

Feldinn á enskum springer spaniel þarf að burstu reglulega og klippa hár frá eyrnagöngum til að forðast eyrnabólgur. Gott er að snyrta fætur og klippa klær reglulega. Ef ætlunin er að sýna hundinn á hundasýningum þarf hann að fara í snyrtingu til hundasnyrtis, sem kann sitt fag, til að ná fram því besta í byggingu hundsins. Sumir kjósa að raka feldinn á hundunum alveg snöggan og er þá feldhirðan leikur einn. Þó verður að viðurkennast að fallega snyrtur springer er mun glæsilegri en niðurrakaður enda eru eyrun og fjaðrirnar talin til aðalsmerkja tegundarinnar.

Gæta þarf þess vel að halda eyrum þurrum og hreinum eins og hjá öllum þeim tegundum sem hafa lafandi eyru.

Enskur springer spaniel á Íslandi


Fyrir nokkrum árum var springerinn afar vinsæl tegund hér á landi en í dag eru örfáir hundar eftir og ekki fyrir séð að þeim fjölgi nema einhverjir áhugasamir flytji inn góð dýr til ræktunar. Hver ástæðan er veit ég ekki en vonandi á enskum springer spaniel eftir að fjölga um ókomna framtíð svo fleiri geti notið samvista við þessa góðu féлага.



Ensku springer spaniel-hundarnir, Lotta, Klaki og Lokkur í eigu Eddu Sigurðsson.



Spaniel-hundar áður fyrr. Mynd fengin að láni frá breska spanielklúbnum.



Forvitnin er aldrei langt undan.

Ófrjósemisaðgerðir á tíkum

Höfundur: Þórunn Inga Gísladóttir

Hvað er það sem fær hundaeigendur til að hugleiða það að leggja dýra og kannski áhættusama ófrjósemisaðgerð á tíkina sína? Ástæðurnar geta verið margvíslegar fyrir því að eigendur gæli við tilhugsunina um að láta taka tík úr sambandi. Sennilega láta margir eigendur stórra og kröftugra tíka hugann hvarfla að þessum möguleika á hápunkti lóðarís þegar tíkin þeirra reynir að strjúka í hvert skipti sem útidyrnar opnast og hver göngutúr er eins og reipitog við bjarndýr. Þetta er að sjálfsgöðu ýkt dæmi og mjög misjafnt hvernig tíkur verða á lóðaríi. Það fer auðvitað eftir einstaklingum og svo skiptir stærðin miklu máli.

En hverjir eru kostir og gallar slíkrar aðgerðar?


Helstu kostir

Helstu rök fyrir því að taka tík úr sambandi eru að þá eru lóðarí úr sögunni. Tíkur verða kynþroska sex til tólf mánaða gamlar. Á þeim tíma framleiðir líkaminn hormónið estrógen og æxlunarhringurinn fer af stað. Hringirnir eru oftast tveir á ári (fer eftir tegund og stærð). Tíminn, frá byrjun blæðinga til lok lóðarís, er um þrjár til fjórar vikur. Óróleiki getur gert vart við sig allt að tveimur til fjórum vikum fyrir blæðingar. Blæðingar standa í um það bil tíu daga. Síðan tekur við egglos-tímabilið. Þessa frjóu daga þarf að gæta tíkarinnar mjög vel, aldrei má líta af henni úti og ekki sleppa henni lausri þar sem aðrir hundar geta verið. Þetta er auðvitað mismunandi eftir einstaklingum en þó að tíkin sjálf strjúki ekki á þessu tímabili gerist það oft að rakkar komast inn í lokaða garða þar sem lóðatíkur eru. Strok er í sjálfu sér mjög áhættusamt. Mikil hættu er á að tík, sem æðir út á lóðaríi, verði fyrir bíl eða tynist í lengri tíma. Því fylgir mikill kostnaður að leysa út hund sem hefur verið fangaður af hundaeftirlitsmanni.

Slysagot

Mikill kostur er að losna við hættuna á slysagoti. Ekki er lengur hættu á að tíkin sleppi út og verði hvolpafull með hvaða rakka sem er. Það getur verið erfitt að koma slyshvolpum fyrir á heimili. Gotum fylgir mikill kostnaður og það þarf mikla natni og tíma í að hugsa um tíkina og hvolpana. Það er ekki síður kostnaðarsamt að eyða fóstrum ef tík verður hvolpafull fyrir slysi. Kostnaðurinn getur hlaupið á tugum þúsunda ef um stóra tík er að ræða.

Lóðaríinu fylgir líka streita hjá tíkinni. Hún merkir með því til að draga til sín rakka og sumar tíkur geta verið sérstaklega árásgjarnar gagnvart öðrum tíkum á þessu tímabili. Árásrhneigð af þessum toga getur því verið úr sögunni eftir ófrjósemisaðgerðina.



Á.Á.2013

Í sumum tilfellum getur ófrjósemisaðgerð minnkað árásrhneigð tíka gagnvart öðrum tíkum. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að allir geti leikið saman í sátt og samlyndi. Ljósmynd: Ágúst Ágústsson.

Gerviolétta

Annar streituvaldandi fylgisfiskur lóðarís er svokölluð gerviolétta. Gerviolétta, sem skapast af hormónaójafnvægi, getur farið af stað eftir að lóðaríi lýkur. Tík, sem verður gerviolétt, getur farið að framleiða mjólk, misst matarlyst og orðið skapmikil. Tíkur með

hvolpa geta ofverndað hvolpa sína og sýnt grimmd. Þetta á líka stundum við um tíkur sem í gerviolétu taka ástfóstri við tusku eða bangsa og vilja ekki leyfa neinum að koma nálægt. Þessar tíkur verja svo gervihvolpinn eins og um alvöru hvolp sé að ræða. Þetta ástand getur svo orðið verra með hverju skiptinu og skapað mikla streitu hjá tíkinni.

Krabbamein og legbólga

Eftir að tík hefur verið tekin úr sambandi er ekki lengur hættu á sjúkdómum eins og krabbameini eða sýkingum í eggjastokkum og legi. Legbólga er sýking í legi sem getur verið banvæn ef hún er ómeðhöndluð. Legbólga er algengari í eldri tókum. Að meðaltali fá 25% frjórra tíka legbólgu fyrir tíu ára aldur. Einkenni sýkingarinnar geta verið; svefnhöfði, þunglyndi, minnkandi matarlyst, þyngdartap, þorsti, útferð úr leggöngum, aukin þvaglát, niðurgangur, þaninn kviður, föl slímhúð í munnholi og bólgin augu.

Ef tík er tekin úr sambandi fyrir fyrsta lóðari (sem er umdeilanlegt) minnka líkurnar verulega á að hún fái krabbamein í júgurvef seinna á lífsleiðinni. Líkurnar á að tíkin fái þetta krabbamein aukast eftir því sem hún lóðar oftar. Meiri líkur eru á að hún þrói með sér þetta krabbamein ef hún fer í aðgerðina eftir tvö lóðatímabil. Líkurnar eru samt sem áður minni hjá þeim tókum sem eru teknar úr sambandi fyrir tveggja og hálfis árs aldur.

Helstu ókostir

Þótt ófrjósemisaðgerð geti vissulega haft jákvæð áhrif þá er hún ekki hættalaus. Ef aðgerðin er framkvæmd of snemma getur það valdið vandamálum í tengslum við liðbönd, liðamót og bein. Þetta á sérstaklega við um stórar tegundir.

Tík, sem tekin hefur verið úr sambandi, er hættara við þvagfærasykingu, getur þróað með sér vanvirkan skjaldkirtil eða, ef aðgerðin er gerð áður en hún er fullvaxin, orðið hávaxnari en ella. Matarlyst eykst stundum en hægt er að fyrirbyggja þyngdaraukningu með hollu mataræði og nægri hreyfingu. Þó svo að tík sé rólegri en áður þýðir það ekki að hún þurfi ekki góða og mikla hreyfingu daglega. Með því að koma í veg fyrir að líkaminn framleiði kynhormón breytast efnaskiptin.

Aðgerðin sjálf

Aðgerðin er framkvæmd þannig að annað hvort eru eggjastokkar fjarlægðir eða allt legið frá leghálsinum. Eigandi þarf að vera meðvitaður um að öllum aðgerðum fylgir áhætta. Helsti ókostur er hve stór aðgerðin er með meðfylgjandi áhættu sem fylgir svæfingu. Aftur á móti er áhættan sem fylgir svæfingu og aðgerð tiltölulega lítil miðað við áhættuna sem fylgir þeim sjúkdómum og sýkingum í legi sem komið er í veg fyrir. Ein aukaverkun aðgerðarinnar getur verið þvagleki seinna á ævinni. Þvaglekinn veldur að sjálfsögðu óþægindum en hann er hægt að meðhöndla með lyfjum og er ekki mjög algengur. Aðgerðina þarf að framkvæma um þremur mánuðum eftir lóðari. Stuttu fyrir lóðari eru æðarnar, sem liggja að eggjastokkum og legi, stærri og hefur það meiri áhættu í för með sér í aðgerðinni. Átta vikum eftir lóðari getur enn verið ójafnvægi á hormónastarfsemi sem getur valdið gerviolétu. Smáhundatíkur er hægt að taka úr sambandi eftir fyrsta lóðari en betra er að leyfa tókum af stærri tegundum að fara á lóðari tvisvar til þrisvar sinnum fyrir aðgerð. Vert er að taka fram að tíkin má ekki vera of þung fyrir aðgerð því ofþyngd getur haft slæmar afleiðingar í aðgerðinni sjálfri.

Kynhormónin

Prógesterón stjórnar tíðahringnum. Það hefur góð áhrif á ofnæmiskerfið og hefur bólguminnkandi áhrif. Prógesterón hefur áhrif á starfsemi skjaldkirtilsins og styrkleika beina. Það stuðlar að framleiðslu collagens prótíns og hefur áhrif á taugakerfið.



Hágæða
Bein
Sem hundurinn
elskar





Að gera tík ófrjóa hefur engin áhrif á vinnugetu hennar, leikþörf eða persónuleika. Ljós. Guðmundur Rafn Ásgeirsson.

Estrógen hefur mikil áhrif á andlegt og líkamlegt hreysti kvendýra. Það hefur áhrif á bein, heila, æðar og miðtaugakerfi en í beinum, æðum og í miðtaugakerfi eru sérstakir viðtakar (receptors) fyrir hormónið.

Testósteron er aðalkarlmónið en það er einnig að finna í eggjastokkum tíka.

Kynhormónin *estrógen*, *prógesterón* og *testósterón* gegna mikilvægu hlutverki í þroskaferli ungra hunda. Bæði tíkur og rakkar hafa öll þessi hormón. Það fer eftir kyni hundsins í hvaða magni þau eru. Þessi hormón hafa líka miklu hlutverki að gegna hvað varðar líðan hunda að öðru leyti og hafa áhrif á líkamlegan og félagslegan þroska. Ef tík er tekin of ung úr sambandi getur það haft áhrif á þroska hennar þar sem þessi hormón hafa ekki fengið að gegna sínu hlutverki í því ferli. Upp geta komið vandamál sem varða líkamlegan þroska og andlegan ef aðgerðin er framkvæmd of snemma. Einkenni geta verið skortur á athygli, erfiðleikar með einbeitingu og hvolpshegðun. Þetta á við þegar tíkur eru geldar fyrir kynþroskaaldurinn sem er ekki óalgengt í dag víða um heim. Þessi aðgerð er framkvæmd á hvolpum, allt niður í sex vikna gömlum, í Bandaríkjunum. Þetta er gert í sparnaðarskyni vegna þess að aðgerðin er ódýrari þegar dýrið er lítið og eins gera ræktendur þetta svo ekki sé hægt að rækta undan seldum hvolpum frá þeim. Þegar aðgerðin er framkvæmd of snemma og hormónin fá ekki að gegna sínu hlutverki geta afleiðingarnar verið snúnir fætur, grannt brjóst og þunn hausjúpa.

Áhrif á skapgerð

Getur aðgerðin verið lausn á hegðunarvandamálum?

Að gera tík ófrjóa hefur engin áhrif á vinnugetu hennar, leikþörf eða persónuleika. Aftur á móti breytist margt í atferli hennar sem tengist æxlunarhringnum eða lóðariinu.

Vert er að hafa í huga að ef tík hefur þróað með sér ýmsa ósiði á lóðarí, eins og að gelta að öðrum tíkum og sýna þeim árásarhneigð, má allt eins vera að þetta hegðunarmynstur haldi áfram þó svo að tíkin sé laus við lóðarið. Engin trygging er fyrir því að tík verði rólegri og meðfærilegri eftir aðgerðina.

Að taka tík úr sambandi róar hana nefnilega ekkert endilega niður. Það getur haft róandi áhrif á rakka að gelda þá en ekki endilega á tíkur. Ef árásarhneigð stafar af tortryggni eða hræðslu

hefur aðgerðin engin áhrif á hegðun tíkarinnar. Dæmi eru um að tíkur, sem hafa sýnt grimmd og árásarhneigð, hafi versnað við að vera teknar úr sambandi. Þetta getur orsakast af minnkun estrógens sem hefur róandi áhrif.

Algjör óþarf er að leggja í þessa aðgerð aðeins vegna hegðunarvandamála sem hægt er að taka á með réttu uppeldi. Gott er að fara með erfiða tík á framhaldsnámskeið í hlýðni eftir hvolpanámskeið og hafa þar í huga að hlýðni þarf að viðhalda alla ævi hunds og gera æfingar reglulega. Tík getur verið pirruð út af mörgu öðru, alls óviðkomandi tíðarhring hennar. Ástæðurnar geta verið margvíslegar; ef hún er mikið ein heima, er á vondu fæði eða fær ekki nægilega hreyfingu og andlega örvun. Það er því alls ekki lausnin að rjúka með tík í ófrjósemisaðgerð ef hún er hrædd, vansæl og erfið.

Þetta er því ákvörðun sem ber að taka að vel ígrunduðu máli. Ekki er hægt að bakka þegar allt er yfirstaðið.

Að lokum

Það er mikill misskilningur að halda að tíkur njóti þess að eignast hvolpa. Stundum tala hundaeigendur um að það þurfi nú að „leyfa“ tíkinni að eignast hvolpa einu sinni. Meðgangun og gotið sjálf hafa áhættu í för með sér og eru streituvaldandi fyrir tíkina. Henni er enginn greiði gerður með goti og hún lifir alveg jafn góðu lífi án þess að hafa gotið hvolpum. Ef ekki á að rækta undan tík er skiljanlegt að eigendur láti taka hana úr sambandi. Aftur á móti má segja að þegar maður ákveður að fá sér dýr tekur maður því eins og það er og tíkum fylgir lóðari og þannig hefur það alltaf verið. Tíkur fara ekki á breytingarskeið, þær fara á lóðari alla ævi. Fólk þarf að gera sér grein fyrir að það er mikil vinna og ábyrgð að fá sér hund og ef það getur alls ekki hugsað sér að standa í lóðarí með tík þá ætti rakki ef til vill frekar að verða fyrir valinu.

Þetta er að sjálfsgöðu ákvörðun sem miðast við hverja tík og hvern eiganda fyrir sig. Skoða þarf kosti og galla sem fylgja aðgerðinni. Öllu skiptir að ákvörðunin sé tekin með velferð tíkarinnar í huga og gott er að ráðfæra sig við dýralækni og hundabjálfa og meta hvert tilvik fyrir sig.

Heimildir:

<http://www.vethelpdirect.com/vetblog/2011/01/04/bitch-spay-operation-a-step-by-step-guide/>

<http://www.aspc.org/pet-care/virtual-pet-behaviorist/dog-behavior/how-will-spaying-change-my-dog>

http://www.doglistener.co.uk/neutering_definitive

<http://www.endellveterinarygroup.co.uk/pdfs/small/Quick%20Reference%20-%20Neutering%20Your%20Dog.pdf>



HEIMSÓKNAR- VINURINN STORMUR

Höfundur: Anja Björg Kristinsdóttir



Stormur með rauða klútinn sinn sem er „einkennisbúningur“ heimsóknarvina Rauða krossins.

Verkefnið „Heimsóknarvinir“ á vegum Rauða krossins hefur gengið mjög vel og eru fjölmargir sjálfbóðaliðar, tví- og ferfættir, sem leggja sitt af mörkum til verkefnisins. Hundar ásamt eigendum sínum fara í reglubundnar heimsóknir, til dæmis á stofnanir og heimili þar sem þeir heimsækja langveik börn, eldri borgara, fatlaða og fleiri. Verkefnið er þekkt víða um heim og eru dæmi um að hundarnir taki virkan þátt í þjálfun og endurhæfingu sjúklinga. Hundarnir eru af öllum stærðum og gerðum og hér kynnumst við einum þeirra, chihuahua-hundinum, Stormi, sem ásamt eiganda sínum, Ástu Maríu Karlsdóttur, heimsækir börnin í Rjóðrinu. Rjóðrið er skammtímavistun fyrir langveik börn.

Einstaklega ljúfur hundur

Stormur er átta og hálfis árs chihuahua frá Himna-ræktun. Hann er fyrsti hreinræktaði hundur Ástu Maríu og segist hún sérlega heppin með þennan frábæra hund. „Hann er meðalveg einstaklega ljúfa skapgerð en sá orðrómur hefur farið af chihuahua-hundunum að þeir séu geltandi smákvikindi. Stormur er frábært dæmi um kátan, sjálföruggan og blíðan hund sem nýtur þess að vera í kringum fólk, unga jafnt sem aldna.“

Stórkostleg reynsla og upplifun

Stormur og Ásta María hafa verið heimsóknarvinir hjá Rauða krossinum í fjölmörg ár og hafa lengst af heimsótt börnin í Rjóðrinu. Ásta María segir reynsluna afar dýrmæta. „Að sjá augu barnanna ljóma við það að hitta Storm er það yndislegasta sem til er. Stormur nýtur sín í botn og leyfir börnunum að gera allt við sig.“ Hún segir að þegar þau mæti fyrir utan Rjóðrið og klúturinn góði sé bundinn á Storm viti hann alveg hvað sé á dagskrá. „Hann má varla vera að því að bíða á meðan ég fer úr skónum svo mikið liggur honum á að komast inn í setustofuna að hitta börnin. Hann byrjar á því að heilsa upp á öll börnin og sýnir þeim alls kyns kúnstir og fær verðlaunabita að launum. Hann situr, liggur, snýr sér í hringi og stendur á tveimur.“ Ásta María segist vera fús til að svara öllum spurningum sem vakna hjá krökkunum um Storm og hunda almennt. Stormur fær svo að kúra í fangi þeirra sem það vilja og upp í rúmi hjá sumum barnanna þar sem hann fær knús og klapp. „Mér finnst stórkostlegt að fylgjast með honum. Það er alveg ótrúlegt hvernig þessi litli hundur getur glatt fleiri en bara mig og mína fjölskyldu. Það er svo sannarlega mjög gefandi að vera sjálfbóðaliði hjá Rauða krossinum.“

Lestrarvinur

Stormur hefur einnig sinnt skemmtilegu verkefni undanfarin tvö ár sem svokallaður „lestrarvinur“ hjá félagasamtökunum Vigdís (Vinir gæludýra á Íslandi). Hann hefur mætt vikulega í samlestur með nemendum úr Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi þar sem börnin lesa fyrir hann. „Mér er mjög minnisstætt atvik sem átti sér stað um daginn. Við Stormur vorum að mæta í fyrsta skipti til að hitta barnið sem átti að lesa fyrir hann. Stormur stóð og mændi á hurðina og beið spenntur eftir því sem koma skyldi. Inn gengur svo kennarinn ásamt barninu og Stormur hleypur beint til barnsins en virti ekki kennarann viðlits! Hann var að sjálfsgöðu kominn til að hitta barnið og vinna með því.“ Ásta segir að Stormur njóti þess að láta lesa fyrir sig og liggja afslappaður við hlið barnsins meðan það les fyrir hann. Hann hlustar af mikilli athygli en heimtar þó klór inn á milli. Þess má geta að umfjöllun um lestrarverkefni Vigdísar er í þessu blaði.

Að lokum segir Ásta María það einstakt tækifæri að fá að vinna með hundinum sínum á þennan hátt. „Þetta er ótrúlega gefandi og ég hvet alla til að kynna sér starfsemi Rauða krossins og Vigdísar og slást í hópinn með frábæru fólk og yndislegum hundum. Þetta hefur gefið mér svo margt, að fá að fylgjast með litlu sigrunum og brosi á andliti barns er allt sem ég þarf.“

Frá Unglingadeild

Nordic Winner 2013

Ungir sýnendur sem skipuðu landslið Íslands í Norðurlandakeppni ungra sýnenda á Nordic Winner 2013 voru; Theodóra Róbertsdóttir, Hilda Björk Friðriksdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Jóhanna Líf Halldórsdóttir. Þær voru stigahæstar í eldri flokki árið 2013.

Undirbúningur liðsins byrjaði um leið og nóvembersýningu HRFÍ lauk. Stúlkurnar æfðu vel í desember undir stjórn Auðar Sifjar Sigurgeirsdóttur og funduðu til að skipuleggja ferðina. Á sýningunni voru í merktum peysum sem Unglingadeild styrkti þær um. Á peysunum var merki félagsins, íslenski fáninn og áletrunin „Team Iceland“.

Þær héldu til Helsinki í Finnlandi 13. desember þar sem Nordic Winner var haldin að þessu sinni. Laugardaginn 14. desember var stóra stundin runnin upp. Stúlkurnar héldu á sýningarsvæðið til að hitta hundana sem finnska hundaræktarfélagið hafði útvegað þeim

og var öllum keppendum, 20 talsins, skipt niður í fjóra hópa. Í hverjum hópi var einn keppandi frá hverju landi. Öll Norðurlöndin voru skráð til leiks. Dómari keppinnar var Yiannis Vlachos frá Grikklandi. Fyrir keppnina valdi hver keppandi þrjár tegundir og reyndu skipuleggjendur keppinnar að verða við ósk hvers og eins. Theodóra sýndi flat-coated retriever og var í fyrsta hópnum, í öðrum hópnum var Jóhanna Líf með enskan springer spaniel, Erna Sigríður var í þriðja hópnum með tíbet spaniel og í



Theodóra, Erna, Hilda og Jóhanna á góðri stund í miðbæ Helsinki.

fjórða og síðasta hópnum var Hilda Björk með irish soft coated wheaten terrier.

Fyrst fór hvert land saman inn sem lið og gaf dómariinn liðinu stig sem giltu í liðakeppninni. Eftir að öll liðin höfðu verið dæmd sýndu þátttakendur í blönduðum hópnum. Eftir að dómariinn hafði dæmt alla hópana var hlé og seinna um daginn fóru öll liðin inn í stóra hringinn þar sem úrslit sýningarinnar fóru fram. Þar voru tilkynnt úrslit í liðakeppninni en Ísland varð því miður ekki í verðlaunasæti þetta árið. Öllum keppendum var svo stillt upp í röð fyrir einstaklingskeppnina þar sem dómariinn valdi svo tíu keppendur áfram í úrslit. Ísland átti þar tvo fulltrúa, þær Theodóru og Ernu. Erna gerði svo gott betur með því að hreppa 3. sætið í einstaklingskeppninni sem er frábær árangur! Stelpurnar vilja þakka þjálfaranum sínum, Auði Sif Sigurgeirsdóttur, fyrir alla hjálpinu á sýningunni og við undirbúning hennar.



Erna Sigríður Ómarsdóttir varð í 3. sæti í einstaklingskeppninni.



Íslenska landsliðið 2014 ásamt þjálfaranum, Auði Sif Sigurgeirsdóttur.



Theodóra og samoyed-rakkinn, Noask.



Theodóra með snögghærðu vorsteh-tíkina sem hún fékk í skiptum.

Crufts 2014

Crufts, stærsta hundasýning í heimi, var haldin 6.-9. mars í Birmingham á Englandi. Alþjóðleg keppni ungra sýnenda var laugardaginn 8. mars. Þetta árið var metskráning í keppnina en 46 keppendur frá jafn mörgum löndum voru skráðir til leiks. Dómari var Dr. Tamas Jakkel frá Ungverjalandi. Theodóra Róbertsdóttir, stigahæsti ungi sýnandinn í eldri flokki 2013, keppti fyrir Íslands hönd

Keppnin gengur þannig fyrir sig að fyrst koma allir keppendur inn í hringinn með þá hunda sem breski kennelklúbburinn útvegar þeim. Hver keppandi velur tvær tegundir fyrir keppnina sem skipuleggjendur leitast við að útvega, það er annað hvort fyrsta eða annað val. Theodóra sýndi samoyed-rakkann, Noask. Eftir að dómari hafði dæmt alla sýnendur fóru þeir út úr hringnum og komu inn með nýja hunda en Theodóra fékk snögghærða vorsteh-tík. Þarna reynir svo sannarlega á hæfni sýnenda til að tengjast ókunnugum hundum og sýna þá eins vel og mögulegt er. Theodóra stóð sig frábærlega og var valin í 10 keppenda úrslit. Við óskum henni innilega til hamingju með frábæran endi á ferli sínum sem ungur sýnandi.

HVATNING

TIL HUNDAEIGENDA

Höfundur: Heiðrún Villa

Margir lenda í því að vilja sjá breytingar hjá hundinum sínum. Á sumum heimilum hefur slæm hegðun byrjað sem saklaus viðbrögð við einhverju áreiti en undið upp á sig og eigendur eru komnir í hálfgerð þrot með hundinn sinn. Á öðrum stöðum er þolið gagnvart óhlýðni orðið ótrúlega mikið og fólk er farið að aðlagast stjórnleysinu og lifir í stressi og streitu daglega án þess að gera sér grein fyrir hvað áhrif það hefur, bæði á heimilisfólk og heimilishundinn. Sumstaðar gengur vel en einhver ein hegðun virðist sitja föst í hundinum og eigendur virðast ekki kunna lausn á og skapar það oft þirring við hundinn.

En hvað þarf að gerast til að breyting verði á? Hvernig getum við breytt einhverju hjá hundinum sem er orðið að slæmum vana?



Enginn kennir betur en hundurinn sjálfur og enginn staður né stund er betri til að læra en í líðandi stund.

Lausnin í því felst í að skoða okkar eigin slæmu vana.

Hugurinn stjórnast mikið af vana. Hegðunarmynstur verður til og oft festist það og verður vani. Stundum þarf nokkrar endurtekningar en stundum þarf bara eitt skipti til þess að vani þróast og festist.

Við mannfólkið könnumst flest við að vera með einhverja slæma vana, hvort sem þeir tengist einhverju sem er gert eða hugsað. Þessir slæmu vanar geta til dæmis verið eftirfarandi: Að eiga erfitt með að láta nammið á stofuborðinu í friði, vera neikvæður gagnvart peningum hver mánaðamót, láta eitthvað í fari einhversrar manneskju fara í taugarnar á sér, geta ekki farið á fætur án kaffibollans og svo mætti lengi telja. Þetta telst allt sem vani.

Það góða við vana er að honum er hægt að breyta - og líka hjá hundum. Hugur hunda stjórnast mikið af vana og eins og það er hægt að þróa með sér slæman vana þá er líka hægt að breyta honum og búa til góðan í staðinn.

Við þurfum sérstakan hugsunarhátt til þess að breyta vana, hvort sem það er hjá okkur eða hundinum. Þessi hugsunarháttur er mikilvægur áður en árangri er náð, sama hvaða leið er síðan farin í átt að árangrinum.

Það fyrsta er að taka fulla ábyrgð á sjálfum sér/hundinum sínum og hætta að kenna utanaðkomandi áreiti eða aðstæðum um hvernig stöðu þú/hundurinn þinn er kominn í. Þegar þú hefur áttað þig á þessu mikilvæga atriði til þess að koma þér/hundinum þínum lengra ertu að taka mikilvægt skref í átt að árangri.



Þegar afsakanirnar eru á undanhaldi og þú ferð að einbeita þér að verkefninu, hvort sem það er að fara í ræktina, borða hollari mat, bæta fjármálin eða breyta vana hjá hundinum þínum, þá ferðu að sjá árangur. Árangur og afsakanir eiga ekki leið saman.

Annar mikilvægur hugsunarháttur er að hræðast ekki mistök. Ekkert hamlar árangri meira en óttinn við að gera ekki nógu vel. Mikilvægt er því að átta sig á því að þetta er ferli sem þarf sinn tíma til að mótast og þú og hundurinn þinn eruð alltaf að læra. Lærdómurinn hættir aldrei og um leið og þú hefur fyrirgefið sjálfum þér mistökin og ákveðið að læra af þeim hefur hundurinn þinn þegar fyrirgefið þér.

Einnig er mjög mikilvægt að sjá fyrir sér hvernig hlutirnir eiga að verða áður en tekið er af skarið. Að hafa eitthvað plan, setja sér markmið. Í gegnum það ferli að breyta vana getur myndast mikið sjálfsöryggi, þegar maður upplifir aftur og aftur, hvort sem verið er að vinna með hund eða ekki, að verkefnið er fullt af litlum sigrum sem verða svo einn stór sigur. Þeir sem hafa upplifað þetta og eru farnir að venja sig á þennan hugsunarhátt vita hvað það er að vinna litla sigra og komast yfir hindranir sem í upphafi þóttu ómögulegar.

Hvort sem þú hefur trú á að þú getir eitthvað eða ekki – hefur þú rétt fyrir þér.

Að breyta vana er vinna. Það sem þarf er vilji, metnaður, agi og þrá til að halda áfram að þroskast og læra. Þessi vinna getur verið erfið til að byrja með en svo koma litlu sigrarnir og loks sá stóri, þegar góði vaninn er ekki lengur vinna, heldur hluti af lífinu.

Þegar þú ert með hund sem er með hegðunarvandamál byrjar árangur hundsins hjá þér. Þú þarft að gefa honum von með því að hafa von, þú þarft að gefa honum litla sigra vegna þess að þú hefur aga, metnað og vilja til að læra og vinna vinnuna og þú þarft að fara í gegnum ferlið með opnum huga vitandi að hindranir munu koma á leiðinni. Það er þitt að ákveða hvort hindranirnar séu yfirstíganlegar eða ekki. Hvað sem þú ákveður verður það þinn raunveruleiki.

Til þess að bæta smá kryddi ofan á formúluna þá sakar aldrei að æfa sig í að nota almenna skynsemi og láta egóið ekki ráða of miklu þegar verið er að þjálfva hundinn og komast yfir hegðunarvanda með honum. Egóið er okkar hugmyndir um okkur, samfélagið og hvað öðrum finnst. Það getur skemmt árangurinn okkar þegar við notum egóið fram yfir almenna skynsemi. Eiginleikinn til þess að meta aðstæðurnar eins og þær eru í raun og veru, á líðandi stund með hundinn sem kennara, hverfa oft ofan í egóið sem geymir oft okkar brengluðu hugmyndir um hvernig hlutirnir eiga að vera, samkvæmt ímynduðum raunveruleika eða áhrifum frá öðrum.

Enginn kennir betur en hundurinn sjálfur og enginn staður né stund er betri til að læra en í líðandi stund.



Verðlaunaðu
Hundinn



SNÆFRÍÐUR BJÖRG

Þegar mjóhundur fer af stað á eftir beitu halda honum engin bönd! Ljósmynd. Snæfríður Björg Jónsdóttir.

Beituhlaup á Íslandi

Höfundur: Kristín Þorvaldsdóttir

Hvað er beituhlaup?


Mjóhundar, hundarnir í tegundahópi 10, voru ræktaðir til að veiða. Með mismunandi hætti og bráð sem áherslur eiga þeir það þó allir sameiginlegt að vera með gríðarlega sterkt veiðieðli. Þeir þurfa þetta sterka veiðieðli þar sem þeir, ekki aðeins, elta uppi hlaupandi bráð heldur fella hana líka. Ólíkt sporahundum eins og beagle og fleirum sem geta sporað bráð lengi, ólíkt enska cockernum sem „flushar“ eða fælir upp bráð fyrir veiðimanninn til að skjóta og ólíkt labradorum sem biður þar til fugl er skotinn og sækir fyrir veiðimanninn, þá veiða mjóhundarnir alveg sjálfstætt. Þeir finna bráð, stundum með því að finna lykt af henni og stundum með því að sjá hana. En þegar þeir hafa eygt bráðina þá halda þeim engin bönd, engar skipanir og engin skynsemi. Fæturnir eru farnir af stað í þeirra víðfræga „double suspension

gallop“ áður en þeir hafa áttað sig á hvað þeir eru að elta.

Nú er bæði skortur á bráð fyrir mjóhunda hérlendis og ólöglegt vegna mannúðarástæðna að veiða með þá með upprunalegum hætti í flestum vestrænum löndum. Fyrir rúmlega 30 árum síðan var fundið upp eðlissport til að nýta þessa hraðskreiðu eiginleika mjóhundanna án þess að nota lifandi beitu. Úr varð sportið beituhlaup, sport þar sem hundar elta falska bráð, sem stýrt er með mótör.

Beituhlaupstæki eru nokkuð misjöfn en frekar einföld. Tækið er með 12-24v mótör og stóru tvinnakefli með um það bil 1,5 km löngum slitsterkum spotta en á enda spottans er sjálf beitan bundin. Beitan er oft plastpokaræmur, tuskudýr eða jafnvel ekta kanínuskinn. Brautin er

misjöfn í hvert skipti, fyrirfram ákveðin og ekki með of skörpum beygjum. Lagðar eru út trissur til að stjórna línunni í brautinni. Tækinu er svo stýrt með því að kveikja og slökkva á því, engar flóknar hraðastillingar eru á því.



Dæmi um braut

Brautin er lögð aftur og aftur fyrir hvert hlaup og er milli 500-1000 metrar í hvert sinn. Þegar beitan hefur verið þrædd meðfram trissunum er hundunum stillt upp fyrir framan. Svokallaður pilot keyrir beituna af stað, halar hana inn og þegar eigendur fá merki frá pilot sleppa þeir hundunum. Þegar hundar eru að læra að elta beituna hlaupa þeir einir en þegar þeir hafa áttað sig á skemmtuninni þá hlaupa þeir tveir og tveir saman. Stundum hlaupa þrír saman á æfingum en alltaf tveir í keppnum. Þegar hundarnir eru komnir fyrir framan startið eru þeir oft orðnir mjög spenntir og þegar beitan fer af stað er oft erfitt að halda þeim. Þegar þeim er svo sleppt hlaupa þeir af stað með svo miklum hraða og svo miklum ákafa að það er nær ólýsanlegt að útskýra á prenti. Þetta er ekki eitthvað sem maður kennir hundunum, það er engin þjálfunaraðferð eða lærdómur, þetta er hrein og bein eðlisvinna. Einstaka hundur þarf að kynna beitunni og prófa nokkrum sinnum áður en hann uppgötvar hvað þetta er skemmtilegt og einstaka hundur lærir á beituþlaupið og fer smám saman að svindla. Flestir hundar hlaupa af miklum ákafa og elska beituþlaupið.



Mjóhundum finnst fátt skemmtilegra en að hlaupa á eftir beitu. Allir hundar eru mýldir í keppni og hlaupa í vestum. Ljós. Brynjólfur Óskarsson.

Það er alltaf ákveðin slyshætta í svona hröðu sporti, besta forvörnin gegn því er að mæta með hund sem er í mjög góðu líkamlegu formi og fær oft og mikil lausahlaup. Þetta er ekki íþrótt þar sem maður mætir til að byggja upp þol eða hraða í hundum, þeir verða að hafa það áður en þeir mæta í braut. Hvert hlaup er hlaupið á hámarkshraða, það er ekki hægt að fá þá í rólegri gir á æfingum. Þetta atriði hvetur líka mjóhundaeigendur til þess að hittast reglulega og leyfa hundunum að hlaupa saman, það er besta þjálfunin fyrir beituþlaup.

Hvað er gott hlaup? -----

Fimm meginþættir skipta máli þegar hundur hleypur, í keppni eru öll atriðin jafn mikilvæg.

- A) **Hraði.** Þetta segir sig svolítið sjálft en það skiptir máli að þeir séu hraðskreiðir. Sumir hundar virðast hlaupa áreynslulaust en þegar maður er sjálfur að keyra brautina eða ef hann hleypur með hægum hundi sér maður að hann hleypur afskaplega hratt. Einn af hröðustu hundum landsins er án efa saluki-rakkinn, C.I.B. ISCh Chisobees Jared. Hann virðist hlaupa þetta nokkuð auðveldlega en hann blekkir, hann hleypur afskaplega hratt og það reynir alltaf á pilotinn að halda beitunni á undan honum.
- B) **Þol.** Það er ekki nóg að hlaupa hratt, það er líka mikilvægt að halda dampi og klára hlaupin á háum hraða. Flestir hundar klára fyrra hlaupið með glæsibrag, það er í lok seinna hlaupsins sem það kemur í ljós hvort hann sé í virkilega góðu formi. C.I.B. ISCh Gehela's Badieh Malikah er saluki-tík sem gæti hlaupið beituþlaup til Akureyrar - og tilbaka. Meðan greyhound er þekktur fyrir hraða og whippet fyrir snerpu þá er saluki-hundurinn þolmesta sprettegundin.
- C) **Hreyfanleiki** eða agility upp á enskuna. Þetta er hversu snarpur hundurinn er á mismunandi undirlagi, sérstaklega í beygjum og þá með tilliti til hraða. Hér skiptir líkamsbeiting- og stjórn miklu máli. Whippet-tíkin, Leifturs Hviða er smágerð en alveg svakalega snarpur beituþlaupshundur, þær eru lygilegar beygjurnar sem hún tekur á eftir beitunni.
- D) **Áhugi.** Hundur sem er ekki áhugasamur gefur ekki allt í hvert hlaup. Það er ekki óalgengt að sjá hunda væla fyrir hlaup og missa næstum stjórn á sér ef þeir sjá aðra hunda hlaupa á eftir beitunni. Þeim líður best í yfirdekkudu búi á milli æfinga. Aðrir sýna minni áhuga utan

brautar (enda er hún ekki dæmd) og gefa samt allt þegar röðin er komin að þeim. Áhugasamir hundar missa ekki sjónar á beitunni, leita að henni ef þeir missa hana og hætta ekki að hlaupa, alveg sama hvað á gengur í kringum þá eða hvað aðrir hundar eru að gera. Whippet-rakkinn, C.I.B. ISCh Siprex Dante missir ekki sjónar af beitunni, það er ekkert sem kemur milli hans og beitunnar.

- E) **Eftirfylgni.** Þetta atriði hangir saman við áhuga og er oft erfiðasta atriðið að dæma. Hundar fylgja beitunni ekki alltaf eftir bara með fótunum heldur vinna þeir oft saman og hlaupa sitthvoru megin við beituna til að reka hana í þær áttir sem þeir vilja. Þetta er sannasta atriði veiðanna, þegar mjóhundar veiða lifandi bráð elta þeir hana ekki í blindni heldur vinna hundarnir sem teymi og reka hana í þær áttir sem henta best til veiða. Veiði er samvinna, ekki samkeppni. Í beituþlaupi á maður að fylgjast með hvort hundur elti beituna með augunum þótt hann hlaupi ekki alltaf beint í kjölfarið á henni. Þetta er líka mismunandi eftir tegundum. Whippetar eru gjarnan nálægt hver öðrum í hlaupi og elta beituna beint meðan afghan-hundar fara oftast sitthvoru megin við hana og talsvert lengra frá. Allir hundar eiga þó að enda hlaupið á að fara að beitunni í lokin og reyna að „drepa“ hana. Þeir eru þó mýldir í keppni og geta ekki gert það en áhuginn er mjög mikilvægur. Afghan-tíkin, C.I.B. ISCh Enigma Dreams Final Fantasy fylgir beitunni alltaf með augunum, hún hleypur oftast öðru hvoru megin við hana eins og afghanar gera gjarnan í veiði enda eru þeir hópveiðihundar. Hún sýnir kænsku í eftirförinni og missir ekki af beitunni.

Ég gæti nefnt marga fleiri hunda enda eigum við orðið þónokkra hunda sem sýna frábæra takta í brautinni.



Á myndinni má sjá saluki-hundana, C.I.B. ISCh Chisobees Jared (fjær) og C.I.B. ISCh Gehela's Badieh Malikah (nær) sem þykja afar efnilegir beituhlaupshundar. Ljós. Brynjólfur Óskarsson.

Beituhlaup á Íslandi

Árið 2007 var Mjöhundadeild HRFÍ stofnuð og var undirrituð formaður deildarinnar fyrstu árin. Strax á stofnfundinum var mikið rætt um áhuga mjöhundaeigenda að kaupa beituhlaupstæki. Það kostaði nokkur hundruð þúsund og mjöhundaeigendur voru ansi fámennir á þessum tíma, þetta

var svolítið eins og fjarlægur draumur. En ef mann langar nægilega mikið, er allt hægt. Mjöhundaeigendur eru samheldinn og áhugasamur hópur og farið var í öflugt fjáröflunarstarf. Við hönnuðum ísskápsseгла, taupoka, peysur og dagatöl. Við höldum metnaðarfullar sýningaþjálfanir og söfnuðum ágóðanum

af þeim tveimur opnu sýningum sem deildin stóð fyrir. Á tveimur árum eða svo vorum við loksins búin að safna fyrir beituhlaupstæki, smíðuðu í Svíþjóð. Það tók nokkra mánuði til viðbótar að safna fyrir trissum. Allt í allt kostaði þetta um 300.000 krónur og þegar tækið kom til landsins voru til færri en 60 mjöhundar á Íslandi og töluvert færri eigendur. Mjöhundar eru „Pringles“-tegund...það er aldrei nóg að fá sér bara einn.



b.magg photo

Beituhlaup er ekki eitthvað sem maður kennir hundunum, það er engin þjálfunaraðferð eða lærdómur, þetta er hrein og bein eðlisvinna. Á myndinni má sjá hjartarhund á fullu spani! Ljós. Berglind Magnúsdóttir.



b.magg photo

Áhugasamir hundar missa ekki sjónar á beitunni, leita að henni ef þeir missa hana og hætta ekki að hlaupa, alveg sama hvað á gengur í kringum þá eða hvað aðrir hundar eru að gera. Ljós. Berglind Magnúsdóttir.

Árið 2009 hélt deildin sína fyrstu æfingu og hafa verið skipulagðar æfingar á hverju sumri síðan. Það er gaman að allar mjöhundategundirnar hafa prófað sportið. Whippetar, afghan-hundar, saluki, okkar eini hjartarhundur og svo úlfhundar. Auk þess hafa margar aðrar tegundir prófað og til eru efnilegir beituhlaupshundar af svo ólíkum tegundum, eins og papillon, border collie og púðluhundar. Sumar tegundir innan FCI eru farnar að skiptast niður í „sýningarhunda“ og „vinnuhunda“. Þá þróun má líka sjá í sumum mjöhundategundum erlendis þó langoftast innan greyhound og í kapphlaupssportinu. Hérlandis erum við mjög stolt af því að bestu beituhlaupshundarnir okkar eru oft líka hundar sem gera það gott á sýningum. Frægust er líklega C.I.B. ISCh ISW-06 Courtborne Keyzers Arwen sem þrisvar hefur verið valin besti hundur sýningar hér heima. Hún er nú orðin 9 ára gamall öldungur en gefur unglíngunum ekkert eftir í beituhlaupi, hvorki hvað varðar hraða né snerpu.

Æfingarnar hafa verið á misjöfnum stöðum. Þær eru alltaf haldnar á túni þar sem við komum að á einu horni með bíl til að tengja vélina við og helst þar sem við megum nota bíl til að þræða brautina því það er mjög seinlegt að þræða hana handvirkt. Það væri draumur að geta notað fjórhjól eða krossara til að þræða en kostnaðurinn er of mikill fyrir svona litla deild. Okkur hefur gengið ágætlega að notast við bílana.

Í dag eru um það bil 15 hundar tilbúnir í keppni og margir aðrir eru mjög efnilegir. Draumurinn er að geta haldið alvöru keppni með meistarastigum. Það er ekki á dagskrá í dag en er næsta skref. Við höfum ekki látið smæðina stoppa okkur hingað til og ætlum ekki að byrja á því núna! Ef þið hafið frekari áhuga er hægt að fylgjast með beituhlápum hérlendis á Facebook-síðunni, „Beituhlaup á Íslandi“. Þar er einnig stórt safn mynda frá æfingum, enda erum við mjög heppin með að áhugasamt hunda- og myndavéla fólk hefur sýnt íþróttinni áhuga. Enda ekki að undra, það er fátt tignalegra en mjóhundur á veiðum.



Í keppnum hlaupa hundarnir tveir og tveir saman. Hér má sjá saluki og afghan hound á „veiðum“. Ljós. Brynjólfur Óskarsson.



Hráefnið gerir gæðamuninn

BELCANDO®

Hágæða hráefni, hæft til manneidis
Ekkert soya, hveiti, gerviltar-, bragðefni.
Fæst einnig kornfrítt (grain free).

Fæst hjá dýralæknum um land allt, Dekurdýr, Dekurrófur Akranesi og Garðheimum



Nánar á facebook.com/belcandoisland

Lífsgæði

Hreinræktaðra hunda

Höfundur: Juha Kares

Þýðing og ljósmyndir: Guðrún Margrét Baldursdóttir

1) Mannleg snerting og ást. Hundar verða að vera í góðum tengslum við manneskju. Allir nútímahundar þarfnast mannsins og sumar tegundir þurfa meira á mannlegum samskiptum að halda en aðrar. Allir hundar ættu að fá þá athygli sem þeir þarfnast auk ástar og umhyggju þess sem um þá annast.

2) Gæðafóður og eftirlit með heilsufari. Allir hundar þarfnast góðrar og hollrar fæðu sem er sérstaklega ætluð þeim, í hvernig formi sem hún er. Þeir þurfa einnig eitthvað sem reynir á kjálka og tennur eins og bein og nagbein og verðlaun af einhverju tagi eru alltaf velkomin. Einnig þurfa allir hreinræktaðir hundar reglulegt eftirlit dýralæknis með reglulegum bólusetningum og ormahreinsun. Hundar fela sársauka mjög vel og það er á ábyrgð eiganda þeirra að fylgjast með því að þeir fái þá hjálp sem þeir þarfnast ef eitthvað amar að. Ef hundur á við óvenju mörg heilsufarsvandamál að etja deildu þá þeirri staðreynd af hreinskilni svo að hægt sé að taka það til skoðunar í áframhaldandi ræktun.

3) Hundar þurfa að leika sér. Öll dýr af hundakyni þarfnast leiks. Hvolpar elska að leika sér og leikurinn þroskar og eflir hvolpinn, bæði líkamlega og andlega. Það er afar mikilvægt að hver og einn hundur fái að uppfylla þörf sína fyrir leik. Flestir hundar njóta þess að leika við bæði aðra hunda og manneskjur.

4) Hundar elska útiveru. Hundar þarfnast þess að vera úti undir


beru lofti og það er mikilvægt fyrir lífsgæði þeirra. Hversu mikið þeir eru úti getur oltið á bæði veðurfari og tegund en allir þarfnast hundarnir þess að finna fyrir fersku lofti og gleðinni sem fylgir því að fá að hlaupa um frjálsir. Náttúran er besti staðurinn fyrir hundinn til að fá að snuðra um og leika sér og þetta uppfyllir grunnþörf hjá hundinum. Tegundir sem upprunnar eru á norðurslóðum og til fjalla hafa yfirleitt mesta þörf fyrir að vera undir beru lofti. Gætið þess að þessar tegundir fái að njóta þess á hverjum degi.



5) Hundar þurfa öryggi. Allir hundar ættu að fá að njóta lífsins í öruggu umhverfi. Með því er átt við að það sé ekkert sem ógni þeim svo þeir verði hræddir. Sérstaklega þar sem hundar búa í hundahúsum þarf að gæta þess að þeir hafi félagsskap en að það sé félagsskapur við hæfi. Ef hundar eru haldnir í of stórum hópum getur það valdið streitu og spennu innan hópsins. Daglegt líf hundsins ætti að vera afslappað og rólegt.

6) Hundar þurfa að fá að vera hundar. Hundar þurfa mikla hvíld og frelsi til að hreyfa sig. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hundur er ekki hlutur sem eigandinn getur farið með að vild. Ef hundur er sýningar- eða keppnishundur þarf hann að njóta þess og mikilvægt er að tíkur sem notaðar eru í ræktun njóti þess að vera með hvolpa. Hamingjusamur hundur er besti hundurinn hvort sem er í leik eða keppni og það er mikilvægt að hann fái að lifa sínu hundalífi. Ekki krefjast of mikils af hundinum þínum og engan hund ætti að ofnota í ræktun. Ekki gleyma að hundurinn þarf að fá að taka það rólega og „setjast í helgan stein“ þegar að árin færast yfir.

7) Hundar ganga í gegnum mismunandi æviskeið og það þarf að virða. Hreinræktaðir hvolpar fæðast vegna þess að ræktandinn óskaði þess. Hvolpar þurfa á öruggu og þægilegu umhverfi að halda til að þroskast hjá móður sinni. Seinna flyst hvolpurinn, glaður og fullur trausts, á annað heimili þar sem hann þarf að fá ást og umhyggju. Hvolpar þurfa að fá að vera hvolpar. Það þýðir nægan tíma til að taka út þroska án óparfa álags eða krafna sem ekki hæfa þroskastigi hvolpsins. Aðalverkefni hvolpsins er að leika sér og smám saman breytist hann í rólegri og þroskaðri einstakling. Seinna, þegar hundurinn eldist, þarf hann oft að fá að taka það rólega. Ungir hundar geta hagað sér illa og verið erfiðir gagnvart eldri hundum og það er okkar ábyrgð að veita öldungunum okkar tækifæri til að eiga gott og rólegt ævikvöld.



Hundar þarfnast útiveru. Náttúran er besti staðurinn fyrir hundinn til að fá að snúðra um og leika sér og þetta uppfyllir grunnþörf hjá hundinum.

8) Hundalífðætti að vera auðvelt og hamingjuríkt. Líf hreinræktaðs hunds ætti ekki að vera eitthvað öðruvísi en annarra hunda. Þeir þurfa ekki á meiri læknisþjónustu að halda og þeir ættu ekki að valda neinum vandamálum í umhverfi sínu með hegðun eða öðru. Ef meiriháttar heilsufarsvandamál eða hegðunarvandamál rísa ætti ekki að nota slíka hunda í ræktun.

9) Gættu þess að vera með rétta tegund í réttu umhverfi. Of margir hundar eyða ævi sinni í umhverfi sem hentar þeim alls ekki. Mikið af fólki fær sér ákveðna tegund eingöngu vegna sérstaks útlits en gættir ekki að því að það getur engan veginn uppfyllt þarfir þessarar ákveðnu tegundar. Mikilvægt er að gæta að þessu þegar valin er tegund. Sumum tegundum líður best í köldu loftslagi, sumar þurfa mikla hreyfingu o.s.frv. Það er ekki einungis útlitið sem skiptir máli.

10) Ef þú ert ekki sátt/ur við hundinn gerðu eitthvað í málinu. Ef eigandinn er ekki sáttur við

hundinn sinn eða hundinum líður ekki vel hjá eigandanum er mikilvægt að reyna að finna hundinum annað heimili. Mér finnst slæmt þegar ræktendur komast í uppnám yfir því að hundum er skilað aftur til þeirra vegna þess að eitthvað hefur komið upp á. Ef eigandinn vill ekki hafa hundinn er bara ein rétt lausn á málinu og hún er að reyna að finna heppilegt heimili fyrir hann. Einnig eiga sumir hundar erfitt með að vera í hóp og þá er mikilvægt að reyna að finna annað heimili þar sem hundurinn getur verið einn. Hversu mikið sem við ræktendur vöndum okkur við að finna hvolpunum okkar heimili verða alltaf tilfelli þar sem þarf að koma hundinum annars staðar fyrir. Það sem skiptir mestu máli er að hundinum líði vel þar sem hann er.

Lífsgæði hunda felast í því að borin sé virðing fyrir þeim og þeirra þörfum. Leyfum þeim að vera dýr og uppfylla sínar grunnþarfir í leik og starfi. Eins og manneskjur þarfnast hundar einnig ástar og umhyggju til þess að vera hamingjusamir og heilbrigðir.

Innskot þýðanda: Það kann einhverjum að þykja sérstakt að höfundur þessa pistils tekur fram að hann sé að fjalla um hreinræktaða hunda. Margir kynnu að spyrja hvort þetta eigi ekki við um alla hunda, hvort sem þeir eiga ættartölu eða ekki. Staðreyndin er sú að framleiðsla á hreinræktaðum hundum á „hvolpabúgörðum“ og öðrum óvönduðum stöðum er vandamál og blettur á þeirri starfsemi sem snýr að hreinræktun hunda. Á þessum stöðum húka hundarnir víða í búrum eða stíum, fá litla sem enga hreyfingu eða örvun og hvolparnir eru hvorki umhverfisvandir né örvaðir á nokkurn hátt áður en þeir eru seldir fyrir góðan skilding fólki sem ekki veit betur. Þetta tel ég að sé ástæðan fyrir því að Juha Kares talar sérstaklega um það sem allir hreinræktaðir hundar þarfnast til að eiga gott og innihaldsrikt líf sem mögulega felur einnig í sér að vera ræktunarhundar.



Nýju dómarnir sem útskrifuðust í febrúar: Viktoría Jensdóttir, Sóley Halla Möller og Sóley Ragna Ragnarsdóttir. Ljós. Ágúst Ágústsson.



Herdís Hallmarsdóttir útskrifaðist í apríl. Ljós. Friður Esther Pétursdóttir.

NÝIR SÝNINGA- DÓMARAR

Í febrúar síðastliðnum útskrifaði sýningadómaranefnd HRFÍ með hjálp danska hundaræktarfélagsins þrjá nýja dómara og einn til viðbótar bættist í hópinn í apríl.

Dómararnir eru eftirfarandi:

Sóley Halla Möller – með réttindi til að dæma íslenskan fjárhund, siberian husky, pomeranian, australian shepherd og shetland sheepdog.

Sóley Ragna Ragnarsdóttir – með réttindi til að dæma cavalier king charles spaniel, chihuahua (snögghærðan), chihuahua (síðhærðan), griffon belge, griffon bruxellois, japanese chin, pug og petit brabançon.

Viktoría Jensdóttir – með réttindi til að dæma labrador retriever, golden retriever, enskan cocker spaniel og amerískan cocker spaniel.

Herdís Hallmarsdóttir – með réttindi til að dæma labrador retriever, enskan cocker spaniel, golden retriever, íslenskan fjárhund og australian shepherd.

Í dag eru starfandi sjö íslenskir sýningadómarar. Þó nokkrir íslenskir dómaranemar eru langt komnir með námið og vonandi munu fleiri bætast í hópinn í náinni framtíð.



Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands verður haldinn í veislusalnum á annari hæð í reiðhöllinni Víðidal fimmtudaginn 15. maí kl. 20:00

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ
3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil
6. Lagabreytingar
Engar tillögur að lagabreytingum liggja fyrir
7. Kosning stjórnarmanna skv. 10.gr.
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara

Úr stjórn ganga:

Delia Howser	meðstjórnandi og gjaldkeri
Ólafur E. Jóhannsson	meðstjórnandi
Guðmundur A. Guðmundsson	varamaður

Í framboði í stjórnarkjöri:

Sóley Halla Möller	meðstjórnandi
Guðmundur A. Guðmundsson	meðstjórnandi
Ragnhildur Gísladóttir	varamaður

9. Kosning síðanefndar
10. Önnur mál

Það skal áréttað, samkvæmt lögum HRFÍ, að kosningarétt og kjörgengi hafa þeir sem greitt hafa félagsgjald sitt fyrir það ár sem aðalfundur er haldinn á, fimm virkum dögum fyrir aðalfund. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds 2014 voru sendir til félagsmanna í janúar.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands

Vinnuhundadeild HRFÍ


Í framhaldi af grein Vinnuhundadeildarinnar, sem birtist í ágúst 2013, langar okkur að taka saman þær breytingar sem verða á hlýðniþrófinu þegar komið er í hlýðni II.

Þess má geta að hundur þarf að ná 1. einkunn í hlýðni I áður en hann þreytir hlýðni II-próf.

Æfing 1 í hlýðni I, að skoða tennur, er ekki í hlýðni II.

Æfing 1 í hlýðni II er að liggja saman í hóp í 2 mínútur með stjórnanda úr augsýn. Stjórnendur stilla sér upp í röð með hundana í upphafsstöðu með 3 metra millibili. Hundunum er sagt að leggjast og stjórnendur ganga frá þeim í skjól, úr augsýn, og eru þar í 2 mínútur. Niðurtalningin byrjar um leið og stjórnendurnir eru komnir í skjól. Þegar tíminn er liðinn ganga stjórnendur um það bil tvö skref aftur fyrir hundinn en það er gert í öllum æfingum þar sem stjórnandi gengur að hundi í lok æfingar. Ekki er hægt að framkvæma æfinguna með færri hundum en þremur.

Æfing 2 í hlýðni II er hælginga án taums. Hún er framkvæmd á sama hátt og hælginga í taum í hlýðni I nema að hundurinn er taumlaus.



Ljós. Kristín Jóna Simonardóttir.

Æfing 3 í hlýðni II er að liggja á göngu. Æfingunni svipar til æfingarinnar „að liggja úr kyrrstöðu“ í hlýðni I en í staðinn fyrir að fá merki um að stoppa og láta hundinn leggjast er fyrirfram ákveðinn staður valinn þar sem hundinum er skipað að leggjast og stjórnandinn gengur svo frá honum en ekki eftir skipun eins og í hlýðni I.

Æfing 4 í hlýðni II er innkall úr sitjandi stöðu þar sem „standa-æfingunni“ er bætt við. Æfingin byrjar eins og í hlýðni I en eftir að stjórnandinn hefur snúið sér við og kallað á hundinn þarf hann að ná að stoppa hundinn, sem á að standa kyrr, áður en hann er kominn hálf leið að stjórnanda. Hundinum er svo skipað í upphafsstöðu.


Æfing 5 í hlýðni II er standa á göngu og er æfingin alveg eins og í hlýðni I.

Æfing 6 í hlýðni II er áframsending með „standa“. Í þessari æfingu er markmiðið að senda hundinn inn í afmarkað svæði, sem á að vera ferningur með þriggja metra hliðarlengd, þar sem hann fær skipun um að standa. Eftir merki frá dómara fer stjórnandinn og sækir hundinn á svæðið. Myndin sýnir dæmi um slíka æfingu.



Æfing 7 í hlýðni II er að sækja. Með hundinn kyrran í upphafsstöðu kastar stjórnandinn kefli, minnst 10 metra í burtu, og hundurinn er skipað að sækja keflið og skila því. Keflið er úr tré.

Æfing 8 í hlýðni II er hoppa yfir hindrun með „sitja“. Þessi æfing er töluvert breytt frá hopp-æfingunni í hlýðni I. Snúandi að hindruninni sendir stjórnandinn hundinn frá sér til að hoppa yfir hindrunina og þegar hundurinn er kominn yfir hindrunina skipar stjórnandinn honum að setjast. Eftir nýtt merki skipar stjórnandinn hundinum að hoppa til baka yfir hindrunina og koma í upphafsstöðu.



Ljós. Kristín Jóna Simonardóttir.

Æfing 9 í hlýðni II er fjarlægðarstjórnun. Hún er í meginatriðum eins og í hlýðni I en fjarlægðin er meiri eða 5 metrar. Í staðinn fyrir að skipta þrisvar um stöðu er það gert fjórum sinnum.

Æfing 10 í hlýðni II, sem líka er seinasta æfingin, er heildarmat dómara sem er eins og í hlýðni I nema með minna vægi.

Stigahæstu hundar ársins 2013

Brons

Dags. prófs	Tegund	Hundur	ttbkar-númer	Stig	Merki	Dæmari
30.5.13	Íslenskur fjárh.	Ístjarnar Tindur	IS16863/12	171.5	Já	Monika Karlsdóttir
28.9.13	Labrador retriever	Hrísnes Kara	IS15290/10	169.5	Já	Sigríður Bílddal
28.9.13	Dvergschnauzer	Gillegaard Let's Dance	IS18781/13	164.0	Já	Sigríður Bílddal

Hlýðni I

Dags. prófs	Tegund	Hundur	ttbkar-númer	Stig	Einkunn	Dæmari
9.11.13	Íslenskur fjárh.	Stefsstells Pía Bella	IS14240/10	186.0	1	Björn Ólafsson
20.6.13	Dvergschnauzer	Svarthöfða Angus Young	IS15417/10	184.0	1	Monika Karlsdóttir
9.11.13	Labrador retriever	Sóltúns Artemis Rós	IS15156/10	180.5	1	Björn Ólafsson

Spor I

Dags. prófs	Tegund	Hundur	ttbkar-númer	Stig	Dæmari
24.8.13	Íslenskur fjárh.	Arnarstaða Þór Þrumugnýr	IS15771/11	100	Albert Steingrímsson
7.7.13	Risaschnauzer	Mir-Jan's Campari	IS15214/10	70	Karl Otto Ojala

Spor III

Dags. prófs	Tegund	Hundur	ttbkar-númer	Stig	Dæmari
24.8.13	Schäfer	Kolgrímu Blaze Hólm	IS11690/08	96	Albert Steingrímsson

Dagskrá prófa árið 2014

Dagsetning	Dagur	Staður	Vinnuþráf	Dæmari
5. apríl 2014	Laugardagur	Rvk.	Brons, Hlýðni I & II	Line Sandstedt
22. maí 2014	Fimmtudagur	Rvk.	Brons, Hlýðni I & II	Þórhildur Bjartmarz
14. ágúst 2014	Fimmtudagur	Rvk.	Brons, Hlýðni I & II	Björn Ólafsson
27. september 2014	Laugardagur	Akureyri	Brons, Hlýðni I & II	Albert Steingrímsson
28. september 2014	Sunnudagur	Akureyri	Brons, Hlýðni I & II	Albert Steingrímsson
4. október 2014	Laugardagur	Rvk.	Brons, Hlýðni I & II	Albert Steingrímsson
14. nóvember 2014	Föstudagur	Rvk.	Brons, Hlýðni I & II	Monika Karlsdóttir
Lok maí		Rvk.	Spor I, II & III	Albert Steingrímsson
Lok júní		Rvk.	Spor I, II & III	Albert Steingrímsson
Lok ágúst		Rvk.	Spor I, II & III	Albert Steingrímsson
Lok sept		Rvk.	Spor I, II & III	Albert Steingrímsson



NICELLI
VINI

TRAINER
Dog & Cat Wellness

-EL

Sjóhundurinn **snýr aftur**

Höfundur: Matt Cowen

Þýðing: Guðrún Margrét Baldursdóttir

Þeir þrömmuðu yfir ókortlagða Norður-Ameríku og skokkuðu við hlið forseta Bandaríkjanna en hið sanna hlutverk nýfundnalandshundsins er að bjarga mannlífum til sjós. Á Ítalíu hefur einstök björgunarsveit tekið þessa stóru bangsa í sína þjónustu og leyfir þeim að sinna sínu upphaflega hlutverki.

Hann passar svo sannarlega vel í hlutverk lífvarðarins; 70 kg af vel þjálfaðum vöðvum, þykkt og glansandi svart hár og dökk angurvær augu. Það myndu sjálfsgagt fáir sóldýrkendur á ströndinni slá hendinni á móti því að þessi ungi lífvörður þeyttist út í brimið til að draga þá upp úr Miðjarðarhafinu. - Að því tilskildu að þeir væru ekki hræddir við hunda...

Black er hluti af „Ítölsku sjóbjörgunarhundunum“, sem er einstök björgunarsveit er starfar meðfram allri strandlengju Ítalíu, sem telur litla 7600 km. Og því líkur myndarhundur; 10 ára nýfundnalandshundur með djúpt gelt og þykkann feld sem þonar í krulluðum dreadlokkum þegar hann snýr aftur úr brimgarðinum. Augu hans líta aldrei af húsbónda hans, hinum ítalska Massimo. Þegar Massimo stekkur úr þylru, um 5 metrum yfir sjónum, er vandamálið ekki að fá Black til að stökkva heldur að vera kyrran í þylrunni. Nýfundnalandshundar eru tákmerki Ítölsku sjóbjörgunarhundasveitarinnar og ástæðan fyrir því að sveitin er yfirleitt starfandi. Það var maður að nafni Feruccio Pilenga, sem var harðákveðinn í því að hundarnir hans skyldu fá útrás fyrir gífurlega vatns- og

sundþörf, og hætti ekki fyrr en ítalska strandgæslan samþykkti að prófa nýfundnalandshundana hans Feruccios til sjós. Staðan, 20 árum síðar, er einstök



samvinna opinberra björgunarsveita og hundaeigenda í sjálfböðastarfi.

Það eru ekki eingöngu nýfundnalandshundarnir sem eru í þjónustu Strandgæslunnar þótt þeir hafi verið upphafið að þessu öllu. Það eru fleiri „vatnselskandi“ tegundir sem í dag skipa sveitina, til dæmis labrador að nafni Blondy og russian black terrier sem heitir Giovanna. Ætlunin er að taka þátt í æfingu, sem felur í sér að hundarnir stökkva úr hraðbátum og skipum á ferð til þess að „bjarga“ sundmönnum í „neyð“, sem eru í raun sjálfböðaliðar á sundi. Hundarnir og þjálfarar þeirra stökkva einnig úr þylrum þegar þess gerist þörf við björgun á fólki úr sjó.

Daginn sem ég fékk að fylgja með voru aðstæður reyndar ótrúlega góðar þrátt fyrir að fellibylur hefði farið yfir Genúa skömmu áður og Miðjarðarhafið var óðum að taka á sig túrkislitan bláma eftir óveðrið. Sjálfböðaliði svamlaði í sjónum og beið eftir björgun; veifandi með handleggjunum eins og maður í neyð. Gúmmibátur strandgæslunnar var sjósettur með Giovönnu, Blondy og eigendur þeirra innanborðs og báturinn hafði vart numið staðar þegar allir stukku útbyrðis. Giovanna hleypur í lausu lofti eins og teiknimyndahundur áður en hún snertir hafflötinn en þegar allir eru komnir út í taka þjálfararnir í beislisbúnaðinn á hundunum og „fá far“ með þeim í átt að hinum drukknandi manni. Þetta er aðalhlutverk sjóbjörgunarhundanna; að



virka eins og utanborðsmótor fyrir björgunarmanninn svo að hann freytist síður og eigi auðveldara með að athafna sig. Þegar Giovanna kemur að sundmanninum fær þjálfarinn hann til að grípa í beislið á hundinum og eftir smástund er Blondy komin að hinni hlið hans. Saman draga hundarnir síðan þjálfarana og sundmanninn að björgunarbátinum.

Afar mikilvægt er að sá sem bjarga á verði ekki hræddur þegar hann sér stóran hund koma syndandi að sér og þar verður þjálfarinn að ná að róa viðkomandi ef til þess kemur. Reyndar hefur ekki öllum tegundum, sem ræktaðar hafa verið til björgunar úr sjó, verið jafn vel treystandi og þeim sem notaðar eru í þetta verkefni í dag. Russian black terrier hundarnir voru upphaflega ræktaðir af Rauða hernum sem „sovéskir nýfundnalandshundar“ eða sjóbjörgunarhundar fyrir sjóherinn. Sem dæmi um að stalinísk nákvæmni í hundarækt gengur ekki alltaf upp var eldra afbrigði þessarar ræktunar hersins, moskow water dog, sem þróaði með sér þann óheppilega eiginleika að bíta kafarana sem hann átti að bjarga. Sú

tilraun, að blanda nýfundnalandshundinum við árásargjarna kákasíska fjárhunda, spilaði kannski eitthvað inn í þessa slæmu útkomu.

Til allrar hamingju heppnaðist russian black terrierinn betur hjá Rauða hernum. Giovanna er af þeirri tegund, eins og áður sagði, en á bak við þá eru, auk nýfundnalandshundsins, bedlington terrier, risa schnauzer og fleiri tegundir.

Talandi um nýfundnalandshunda; hvað er að fréttu af Black á þessari æfingu? Hann hefur beðið ásamt þjálfara sínum á strandgæsluskipinu á meðan hinir hundarnir fóru í sjóinn og „björguðu“ manninum. Hann sýndi ekki mikla þolinmæði á meðan á þessu stóð og geltið í „newfie“ sem telur gengið á rétt sinn til að bjarga drukknandi manni, er ekki auðvelt að leiða hjá sér. Það mætti gera sér í hugarlund að hann sé að hvetja hina áfram en svo er svo sannarlega ekki, hann gæti verið að segja: „Komið ykkur frá svo að ég geti sýnt ykkur hvernig á að gera þetta!“

Sundmaðurinn tekur sér aftur stöðu sem maður í neyð og Massimo, þjálfari Black, stekkur frá borði. Einn af mönnum strandgæslunnar heldur hundinum með

erfiðismunum og um leið og hann sleppir flýgur þetta „bjarndýr“ í sjóinn. Gusurnar ganga í allar áttir og þegar útsýni næst aftur er Black skyndilega kominn 20 metra frá og syndir áfram eins og hraðskreiður bátur. Hann er ótrúlega fljótur, knúinn áfram af hrömmum með sundfit á milli tánna og sundstíllinn er einhvers staðar mitt á milli hundasunds og bringusunds. Það er ekki það að aðrar hundategundir geti ekki synt, þessi býr bara til sitt eigið kjölsog, svo mikill er krafturinn. Þetta er eins og að taka sér far með vinalegum höfrungi. Staðreyndin er sú að til dæmis labrador í góðu formi getur dregið fjórar manneskjur en nýfundnalandshundurinn getur dregið fjórtán!

Hin sérstaka staða björgunarhundanna færir þeim ákveðin forréttindi. Ef maður flýgur innanlands á Ítalíu gæti maður átt von á að deila sætaröð með stórum og vinalegum hundi. „Hvers vegna er þetta stóra dýr ekki geymt á tryggum stað í farangursrými?“ kynni maður að spyrja. Svarið liggur í því að Hundabjörgunarsveitin skoraði á ítölsk flugmálayfirvöld að leyfa hundunum að ferðast á „mannafarrými“ ef þeir gætu sýnt fram á að ef flugvélin myndi lenda í sjó myndu þessir hundar safna saman fleira fólki og vera fljótari að því en flugliðar svamlandi um í sjónum. Það þarf



ekki að koma

á óvart að þeir sönnuðu mál sitt og síðan fara hundarnir ekki í farangursrýmið.

Black er að fást við nákvæmlega það sem hann var skapaður til að gera og nýfundnalandshundarnir eiga vinninginn þegar kemur að fjölda mannlífa bjargað úr sjó. Frægasta björgun nýfundnalandshunds var árið 1828 þegar hundur að nafni Hairy Man synti með björgunarlínu í gegnum stórsjó á strandstað út í bandaríska skipið Dispatch. Hægt var að setja upp línu á milli skips og lands og bjarga skipbrotsmönnum. Hjartnæm er einnig sagan af nýfundnalandshundinum sem synti um í sjónum á milli björgunarbáta Titanic í þrjár klukkustundir eftir að skipið sökk og geltið í honum hjálpaði til við að beina skipinu Carpathia í átt að þeim sem höfðu lifað af. Húsbóndi hundsins, William Murdoch, fyrsti stýrimaður, sökk með skipinu.

Spyrji maður leikmann fyrir hvaða hlutverk labrador var ræktaður eru 50% líkur á að svarið verði „leiðsöguhundur“. Hefði 19. aldar Englendingur verið spurður sömu spurningar um nýfundnalandshundinn hefði svarið líklega orðið „barnapössun“! Það er ekki tilviljun að hundurinn Nana, sem passar Darling börnin í Pétri Pan, er „newfie“. Á ritunartíma sögunnar var tegundin mjög vinsæl á heimilum betri

borgara

á Englandi. Þetta var vinsælasta hundategundin og stöðutákn í leiðinni.

Staðreyndin er sú að þessir frábæru heimilishundar og þolinmóðu hjálparhundar eru komnir langt frá því hlutverki sem þeir voru ræktaðir fyrir. Labradorinn ætti í raun að vera þekktur sem nýfundnaland retriever, það að hann skuli vera kenndur við Labrador er afleiðing þess að innflytjandi tegundarinnar til Englands, jarlinn af Malmesbury, ruglaði saman kanadíska landsvæðunum. Forfeður nýfundnalandshundsins og labradorsins komu til Norður-Ameríku á 16. öld með portúgölskum fiskimönnum sem smátt og smátt byrjuðu að velja hundunum mismunandi hlutverk. Minni hundarnir sóttu fugla í ísköld lónin en stærri hundarnir hjálpuðu til við að draga net og humargildir, reipi á milli báta og þegar þörf var á bjarga mönnum úr sjónum.

Þetta er sígilt dæmi um það hvernig hlutverk tegundar breytist þegar við förum að horfa til annarra eiginleika sem ekki virtust eins mikilvægir fyrir hundana í upphafi. Oft verður líf hundsins og það hlutverk sem hann gegnir innihaldsríkara en ella en ýmsir eiginleikar geta einnig tapast. Það er ekki spurning að

nýfundnalandshundar

eru frábærir með börnum; sterkir, með yndislega skapgerð, mjúkir og hlýir og með mikla þolinmæði gagnvart knúsi, og að labradorinn er ótrúlega hæfileikaríkur sem hjálparhundur. Þrátt fyrir þetta missa bæði hundur og eigandi af miklu ef það hlutverk sem tegundin var ræktað fyrir er algerlega vanrækt. Þegar horft er á Black og hans loðnu félaga á fullri ferð í sjónum fær maður tilfinninguna fyrir því hverju maður gæti verið að missa af. Einn af björgunarmönnum útskýrir að tengslin á milli manns og hunds breytist. „Þau verða miklu, miklu sterkari. Það er sama hvert eigandinn fer, hundurinn fylgir honum þótt hann sé að stökkva út úr þyrlu. Daglegt líf verður mjög rólegt og afslappað vegna þess gífurlega trausts sem ríkir á milli okkar. Þetta er einstök tilfinning að upplifa með hundinum sínum.“

Greinin birtist í „The Crafts Magazine“.

KOLBRÚN ARNA SIGURÐARDÓTTIR

DÝRAHJÚKRUNAR- FRÆÐINGUR

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir



Kolbrún Arna Sigurðardóttir starfar sem dýrahjúkrunarfræðingur á Dýraspítalanum í Garðabæ. Sem barn var hún hálfsmelik við dýr en smám saman breyttist það og í dag eru dýrin stór hluti af hennar lífi. Eflaust hafa margir aðrir dýravinir mikinn áhuga á starfi dýrahjúkrunarfræðings, sem er einkar fjölbreytt og skemmtilegt, en á sama tíma erfitt, bæði líkamlega og andlega.

Sámi lék forvitni á að vita meira um Kolbrúnu Örnu, hvað felst í starfi dýrahjúkrunarfræðings og hvernig námi í dýrahjúkrun er háttað.

Hvenær kviknaði áhuginn á hundum og öðrum dýrum hjá þér?

Ég veit ekki alveg hvenær eða hvernig þessi áhugi kviknaði. Þegar ég ólst upp var ég mjög takmarkað í kringum dýr og var eiginlega hálfsmelik við hunda sem krakki. Ég var þó mikið í sveit innan um hesta og kýr en fann alltaf fyrir örlitlum ótta gagnvart þessum stóru skepnum. Ég var ögn ofvirk sem barn og frekar djörf og var því dugleg að koma mér í aðstæður sem ögruðu ótta mínum. Ég hlustaði takmarkað á fullorðna fólkið sem líklega hefur reynt að setja mér einhverjar hömlur í umgengni við dýr. Ég man eftir mér þegar ég var 5 ára gömul og búin að hlamma mér ofan í kassann hennar Týru gömlu sem var border collie. Ég man að ég leit upp á Týru, alsæl með að heimsækja hana í bælið hennar, en tíkin sat með eyrun aftur og beraði tanngarðinn framan í mig. Mér brá óneitanlega mikið og var fljót að forða mér upp úr kassanum. Þótt ég skildi ekki alveg hvað hafði gerst þá bar ég samt mikla virðingu fyrir friðhelgi Týru eftir þetta, kassinn var höllin hennar.


Annað atvik sem ég man eftir og hefur mótað mig mikið var þegar ég var í fjósinu með frænda mínum sem var einu ári eldri en ég. Hann gekk um og heilsaði kálfunum og stóru nautunum alveg óhræddur. Ég dáðist að honum og langaði til þess að verða jafn huguð og hann. Ég manaði mig því upp í að klappa stóru nauti en þegar það baulaði hrökk ég í kút. Frændi minn hló og útskýrði

fyrir mér að ég þyrfti ekki að vera smeik, hann hefði bara verið að heilsa mér og bauð mér að koma og klappa kálfunum. Svo stóðum við saman við stúrnar og hann útskýrði fyrir mér að öll dýr hefðu sitt tungumál sem gæti birst í hljóðum og hreyfingum og þau skynjuðu hvernig mér liði. Ef ég væri róleg þá væru þau það líka. Upp frá því fór ég að spá meira í dýr og þeirra atferli og því meira sem ég horfði á þau því betur skildi ég þau og þar með hvarf hræðslan. Það var svo eftir að ég flutti að heiman að ég eignaðist minn fyrsta hund.

Hvenær ákvaðstu að verða dýrahjúkrunarfræðingur og hver var aðdragandinn að því?

Ég var nýflutt heim frá Danmörku og hafði eignast tvo hunda. Ég vissi ekki alveg hvað mig langaði að læra en var mjög spennt fyrir sjúkrapjálfanum. Hins vegar heillaðist ég svo mikið af hundahaldinu að mig langaði til þess að vita meira og vinna við eitthvað tengt dýrum. Ég fór að skoða möguleika á námi erlendis og datt inn á dýrahjúkrunarfræði. Ég hafði aldrei heyrt um slíkt en fannst það engu að síður spennandi og því meira sem ég las, því sannfærðari varð ég um að þarna yrði ég á réttri hillu.

Til þess að komast inn í skólann þurfti ég að hafa starfssamning hjá viðurkenndum dýraspítala en þegar þarna var komið við sögu hafði slíkt ekki verið gert áður á Íslandi svo það lá beinast við að ég flytti aftur út til Danmerkur og myndi mér samningspláss þar. Þá frétti ég af nýjum dýraspítala í Grafarholtinu sem var með góða aðstöðu. Ég sótti því um starf hjá Dýralæknamiðstöðinni í Grafarholti með það að sjónarmiði að læra dýrahjúkrun. Stelpurnar í Grafarholti tóku vel í það og svo fór boltinn að rúlla. Ég komst inn í skólann og var á starfssamningi í Grafarholti fyrsta eina og hálfra árið. Þar átti ég virkilega góðan tíma og þær kenndu mér ótalmargt sem ég er svo innilega þakklát fyrir. Í skólanum kviknaði áhugi minn á því að flytja aftur til Danmerkur og upplifa starfið á stærri vettvangi þar sem er rík hefð fyrir stéttinni. Ég fékk nýjan starfssamning við dýraspítala á Jótlandi og flutti til Kolding sumarið 2010.



Sjúkrapjálfun er hluti dýrahjúkrunarstarfsins. Þessi litli hundur lamadist á afturfótum vegna brjóskloss í baki.

Hvernig er náminu háttað? Þurftir þú að ljúka einhvers konar menntun hér á landi áður en þú fórst í dýrahjúkrunarnámið?

Náminu í Danmörku er þannig háttað að það er kennt svipað og iðngrein og nemandinn þarf að hafa starfssamning hjá viðurkenndum aðila. Sá samningur veitir inngöngurétt í skólann en það er skilyrði að nemandinn hafi verið með samning í þrjú mánuði áður en hann byrjar fyrstu skólaönn. Þessir þrjú mánuðir eru í raun sá tími sem dýralæknarnir hafa til þess að ákveða hvort þeir vilji halda nemanum á samning út námið. Ef nemandinn „fúnkerar“ ekki í starfi á spítalanum getur hann allt eins sleppt því að fara í skólann og snúid sér að einhverju öðru. Það er því ekki skilyrði að hafa lokið stúdentsprófi en það er þó mjög góður kostur. Að mínu mati er stúdentspróf nauðsynlegur undirbúningur því námsefnið er oft og tíðum mjög þungt og kennt á mikilli yfirferð þar sem eru gerðar miklar kröfur til nemenda.

Sjálft námið telur 3 ár og 10 vikur, þar af eru fimm 10 vikna annir í skólanum og þess á milli eru nemendur í starfsnámi á spítala, 3-6 mánuði í senn. Tíminn í starfsnáminu nýtist til þess að sannreyna þekkingu nemandans úr bókunum í verki, þjálfra hann í mismunandi aðstæðum, dýpka skilning hans og vinna verkefni fyrir næstu önn.

Segðu okkur frá tímanum í Danmörku þegar þú varst í náminu.

Skólinn er staðsettur 7 km fyrir utan Kolding á Jótlandi í mjög heillandi umhverfi sem hæfir náminu. Á sama stað er, auk dýrahjúkrunarfræðinnar, kennsla landbúnaður, garðyrkju og dýragarðshirðis. Í skólanum eru því hesthús, svínarækt og kúabú með mjólkurframleiðslu auk dýragarðs með hinum ýmsu skepnum og að sjálfsögðu hundar og kettir sem búa á staðnum. Þarna eru rottur og mýs, kanínur, slöngur, apar, hænur og páfagaukar af öllum stærðum og gerðum, skjaldbökur, lamadýr, emúar og svo mætti lengi telja. Dýrin búa þarna í góðu yfirlæti og eru það dýragarðshirðarnir sem sjá um þau að mestu, þeir skipta með sér vöktum og vel er haldið utan um skrár fyrir hvert einasta dýr.

Dýrahjúkrunarfræðingarnir vinna svo aðallega með hundana og kettina. Um 10 kettir búa í sjálfri skólabyggingunni og hafa til umráða gott útisvæði. Hundarnir eru allir beagle-hundar, um 15 talsins, sem búa í góðu hundahúsi við skólabygginguna með ríkulegt útisvæði. Þeir fara í göngutúra með nemendum á daginn og taka einnig mikinn þátt í kennslunni sjálfri, til dæmis klikkerpjálfun í atferlisfræði, við blóðtöku, í klínískri skoðun, umbúðaskiftum, þvagrannsóknum og fleiru. Það kom mér á óvart hversu glaðir og viljugir hundarnir voru að koma með okkur inn á stofu. Þeir voru öllu vanir og varla vottur af stressi í þeim þegar taka átti úr þeim blóð eða annað slíkt, enda vissu þeir upp á hárf að þeir fengu góða umbun fyrir og voru



Líður í náminu var að læra að kryfja dýr, meðal annars svín og rottur.

fljótir að rukka mann um nammimola.

Eins og ég nefndi áður er dýrahjúkrunarfræði mjög fjölbreytt nám og því samsett af mörgum mismunandi fögum. Sum fögin eru einungis bóklegr en önnur eru einnig verkleg. Kennararnir eru flestir dýralæknar en svo eru líka dýrahjúkrunarfræðingar, dýragarðshirðar, líffræðingar og sálfræðingar.

Dæmi um fög eru; líffærafræði, lífeðlisfræði, hreinlæti, dýraatferlisfræði, næringarfræði, sjúkdómafræði, lyfjafræði, sjúkrahjúkrunarfræði, sálfræði, röntgentækni, sníkjudýrafræði og svo margt fleira.

Hvað hefurðu starfað lengi sem dýrahjúkrunarfræðingur?

Ég hef starfað sem dýrahjúkrunarfræðingur frá því ég útskrifaðist fyrir tæplega 2 árum síðan. Til að byrja með starfaði ég sem upplýsingafulltrúi fyrir Royal Canin sem var virkilega spennandi og lærdómsríkt starf, eftir það hef ég starfað á dýraspítala.

Hvað felst í starfinu?

Eitt af því sem ég er ánægðust með í sambandi við þetta nám er hve mörg tækifæri biða manns eftir útskrift. Dýrahjúkrunarfræði er mjög víðtækt nám og því eru tækifærin á ýmsum stöðum utan spítalanna. Dýrahjúkrunarfræðingar vinna í hernum, lögreglunni, dýraathvörfum, sem sérfæðingar hjá fôðurframleiðendum, á rannsóknarstofum, sem atferlisfræðingar, hjá lyfjaframleiðendum, sem sjálfstæðir

sjúkraþjálfarar og margt fleira. Sumt af þessu er háð sérþekkingu en í dýrahjúkrunarfræði opnast einnig margar leiðir til sérnáms.

Inni á dýraspítala myndi ég lýsa starfinu sem skemmtilegasta starfi í heimi. Engir tveir dagar eru eins og maður veit aldrei hvað biður manns þegar mætt er í vinnuna. Að sjálfögðu veit maður hvaða aðgerðir eru bókaðar og hvaða sjúklíngla maður ætlar að hitta í meðhöndlun. Hins vegar er svo ótal margt sem getur komið upp á og nauðsynlegt að vera tilbúinn til þess að takast á við mismunandi aðstæður á hverjum degi án þess að það komi manni úr jafnvægi. Ég myndi segja að starfið sem slíkt hentaði illa fólki með fullkonnunarárættu eða fólki með skipulagsárættu. Það þarf þó að vera skipulag á hlutunum og fólk þarf að vera vel samstillt svo allt gangi sem best. Það þarf að sjá til þess að dýrunum líði sem best undir þeim erfiðu aðstæðum sem geta skapast, skipulagt öngþveiti á oft vel við.

Dýrahjúkrunarfræðingar hugsa um dýrin undir umsjá dýralækna. Þeir þurfa að þekkja þarfir dýranna vel og oft og tíðum setja sig inn í mörg mismunandi tilfelli á hverjum degi og fylgja þeim eftir. Við reiknum lyf, setjum upp æðaleggi, hlustum dýrin, aðstoðum við svæfingar, aðstoðum í aðgerðum, fylgjumst með dýrunum í uppvöknun og hlúum að þeim eftir aðgerð. Við tannhreinsum dýrin undir eftirliti dýralæknis og skrifum inn í skýrslu lýsingu á ástandi tannanna sem dýralæknirinn fer yfir og

staðfestir, tókum röntgenmyndir, tókum blóðprufur, sjáum um rannsóknir á sýnum (til dæmis blóð- og þvagsýnum), ráðleggjum eigendum um fôðrun og almenna umhirðu, styðjum fólk í sorginni við að missa dýrin sín, gefum ráð í símann, sjáum um laser-meðhöndlunir og endurhæfingu. Allt sem við gerum í vinnunni er í samráði við dýralækna og því er mikilvægt að þeir geti treyst okkur. Það er ein meginástæða þess að þessi geiri kallar á fagmenntaða einstaklinga. Með dýrahjúkrunarfræðingum vinnur oft aðstoðarfólk sem er annað hvort ekki fagmenntað eða í námi. Gott aðstoðarfólk er gulls ígildi og með gott teymi, blandað dýralæknum, dýrahjúkrunarfræðingum og aðstoðarfólki, gengur þetta eins og vel smurð vél og öll dýr fá þá athygli og umönnun sem þau þarfnast.

Getur þú lýst fyrir okkur dæmigerðum degi í vinnunni?

Það er frekar erfitt að lýsa dæmigerðum degi því þeir eru svo margbreytilegir en ég skal þó reyna. Þar sem ég vinn núna eru starfandi þrjú dýrahjúkrunarfræðingar og skiptum við með okkur verkum. Þetta þýðir að sumu daga sé ég um skurðstofuna og aðra daga sé ég um tannhreinsum eða rannsóknarstofuna. Sumu daga sé ég svo kannski meira um almenn störf og hugsa um dýrin sem eru í innlögn ásamt fleiru.

Dagurinn byrjar kl. 8 og þá tókum við á móti dýrunum sem eru að koma í aðgerðir eða rannsóknir. Þegar búið er að koma þeim fyrir byrjum við yfirleitt



Kolbrún aðstoðar í skurðaðgerð.

á því að setja upp æðaleggi í þau dýr sem þess þurfa. Við höldum töflufund og ráðstöfum verkum á milli okkar og dýralæknanna. Ef ég er á skurðstofu þá aðstoða ég dýralækninn við að deyfja dýrið og barkaþræða, undirbúa skurðsvæðið fyrir aðgerð og tengja dýrið á svæfingarvélinu og stýra því að það liggi vel í svæfingunni. Til þess nota ég „mónitora“ sem sýna meðal annars hjartslátt, blóðþrýsting, öndun, koltvísyringsmagn í blóði, súrefnismettun og hjartalínurit ef þörf er á. Það er hins vegar ekki minna mikilvægt að geta „mónitorað“ dýrið án hjálpartækja, horft á það og geta lesið úr því sem maður sér og finnur, til dæmis öndun, litarhaft og hjartslátt. Í skurðaðgerðinni aðstoða ég dýralækninn og set upp vökva í æð og gef þau lyf sem dýrið á að fá. Eftir aðgerðina fylgist ég með dýrinu í uppvöknun og set umbúðir ef þess þarf, tek til lyf sem fylgja dýrinu heim og leiðbeiningar ef við á. Ég ráðfæri mig við dýralækninn um framhaldið og tek við skilaboðum til eigandans ef dýralæknirinn vill að ég sjái um að útskrifa dýrið.

Eftir hádegi er alltaf einn dýrahjúkrunarfræðingur sem sér um innlagnarsjúklingana en eftir hádegi fara stofutímar dýralækna á fullt og þá aðstoðum við þá oft með þeirra sjúklinga. Þetta getur verið svo margt; allt frá því að klippa klær á naggrís yfir í að taka á móti krítískum sjúklingum sem þurfa á blóðgjöf að halda og setja það ferli í gang. Eftir hádegi hitti ég líka þá sjúklinga sem ég er með í laser-meðhöndlun og sjúkrapjálfun.

Hvað finnst þér mikilvægast í starfinu?

Að hafa góðan húmor. Það er mín skoðun að þeir sem vinna við svo krefjandi starf, að bjarga lífum, hlúa að og meðhöndla málleysingja, verði að hafa sérlega léttu lund og húmorinn í lagi ef þeir ætla að endast ævilangt án þess að heilsan láti undan álaginu.

Hverjir eru kostir starfsins og gallar?

Kostirnir eru að maður fær að vinna náðið með fólki sem maður deilir ástriðu með sem ekki allir skilja. Þetta er upp til hópa glaðlynt og kraftmikið fólk með

heilbrigðan lífsstíl og það smitar út frá sér, bæði innan og utan vinnustaðarins. Ég hef að minnsta kosti ekki enn unnið með dýralækni eða hjúkrunarfræðingi sem reykir eða finnst útivist leiðinleg. Þess fyrir utan eru það algjör forréttindi að fá að vinna svo náðið með dýrum og þótt álagið sé stundum mikið þá gefa dýrin manni svo margfalt meira til baka.

Ef maður er rétta manngerðin þá eru gallarnir við starfið ekki margir. Sumir myndu kannski setja það fyrir sig að þrifa upp ælu eða setja upp stólpípu í 40 kg, stíflaðan labrador. Að sjálfsögðu er alltaf leiðinlegt að þurfa að kveðja dýrin yfir regnbogabrúna en það er bara hluti af þessu öllu saman, lífið og dauðinn.

Hvað er það erfiðasta sem þú hefur þurft að gera?

Það erfiðasta er að sannfæra eigendur um að láta aflífa dýrin sín þegar það er eini rétti kosturinn í stöðunni. Að sjálfsögðu er alltaf erfitt að taka þessa ákvörðun sem við viljum öll forðast. En við verðum að muna það að dýrin eru ekki eilíf frekar en við og við höfum þetta mikilvæga vald að geta linað þjáningar þeirra þegar þess þarf.

Telurðu að þetta starf sé fyrir alla?

Nei, ég get ekki sagt það. Ég held að margir sjái þetta fyrir sér í eins konar hyllingum; að starfið feli í sér að klappa kettlingum allan daginn og sé voðalega huggulegt. Fæstir dagar eru þannig og það er kannski ástæðan fyrir því að við flykkjumst alltaf inn í skoðunarstofurnar til þess að knúsa hvolpa og kettlinga þegar ræktendur koma með þá í bólusetningar! Ég myndi segja að maður þurfi að vera með gott bland af skynsemi, umhyggju, röksemi, góða samskiptahæfileika og bein í nefinu til að starfa sem dýrahjúkrunarfræðingur.

Geturðu nefnt dæmi um einhver atvik sem standa upp úr í starfinu?

Það er svo margt og dýrin koma manni sífellt á óvart. Maður er alltaf að læra eitthvað nýtt, hvort sem það er af samstarfsfélögum, dýrunum eða nýjum rannsóknnum og aðferðum.

Það sem er mér kannski efst í huga núna er rottweiler-tík sem hefur verið í laser-



Í skólanum í Danmörku lærði Kolbrún hvernig á að taka handleika framandi gæludýr og lærði meðal annars að taka blóðprufur úr slöngum.

meðhöndlun hjá mér. Hún kom inn með slitið liðband í hné, gat varla stigið í fótinn af sársauka og var orðin mjög vöðvarýr á þeim fæti. Dýralæknirinn mat það sem svo að hún væri ekki góður kandidat í aðgerð þar sem hún er stór, þung og afskaplega kát og þar af leiðandi miklar líkur á því að hitt hnéð myndi verða fyrir svipuðum skaða ef hún ætti að reiða sig á eitt hné fyrst um sinn eftir aðgerðina. Hún var því sett í laser-meðhöndlun sem í stuttu máli örvar blóðflæði og dregur úr bólgum. Eigendurnir fengu leiðbeiningar um æfingar sem þeir gera með henni heima á hverjum degi. Til að byrja með kom hún til mín í laser-meðhöndlun þrisvar sinnum í viku. Ferlið hefur gengið vonum frammar og í dag (tveimur og hálfum mánuði síðar) er hún búin að styrkjast heilmikið, verkirnir eru horfnir og hún gengur um óhólt og glæsileg. Hún kemur núna í meðhöndlun tvisvar sinnum í mánuði. Að sögn eigenda liður henni mun betur og það er einmitt sú breyting sem ég tek hvað mest eftir þegar hún kemur til mín, hvað henni liður ofboðslega vel. Hún er búin að fá sérstaka hnéhlíf sem hjálpar henni í göngutúrum svo nú fer hún loksins að geta notið sín að fullu á ný. Ég verð að viðurkenna að innst inni var ég ekkert sérstaklega bjartsýn á bata, og hvað þá svona góðan bata, en það eru svona sigrar sem gera starfið að besta starfi í heimi.

Er þetta framtíðarstarfið þitt?

Þetta er tvímælalaust mitt framtíðarstarf. Ég stefni á sérnám í nánustu framtíð og hlakka mikið til komandi tíma.

Lesið fyrir hunda

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Samtökin Vigdís (Vinir gæludýra á Íslandi) voru stofnuð á kvennadaginn, 19. júní 2013. Samtökin eru góðgerðarsamtökum hunda og önnur gæludýr sem krydda tilveru okkar mannfólksins með margvíslegum hætti. Brynja Tomer er einn af stofnendum samtakanna en hún segir tilgang þeirra vera þann að „boða fagnaðarerindið“, vekja athygli á gæsku og göfuglyndi dýranna og þeim fjölmörgu möguleikum sem í boði eru þar sem dýrin koma við sögu. Sámur ræddi við Brynju og spurði hana nánar út í Vigdís og verkefni sem samtökin standa fyrir sem snýst um að börn lesi fyrir hunda.

Brynja segir að markmið Vigdísar sé að stuðla að því að bæta líðan fólks með aðstoð sjálfbóðaliða og dýra. „Ég hef sjálf margra ára reynslu af slíku starfi í gegnum verkefni sem ég ýtti úr vör vorið 2006 hjá Rauða krossi Íslands en verkefnið er kallað „Hundavinir“. Ég hef enn umsjón með verkefninu en í því starfar stór hópur yndislegra sjálfbóðaliða með enn yndislegri hunda sem fara í reglubundnar heimsóknir til sjúkra, aldraðra og þeirra sem minna mega sín.“ Starfsemi Vigdísar er mjög áþekkt verkefninu innan Rauða krossins og hafa samtökin staðið fyrir spennandi verkefni sem felur í sér nýstárlega lestrarþjálfun í samvinnu við bandarísk samtök sem sérhæfa sig á þessu sviði.



Brynja hefur margra ára reynslu af sjálfbóðaliðastörfum með hunda en hún ýtti úr vör verkefninu „Hundavinir“ á vegum Rauða krossins. Ljós. Sóley Ragna Ragnarsdóttir.

Brynja heyrði fyrst af því fyrir nokkrum árum að börn með lestrar- eða talerfiðleika gætu náð meiriháttar framförum ef þau lásu markvisst fyrir hund og var þetta kveikjan að verkefninu. „Ég fór yfir nokkrar rannsóknir sem sýndu ótvírátt fram á að þessi aðferð hentaði sumum börnum sérstaklega vel.“ Niðurstöðurnar komu Brynju svo sannarlega ekki á óvart. „Við, sem deilum lífi okkar með hundum, vitum hvers þeir eru megnugir og fannst mér þessi hugmynd nægilega spennandi til að leggja dálitla vinnu í að koma henni í farveg hér á landi.“

Unnið að íslenskri rannsókn

Með Brynju í stjórn er Margrét Sigurðardóttir, æskulýðsfulltrúi í sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu. Þó að Margrét eigi ekki hund sjálf áttar hún sig á því hve skemmtileg aðferðin er. „Margrét hafði samband við skólustjórnendur og sérkennara í sveitarfélaginu sínu og á skólaárinu 2012-2013 gerðum við tilraun þar sem börn úr 4. bekk lásu vikulega fyrir hund og sjálfbóðaliða.“ Vart þarf að taka fram að áhugi barnanna á lestri jókst umtalsvert, þau sýndu framfarir og biðu í ofvæni eftir lestrarstundunum. Brynja segir að foreldrar og kennarar hafi jafnframt verið mjög ánægðir með árangurinn. Margrét leggur stund á mastersnám í Háskóla Íslands og er að gera tveggja ára rannsókn á notkun hunda við lestrarþjálfun. Niðurstöður



Þótt hundarnir séu í aðalhlutverki í lestrarverkefni Vigdísar gegna sjálfbóðaliðarnir líka veigamiklu hlutverki. Skilyrði er að þeir hafi ánægju af samskiptum við börn og skilning á lestrarerfiðleikum þeirra. Ljós. Brynja Tomer.



Erlendar rannsóknir hafa sýnt að börn með lestrar- og talerfiðleika geta náð meiriháttar framförum ef þau lesa markvisst fyrir hund. Ljós. Brynja Tomer.

rannsóknarinnar ættu að liggja fyrir vorið 2015 og verður svo sannarlega spennandi að sjá fyrstu íslensku rannsóknina á þessari aðferð.

Aðspurð segir Brynja verkefnið hafa gengið ljómandi vel hingað til. „Við ákváðum að fara hægt í sakirnar og stíga eitt skref í einu. Þess vegna höfum við ekki haft mjög hátt um þetta verkefni eða samtökin. Við erum í mjög góðu samstarfi við bandarísku móðursamtökin og njótum leiðsagnar frá þeim. Það skiptir gríðarlega miklu máli að rétt sé haldið á spöðunum og ekki anað út í að mæta bara með hund í skólastofu og bíða eftir kraftaverki. Bak við hvert teymi er heilmikil vinna og þó nokkur undirbúningur.“ Ferlinu er þannig háttað að sjálfbóðaliði skrifar undir trúnaðaryfirlýsingu, framvísir sakarvottorði og sækir undirbúningsnámskeið. Hundurinn er

einnig metinn og vottað að hann sé hæfur í verkefni af þessum toga. Loks er sótt um leyfi hjá opinberum aðilum og foreldrum áður en farið er af stað í verkefnið.

Brynja segir að samtökin kjósi að fara hægt af stað með verkefnið og ætli að bjóða öðrum skólum upp á fræðslu og leiðsögn þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir. „Í millitíðinni bjóðum við börnum að koma í bókaverslunina lðu í Lækjargötu einu sinni í mánuði. Þar eru sjálfbóðaliðar með hunda sem taka á móti þeim. Við köllum þetta yndislestur enda eru börnin að lesa sjálfum sér, hundinum og sjálfbóðaliðanum til gleði, ánægju og yndisauka.“ Það er óhætt að segja að undirrituð bíður spennt eftir niðurstöðum rannsóknarinnar og vonar svo sannarlega að þessi lestraraðferð sé komin til að vera.

Hágæða gæludýrafóður

Josera.

Ef dýrin okkar gætu séð um innkaupin sjálf myndu þau velja **Josera**



Útsöluaðir:

Vélaval ehf. - Varmahlíð
Byko - Selfossi
Landstólpi - Egilsstöðum

Fákasport - Akureyri
hundaverold.com



Gunnbjarnarholti
801 Selfossi
480 5600
landstolpi.is

Hvolpasýningar HRFÍ

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Sú nýbreytni varð í sýningaheiminum síðasta sumar að hvolpasýning var haldin úti í blíðskaparveðri í Víðidal 23. júní. Skráðir voru til þátttöku 73 hvolpar af 25 tegundum. Dómarar voru Daníel Örn Hinriksson, Klara Á. Símonardóttir og Þórdís Björg Björgvinsdóttir sem öll eru dómaranemar. Ásta María Guðbergsdóttir fékk þann heiður að dæma úrslit um besta hvolp sýningar í yngri og eldri flokki. Gaman er að segja frá því að Ásta María útskrifaðist sem dómari á síðasta ári.

Besti hvolpur sýningar í flokki 4-6 mánaða var australian shepherd-rakkinn, Sólskinsgeisla Þengill Þrymur. Eigandi hans og ræktandi er Guðrún Hafberg.

Hluskarpastur í flokki 6-9 mánaða var risaschnauzer-rakkinn, Heljuheims Fenrir. Eigandi hans er Anna Gréta Sveinsdóttir og ræktandi Ragnhildur Gísladóttir.

Valinn var besta hvolpur sýningar þar sem sigurvegararnir kepptu hvor á móti öðrum og bar Heljuheims Fenrir sigur úr bítum.

Eftir hvolpasýninguna í júní fannst mörgum tilefni til að hafa þær enn fleiri og var því önnur haldin þann 25. janúar síðastliðinn í Gæludýr.is á Korputorgi. Skráning á sýninguna var frábær en 121 hundur af 31 tegund var skráður til leiks. Dómarar voru Herdís Hallmarsdóttir, Sóley Halla Möller, Viktoría Jensdóttir og Þórdís Björg Björgvinsdóttir sem voru allar dómaranemar þegar sýningin var haldin. Það kom í hlut þeirra Viktoríu og Sóleyjar Höllu að dæma úrslit í yngri og eldri flokki en þess má geta að þær útskrifaðust sem dómarar í febrúar síðastliðnum.

Besti hvolpur sýningar í yngri flokki var labrador retriever-rakkinn, Leynigarðs Glaumur. Eigendur hans og ræktendur eru Guðlaug Gísladóttir og Sigrún R. Guðlaugardóttir.

Sigurvegarinn í flokki 6-9 mánaða var boxer-rakkinn, Robinsteck Al Pacino. Eigendur hans eru Erna Hrefna Sveinsdóttir og Rakel Ósk Þrastardóttir. Ræktandi er Mrs. A.J. Robinson.

Það má með sanni segja að þessari skemmtilegu nýbreytni var vel tekið af félagsmönnum HRFÍ og virðist vera komin til að vera. Næsta hvolpasýning verður haldin 27. júlí næstkomandi.



© Heljuheims.net

Hvolpasýningin í júní: Besti hvolpur sýningar í flokki 6-9 mánaða og besta hvolpur sýningar, risaschnauzer-rakkinn, Heljuheims Fenrir. Ljós. Ragnhildur Gísladóttir.



Hvolpasýningin í júní: Besti hvolpur sýningar í flokki 4-6 mánaða, australian shepherd-rakkinn, Sólskinsgeisla Þengill Þrymur. Ljós. Guðrún Hafberg.



Hvolpasýningin í janúar: Besti hvolpur sýningar í flokki 4-6 mánaða, labrador retriever-rakkinn, Leynigarðs Glaumur. Ljós. Kristín Jóna Símonardóttir.



© G.Ívar 2014

Hvolpasýningin í janúar: Besti hvolpur sýningar í flokki 6-9 mánaða, boxer-rakkinn, Robinsteck Al Pacino. Ljós. Guðmundur Ívar Eggertsson.



100%

Af því sem hundar þurfa

0%

Af því sem þeir þurfa ekki

Hágæða hráefni fyrir frábært bragð



**Það er leiðin
til betra lífs**





Besti hundur sýningar, 1. sæti, siberian husky:

ISCh Múla Hríma. Eigendur: Olga Rannveig Bragadóttir og Haraldur K. Hilmarsson. Ræktandi: Steindór V. Sigurjónsson.

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Aðstoð: Þorsteinn Thorsteinson

Ljósmyndir: Ágúst Ágústsson

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ var haldin helgina 22.-23. febrúar. 802 hundar af 86 tegundum voru skráðir til leiks. Þrjár nýjar tegundir létu ljós sitt skína á sýningunni; norwegian lundehund, dandie dinmont terrier og dansk-svensk gårdshund. Dómarar að þessu sinni voru Kenneth Edh, Kurt Nilsson og Benny Blid Von Schedvin frá Svíþjóð, Arne Foss frá Noregi, Branislav Rajic frá Slóveníu og Francesco Cochetti frá Ítalíu. 26 ungir sýnendur voru skráðir til leiks í yngri og eldri flokki og var dómari keppinnar Rakel Ósk Þrastardóttir.

Miklar framfarir

Kenneth Edh frá Svíþjóð kvaðst sérlega ánægður með framfarirnar sem hafa orðið í hundaheiminum á Íslandi en hann hefur margsinnis dæmt hér á landi. „Þetta var mjög góð sýning og ótrúlegt hvað margt hefur breyst síðan ég kom hingað fyrst en þá voru kannski um 60 hundar skráðir. Það var gaman að sjá allar nýju tegundirnar sem hafa komið til landsins en ég man að fyrst tilheyrðu tegundirnar aðallega tegundahópum 5, 7 og 8.“ Hann var mjög ánægður með sýnendur sem sýndu hundana mjög vel og talaði sérstaklega um allt unga hæfileikaríka fólkið.

Þjóðarhundurinn

Kenneth dæmdi fjölmargar tegundir á sýningunni og kom það í hans hlut að dæma þjóðarhundinn, íslenska fjárhundinn. „Þeir voru nokkuð góðir yfir heildina og fannst mér rakkarnir betri en tíkurnar og gaf ég fleiri tíkum „very good“ en rökkum. Mér fannst rakkarnir almennt með betri bók og bein en tíkurnar sem voru sumar hverjar of fíngerðar fyrir minn smekk og lágfættar. Þetta er vinnuhundur og þarf að geta unnið hátt í átta klukkustundir á dag þannig að hann má ekki vera of fíngerður.“ Besti hundur tegundar var tík sem Kenneth var mjög ánægður með. „Mér fannst áhugavert að hún var með þennan snögga feld. Hún

hreyfði sig vel en sumir myndu ef til vill segja að hún gæti verið með betri vinkla að aftan en hreyfingarnar voru mjög góðar og hún var vel sýnd. Sýndandinn vissi nákvæmlega hvernig hann átti að bera sig að.“ Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var fallegur rakki að sögn Kenneth. „Hann var af réttri stærð, ekki of lágfættur og með mjög góðan feld. Það eina sem ég get sett út á eru eyrun en þau mættu vera hærra sett. Annars var þetta fallegur hundur sem hreyfði sig vel.“

Whippet of stórir

Af mjóhundunum í tegundahópi 10 dæmdi Kenneth whippet og saluki. Hann var nokkuð sáttur við whippet en sagði þó suma of stóra. „Mér fannst einnig vanta upp á dýptina í búknunum og nokkrir voru með of beina topplínu. Ég var ánægður með bestu tík og besta rakka. Besti hundur tegundar var tík af góðri stærð og með fallegar línur.“ Aðeins þrír saluki voru skráðir til leiks. „Besti hundur tegundar var fallegur rauður rakki af góðri stærð. Hann var með fallett höfuð, góðan feld og hreyfði sig vel. Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var „black and tan“ tík sem mér fannst mjög falleg en vantaði meiri fyllingu að framan og í kringum rifin og ég vona að hún eigi eftir að þroskast að framan.“

Falleg chinese crested-tík

Kenneth dæmdi marga fallega hunda í tegundahópi 9 og voru sumar tegundirnar af miklum gæðum að hans mati. Honum fannst mikið til besta hunds tegundar í chinese crested koma. „Hún var mjög falleg, af réttri stærð, með frábæra húð sem var ekki rökuð og góðan kamb (e. crest). Hún hreyfði sig mjög vel og ég var virkilega ánægður með hana.“ Þess má geta að umrædd tík lenti í 2. sæti í tegundahópi 9.

Í boston terrier tók Kenneth eftir því að sumir hverjir voru ekki með nógu góð bein og réttan búk. „Þeir eiga að vera stuttir og með hallandi topplínu. Sumir þeirra voru ekki þannig. Besti hundur tegundar var þó fallegur, stuttur á búkinn og með góðan haus.“

Papillon betri hér en í Svíþjóð

Gæði papillon komu honum á óvart en hann sagði tegundina hér á landi af betri gæðum en í Svíþjóð, þar sem hann býr. „Mér fannst mjög gaman að dæma tegundina og dæmdi marga fallega hunda. Hér var stærðin í lagi, feldurinn réttur, margir með falleg eyru og góð skott þó sumir hefðu mátt vera með lengri skott með betri boga en skottin mega ekki vera sett of flöt við baklínuna.“ Besti hundur tegundar heillaði Kenneth en hún var af réttri stærð, með mjög gott skott og fallegar hreyfingar.

Allar tegundir griffon voru nokkuð góðar, að sögn Kenneth. „Nokkrir mættu þó vera stærri. Topplínan var almennt í lagi. Sumir þeirra ungu eiga enn þó nokkuð í land þegar kemur að þroska í höfuðgerð en svipurinn var réttur. Feldurinn var almennt góður og flestir hreyfðu sig vel. Ég var mjög hrifinn af besta hundi tegundar í petite brabancon sem var með fallett höfuð og svip og af réttri stærð.“

Gæðin í maltese voru blönduð en Kenneth var mjög hrifinn af besta hundi tegundar sem var rakki úr meistaraflokki. „Mjög fallegur og vel byggður hundur með frábæran feld. Ég var líka ánægður með besta hund tegundar af gagnstæðu kyni sem var falleg tík sem hreyfði sig mjög vel. Hún er ekki enn komin með jafn mikinn feld og rakkinn en mér fannst áferð feldsins betri á henni.“ Hann sagðist hafa átt í erfiðleikum með að dæma suma hvolpanna enda voru þeir aðeins 5 mánaða gamlir. „Besti hvolpur tegundar var af sömu tegundargerð og bestu hundar tegundar og ég var mjög ánægður með hann.“

Besti hundur sýningar, 2. sæti, weimaraner



RW-13 C.I.E. ISShCh Trubon Cino Trounce
Eigandi: Hulda Jónasdóttir
Ræktandi: Miss S E Burton

Besti hundur sýningar, 3. sæti, welsh corgi pembroke



ISW-13 RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge

Besti hundur sýningar, 4. sæti, toy poodle



ISCh Lykkehúset's Culture Clash
Eigendur: Valborg Óðinsdóttir og Marta Georgsdóttir
Ræktandi: Michael Lykke



Besti öldungur sýningar, 1. sæti
schäfer snöggærður
C.I.B. ISCh Easy von Santamar
Eigandi: Arna Rúnarsdóttir
Ræktandi: Marc Van Hout

Hreyfði sig eins og í draumi

Kenneth dæmdi besta hund sýningar og sagði að hundarnir í úrslitum hefðu verið virkilega fallegir og staðist samanburð við hunda hvaðanæva úr heiminum. Hann átti í erfiðleikum með að velja á milli þeirra og sagði að hundarnir sem voru ekki í verðlaunasætum hefðu samt sem áður vel getað verið á meðal verðlaunahundanna. Sigurvegarinn var tík af tegundinni siberian husky. „Þessi tík hreyfði sig eins og í draumi, hún var með virkilega fallegt höfuð og frábæran feld.“ Í 2. sæti var weimaraner-tík sem hreyfði sig vel að sögn Kenneth. „Hún var líka með mjög fallegt höfuð, vel byggð og ekki of gróf eins og þeir geta oft verið. Feldurinn var einnig mjög góður.“ Í 3. sæti var rakki af tegundinni welsh corgi pembroke sem Kenneth var mjög hrifinn af enda vel byggður, með fallegt höfuð, mjög góðan búk og fallegar hreyfingar. Í 4. sæti varð toy poodle sem var af hárréttri stærð, vel byggð, með mjög fallegt höfuð, feld og hreyfingar.

Lofandi hvolpar

Kenneth dæmdi úrslit um besta hvolp sýningar í yngri flokki fyrri dag sýningarinnar og í eldri flokki þann seinni. Yngri flokkinn sigraði amerískur cocker spaniel sem var að hans mati mjög fallegur, með fallegt höfuð og svip, góða topplínu og fallegan feld. Hann hreyfði sig vel og hélt topplínunni stöðugri á hreyfingu sem er mjög mikilvægt. Í eldri flokki sigraði lhasa apso. „Hann var vel til hafður og sýndur með fallegan feld, höfuð og svip. Hann gæti hugsanlega lyft skottinu betur en mér fannst hann mjög góður fulltrúi tegundarinnar og stúlkan sem sýndi hann var búin að snyrta feldinn mjög vel.“

Sýnendur góðir

Aðspurður um ráð okkur til handa sagði hann að við værum greinilega á réttri leið því framfarirnar væru mjög miklar á undanförunum árum. „Þið eruð heppin að hafa allt þetta unga, hæfileikaríka fólk innan ykkar raða. Sýnendur eru almennt orðnir mun betri en áður og ná fram því besta í hundunum sínum og snyrting á feld er einnig orðin mun betri, sérstaklega á síðhærðu hundunum og öðrum tegundum sem þarf að snyrta mikið.“ Kenneth sagði að margir ræktendur væru greinilega farsælir í því sem þeir væru að gera. Hann sagðist hafa séð marga fallega hunda í úrslitum sýningar og innan margra tegunda væru virkilega fallegir hundar. „Ég veit að það er erfitt fyrir ykkur að flytja inn hunda vegna einangrunarinnar og kostnaðarins sem innflutningnum fylgir. Þar af leiðandi verður hundurinn að vera framúrskarandi ef þið leggið í innflutning.“

Framfarir í schnauzer

Benny Blid Von Schedvin frá Svíþjóð var ánægður með sýninguna en hann dæmdi hér fyrir nokkrum árum síðan. „Í flestum þeirra tegunda sem ég dæmdi mátti finna hunda af miklum gæðum.“

Hann dæmdi allar tegundir dvergschnauzer sem og risaschnauzer. „Mér finnst dvergschnauzer-hundarnir mun betri í dag en fyrir 4 árum þegar ég dæmdi hér síðast. Ræktendur hafa unnið frábært starf og mér þótti mikið til hundanna koma og það sama má segja um risaschnauzer.“ Það eina sem hann gat sett út á var snyrtingin á sumum hundanna.

Australian shepherd kom á óvart

Benny dæmdi einn ungan affenpinscher sem var nokkuð góður að hans mati en þyrfti tíma til að þroskast. Australian shepherd kom honum á óvart og hann var mjög hrifinn af bestu hundum tegundar sem voru mæðgin. „Ég var nokkuð ánægður með border collie og var sérlega hrifinn af tikinni sem var besta hundur tegundar.“ Einnig kvaðst hann sáttur við pug og rough collie en shetland sheepdog náðu ekki að heilla hann.



Besti hvolpur sýningar laugardag 4-6 mánaða, 1. sæti
amerískur cocker spaniel
Dropasteins Lamborghini Adventator
Eigendur og ræktendur: Ingibjörg Svana Runólfsdóttir
og Tryggvi Erlingsson



Besti hvolpur sýningar laugardag 6-9 mánaða, 1. sæti
boxer
Robinsteck Al Pacino
Eigandi og ræktandi: Mrs A. J. Robinson

Benny dæmdi úrslit í tegundahópum 1 og 10. „Ég var mjög hrifinn af welsh corgi pembroke sem endaði sem þriðji besti hundur sýningar og schäferhundurinn heillaði mig líka. Tegundahópur 1 var mjög sterkur.“ Írski úlfhundurinn sem sigraði tegundahóp 10 var einnig mjög fallegur að hans sögn.

Að lokum minntist Benny á allt unga fólkid sem sýndi hundana svo vel. „Svo fannst mér gaman að sjá breytinguna og framfarirnar sem hafa orðið í sumum tegundum. Hundarnir í úrslitum sýningar voru virkilega fallegir.“

Sumir siberian husky of stórir

Kurt Nilsson frá Noregi var ánægður með gæði hundanna almennt og sýninguna í heild sinni. Hápunkturinn, að hans mati, var að hundar, sem hann dæmdi, urðu í 1. og 2. sæti í úrslitum um besta hund sýningar.

Kurt dæmdi fjölda tegunda á sýningunni og meðal þeirra var ein sú fjölmennasta, siberian husky. „Ég var virkilega hrifinn af tíkinni sem varð besti hundur tegundar og endaði svo sem besti hundur sýningar. Sumir hundanna voru í stærra lagi og með of langan feld en tikin sem vann var með hárréttan feld.“

Hann sagðist ekki hafa orðið sérlega heillaður af dobermann, rottweiler og pincher og enskum setter. Hann var þó nokkuð sáttur við schnauzer og þá sérstaklega besta hund tegundar. „Besti hundur tegundar var mjög fallegur en með örlítið of mjúkan feld.“

Misjöfn gæði í tegundahópi 7

Kurt dæmdi allar tegundir í tegundahópi 7 sem voru að hans mati af misjöfnum gæðum. Honum fannst ensku setter hundarnir allt of litlir en var mun hrifnari af weimaraner og sagði tegundina þá bestu sem hann dæmdi á sýningunni. „Ég dæmdi marga fallega hvolpa og tikin, sem var besti hundur sýningar, heillaði mig upp úr skónum.“ Hann kvaðst nokkuð ánægður með besta hund tegundar í stríhærðum vorsteh sem var ungur hundur af góðri tegundargerð. Vorsteh-hundarnir voru flestir frekar ungir og var hann ánægður með marga þeirra og þá sérstaklega höfuðin. Kurt var hrifnastur af tíkarhvolpinum í ungerskri vizslu en sagði ekki margt um hina hundana sem voru sýndir innan tegundarinnar. „Ég var nokkuð sáttur við bestu hunda tegundar í írskum setter en rakkinn mætti alls ekki vera stærrí.“

Hrifinn af briard og frönskum bulldog

Kurt var mjög hrifinn af briard í heild sinni og sérstaklega af besta hundi tegundar. „Það var þó einn ungur rakki sem mér fannst bestur af þeim en hann hafði verið klipptur þannig að ég gat því miður ekki gefið honum neitt meira en „excellent“.“ Frönsku bolabíttarnir náðu að heilla Kurt og var hann sérlega hrifinn af öllum hvolpunum sem voru sýndir. „Besti hvolpur tegundar var einn fallegasti hundurinn sem ég dæmdi á allri sýningunni.“ Hann var einnig hrifinn af besta hvolpi tegundar í lhasa apso og sagði hann betri en þann fullorðna.

Hann dæmdi úrslit í tegundahópum 2 og 7 og sagði þann fyrrnefnda sennilega sterkasta tegundahópinn á sýningunni. Kurt var mjög ánægður með alla hunda í úrslitum sýningar.

Hann sagðist ekki vilja gefa okkur nein sérstök ráð enda væri allt á góðri leið hjá okkur. „Það eina sem ég gæti hugsanlega bent ykkur á væri að hafa fordóm í öllum tegundahópum sem myndi flýta fyrir í úrslitum.“

Aukin gæði

Francesco Cochetti frá Ítalíu sagði skipulag sýningarinnar og gestrisni HRFÍ til fyrirmyndar. „Ég var líka mjög sáttur með andrúmsloft sýningarinnar. Ég dæmdi hér fyrir nokkrum árum síðan og í þetta sinn voru hundarnir af mun



Besti hvolpur sýningar sunnudag 4-6 mánaða, 1. sæti
tibet spaniel
Hnota
Eigandi: Guðrún Guðmundsdóttir
Ræktandi: Dagný Egilsdóttir



Besti hvolpur sýningar sunnudag 6-9 mánaða, 1. sæti
lhasa apso
Crystal Eye's Picasso Painter
Eigandi: Alexandra Björg Eyþórsdóttir
Ræktendur: Charlotte og Frank Wandborg



Tegundahópur 1, 1. sæti
welsh corgi pembroke
ISW-13 RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge



Tegundahópur 2, 1. sæti
dvergshnauzer (svartur/silfur)
Helguhlíðar Játvarður

Eigendur: Margrét Kjartansdóttir og Páll Sævar Guðjónsson
Ræktandi: Margrét Kjartansdóttir



Tegundahópur 3, 1. sæti
border terrier

C.I.B. ISCh Sólskinsgeisla Kvöld Rökkurðis
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Guðrún Hafberg



Tegundahópur 4/6, 1. sæti
dachshund miniature síðhærður
ISCh Luna Caprese Immagine Allo Specchio
Eigandi: Hallveig Karlsdóttir
Ræktandi: Lamarca Francesco

meiri gæðum en áður og fjöldi skráðra hunda hefur aukist mikið.“

Hann dæmdi fjölmennustu tegund sýningarinnar, labrador retriever, og var nokkuð sáttur með heildina og þá sérstaklega bestu hunda tegundar. Einnig kvaðst hann ánægður með besta hund tegundar í flat-coated retriever.

Framfarir í chihuahua

Fransesco ræktar chihuahua og poodle og dæmdi þessar tegundir á sýningunni. „Besti hundur tegundar í toy poodle var virkilega fallegur enda sigraði hann tegundahóp 9.“ Hann var ánægður með marga chihuahua sem hann dæmdi, sérstaklega stutthærða afbrigðið en þar bar ung tík sigur úr bítum sem seinna varð í 3. sæti í tegundahópi 9. „Mér finnst heildargæðin í mínum tegundunum hafa batnað heilmikið á síðustu árum, sérstaklega í chihuahua. Það sem ræktendur þurfa að hafa í huga er að skoða vel bitin og framhlutann. Tegundargerðin er að mestu leyti góð hér og ræktendur eru á réttri leið.“

Fallegur enskur springer spaniel

Fransesco dæmdi tegundahóp 8 þar sem enskur springer spaniel sigraði. „Virkilega fallegur hundur af frábærri tegundargerð, hreyfingarnar voru mjög góðar og heilbrigðar.“ Í 2. sæti var labrador retriever-tík sem hann hafði dæmt fyrr um daginn. „Hún er mjög falleg og einstaklega vel byggð. Það eina sem ég gæti sett út á er höfuðið en hún er samt sem áður svo falleg að öllu öðru leyti.“ Í 3. sæti var amerískur cocker spaniel sem hreyfði sig vel, var vel byggð en hefði mátt vera örlítið fylltari að hans mati. Flat-coated retriever hreppti 4. sætið og var hann vel byggður og hreyfði sig vel. „Það sem er mikilvægast hjá veiðihundum eru frjálssar, áreynslulausar hreyfingar og rétt bygging.“

Tegundahópur 9

Í tegundahópi 9 bar fyrrnefndur toy poodle sigur úr bítum. „Það sem mér fannst sérstaklega ánægjulegt við þennan toy poodle var byggingin og búkurinn. Við erum að missa þetta í toy poodle og það er ekki auðvelt að finna hund með góðan framhluta og bringu.“ Í 2. sæti var chinese crested sem var af góðri stærð, hreyfði sig einkar vel og með mjög góða húð, að mati Fransesco. Þriðja sætið hreppti unga snögghærða chihuahua-tíkin sem Fransesco dæmdi fyrr um daginn. „Mjög glæsileg tík með frábæra topplínu, skottstöðu og hreyfingar.“ Í 4. sæti var tíbet spaniel sem var fallegur rakki, af góðri tegundargerð og með frábærar hreyfingar.

Líkt og hinir dómarnir var Fransesco hrifinn af hundunum í úrslitum sýningar og var ánægður með sigurvegara sýningarinnar.

Unga fólkið frábært

Að lokum vildi Fransesco minnst sérstaklega á hve heppin við værum með allt unga fólkið í hundaheiminum. „Ég var einnig með dómarnema í hring hjá mér um helgina sem lögðu mikinn metnað í nám sitt. Þetta segir manni að þið eigið bara eftir að vaxa enn meira og dafna.“ Honum fannst hins vegar miður að við þyrftum að leggja svo mikið á okkur til að flytja inn hunda. „Farið endilega til annarra landa og skoðið ykkar tegundir á stórum sýningum.“

Skemmtilegt andrúmsloft

Óhætt er að kalla Arne Foss frá Noregi Íslandsvin en hann hefur dæmt hér á landi fjórum sinnum og talaði um að alltaf væri jafn gaman að koma hingað. „Andrúmsloftið er alltaf svo gott hérna og gaman að dæma fallegu hundana ykkar og hitta fólkið, mér finnst þið mjög góð í því sem þið eruð að gera.“

Vantar nýtt blóð

Arne talaði um að sumar tegundir vantaði nýtt blóð í stofninn og nefndi þar rhodesian ridgeback, stóra dana, coton de tuléar og havanese. Hann sagði

að havanese-ræktendur ættu að leita til Svíþjóðar eftir nýju blóði. Coton de tuléar voru sumir hverjir ekki með rétta feldgerð og skottstaðan var einnig röng. Yorkshire terrier voru af misjöfnum gæðum að hans mati en hann dæmdi þá einnig fyrir nokkrum árum hér á landi.

Tegundahópur 5 misjafn

Hann dæmdi allar tegundir í tegundahópi 5 að undanskildum íslenskum fjárhundi og siberian husky. Chow chow voru að hans mati of litlir og skapgerð þeirra var ekki í lagi að mati Arne. Enginn chow chow var valinn besti hundur tegundar. Samoyed voru flestir feldlitlir og alaskan malamute náðu ekki að hrífa hann neitt sérstaklega. Pomeranian voru í lagi yfir heildina en hann var þó ekki heillaður. „Í Noregi og Svíþjóð eru mjög margir fallegir pomeranian-hundar en því miður fann ég engar stjórnur hér.“ Tveir norskir lundahundar voru skráðir til leiks og var Arne mjög hrifinn af þeim en þess má geta að þeir eru þeir fyrstu sinnar tegundar hér á landi. „Þeir voru báðir af miklum gæðum og var ég mjög hrifinn af besta hundi tegundar. Það er frábært að þessir tveir hundar séu þeir fyrstu hér á landi, enda virkilega góðir fulltrúar tegundarinnar.“

Fallegir boxer og st. bernharðshundar

Arne kvaðst mjög ánægður með boxer í heild og voru margir hundar af miklum gæðum. „Mér fannst skapgerðin frábær og svo fannst mér margir með falleg höfuð.“ Það sama sagði hann um st. bernharðshundana. „Þeir voru frábærir! Bestu hundar tegundar í bæði stutt- og síðhærðum voru mjög fallegir. Mér fannst eins og ég hefði séð þann síðhærða áður og hafði rétt fyrir mér. Það er skemmtilegt að segja frá því að hann sigraði tegundahóp 2 hjá mér í Noregi!“

Gæði schäfer voru mjög góð yfir heildina, í báðum feldafbrigðunum. „Mér fannst rakkarnir almennt betri en tíkurnar. Ég hafði gaman af því að dæma marga fallega hvolpa innan tegundarinnar.“ Arne var sérlega hrifinn af besta hundi tegundar í welsh corgi permbroke sem varð þriðji besti hundur sýningar.

Arne dæmdi úrslit í tegundahópum 4/6 og 5. „Ég var mjög hrifinn af báðum langhundunum í 1. og 2. sæti í úrslitum í tegundahópi 4/6. Mér fannst tegundahópur 5 nokkuð sterkur og var ánægður með sigurvegarann minn sem endaði sem besti hundur sýningar.“

Hvolpar og öldungar

Hann dæmdi einnig besta hvolp dagsins í yngri flokki seinni dag sýningarinnar sem og úrslit um besta öldung sýningar. „Allir hvolparnir sem urðu í verðlaunasætum komu úr tegundahópi 9. Tíbet spaniel-tíkin sem sigraði var virkilega falleg, með góða topplínu og skemmtilegt skap. Hún þarf meiri tíma til að þroskast en er virkilega lofandi.“ Honum fannst mikill heiður að fá að dæma öldungana en besti öldungur sýningar var schäfer-tík sem varð besta tík tegundar hjá honum. „Þetta var 8 ára tík sem hreyfði sig mjög vel. Hún var með mjög góða topplínu og hreyfingarnar nutu sín enn betur í stóra hringnum.“

Að mati Arne voru hundarnir í úrslitum um besta hund sýningar virkilega fallegir. „Það voru 6-7 sem hefðu getað komist í verðlaunasæti að mínu mati. Ég var mjög hrifinn af siberian husky, weimaraner-tíkin varð betri og betri, ég var hrifinn af corgi og dvergschnauzer sömuleiðis.“

Arne vildi að lokum gefa okkur þau ráð að fá nýtt blóð í sumum tegundum. „Þið eruð samt á réttri braut í mörgum tegundum, til dæmis í schäfer, siberian husky, boxer og fleirum.“



Tegundahópur 5, 1. sæti
siberian husky
ISCh Múla Hrima
Eigendur: Olga Rannveig Bragadóttir og Haraldur K. Hilmarsson
Ræktandi: Steindór V. Sigurjónsson



Tegundahópur 7, 1. sæti
weimaraner
RW-13 C.I.E. ISShCh Trubon Cino Trounce
Eigandi: Hulda Jónasdóttir
Ræktandi: Miss S E Burton



Tegundahópur 8, 1. sæti
enskur springer spaniel
ISShCh RW-13 Lokkur frá Götu
Eigandi og ræktandi: Edda Janette Sigurðsson



Tegundahópur 9, 1. sæti
toy poodle
ISCh Lykkehúset's Culture Clash
Eigendur: Valborg Óðinsdóttir og Marta Georgsdóttir
Ræktandi: Michael Lykke



Tegundahópur 10, 1. sæti
írskur úlfhundur
Edgar Sawtelle Ardfhuil O'marksbay
Eigandi: Kristín Halla Sveinbjarnardóttir
Ræktendur: Wille Knut Olav og Larsen Øivind Berg



Ísland kom skemmtilega á óvart

Branislav Rajic frá Slóveníu sagði að Ísland hefði komið sér skemmtilega á óvart; gæði hundanna, fólkið og veðrið! „Ég bjóst ekki við svo miklu vegna þess að ég vissi hve einangruð þið eruð. Gæði hundanna ykkar komu mér svo sannarlega skemmtilega á óvart.“

Góður ræktunarhópur tíbet spaniel-hunda

Aðspurður um tegundirnar sem hann dæmdi sagðist hann hafa fundið gæðahunda innan flestra ef ekki allra. Samt sem áður var hann ekki hrifinn af terrier-hundunum yfir heildina. „Ég held að vandamálið sé það að tegundirnar eru ekki vinsælar hér á landi og samkeppnin ekki nógu mikil. Þar af leiðandi leitast ræktendur ef til vill ekki við að rækta betri og betri hunda.“ Aðra sögu hafði hann að segja um tegundir innan tegundahóps 9. „Mér fannst tegundahópur 9 sterkastur og ræktendur virðast vera á réttri braut.“ Í þessu samhengi nefndi hann besta ræktunarhóp dagsins sem var hópur tíbet spaniel hunda. „Ég veit hve erfitt það er að rækta svo marga fallega og jafna hunda af þessari tegund og mig langaði mikið að verðlauna þennan ræktunarhóp enda átti hann það fyllilega skilið.“

Hann var almennt ánægður með gæði afghan hound en sagði rakkana betri en tíkurnar. Hann var mjög hrifinn af írsku úlfhundinum sem sigraði tegundahóp 10.

Enginn ýktur amerískur cocker spaniel

Branislav dæmdi nokkrar tegundir í tegundahópi 8 og var sérlega ánægður með besta hund tegundar í enskum springer spaniel sem sigraði tegundahóp 8. „Golden retriever voru af ágætum gæðum og ég var ánægður með hve heilbrigðir þeir voru. Ég gat ekki fundið neinn galla í tegundinni.“ Hann kvaðst sáttur með gæði í enskum og amerískum cocker. „Í amerískum cocker var ég að leita eftir góðum topplínunum og heilbrigðum augum sérstaklega. Mér fannst frábært að enginn þeirra var ýktur á neinn hátt, til dæmis með gíraffaháls sem virðist stundum vera í tísku í tegundinni. Besti hundur tegundar fannst mér mjög fallegur og hafði alla þá kosti sem tegundin á að bera.“

Tegundahópur 9 sterkur

Eins og áður sagði var Branislav hrifinn af mörgum tegundum í tegundahópi 9. „Ég dæmdi cavalier king charles spaniel og var mjög ánægður með heildargæðin. Ég var frekar strangur og leitaði eftir góðum topplínunum og góðri höfuðgerð. Allir voru með rétt augu. Mér fannst allir litirnir koma vel út og dæmdi enga hunda sem mér þóttu slæmir.“ Shih tzu voru nokkuð góðir að mati Branislav og sagðist hann ekki hafa dæmt neinn hund með öndunarvandamál sem gladdi hann mikið. Einnig var hann ánægður með skapgerð þeirra. Tíbet spaniel voru margir hverjir af miklum gæðum að hans sögn. „Enginn þeirra var ýktur á neinn hátt og mér fannst margir hafa þetta náttúrulega útlit tegundarinnar sem er svo mikilvægt. Ég dæmdi engan sem var með of mikið undirbit eins og er frekar algengt í tegundinni erlendis. Tegundin á að hafa undirbit en alls ekki of mikið (e. slight undershot) en fólk úti í heimi virðist misskilja þetta og rækta hunda með of mikið undirbit og skilja stundum ekkert í mínum dómum.“

Branislav dæmdi úrslit í tegundahópi 3 og var mjög ánægður með sigurvegarann sem var öldungstík af tegundinni border terrier. „Eins og áður sagði var ég ekkert sérlega ánægður með heildargæðin í tegundahópi 3. Hins vegar var ég mjög hrifinn af öldungstíkinni sem sigraði. Einnig dæmdi ég mjög lofandi dandie dinmont-hvolp sem var nú þegar orðin svo falleg en ég dæmdi einmitt tegundina á heimssýningunni. Hún á eftir að fá meiri feld en að öðru leyti er hún virkilega góður fulltrúi tegundarinnar.“

Að lokum sagði Branislav að Ísland væri mjög fagmannlegt í hundaheiminum og sagðist vona að einangrunin yrði lögð niður sem fyrst.

Efnilegir ungir sýnendur

Rakel Ósk Þrastardóttir dæmdi unga sýnendur, bæði yngri og eldri flokk. Rakel var sigursæl í ungum sýnendum á sínum yngri árum og var fulltrúi Íslands á Crufts 2006 og 2007. Hún var ánægð með unga sýnendur og sagðist spennt að fylgjast með öllum ungu og efnilegu krökkunum sem sýndu í yngri flokki í framtíðinni. Eldri flokkurinn var mjög sterkur, að hennar sögn, og þar voru margir sem gætu staðið sig með mikilli þrýði á stóru sýningunum erlendis.

Gott samband við hundinn mikilvægt

Aðspurð að því hverju hún leitaði helst eftir í fari sýnenda sagði Rakel. „Það sem mér finnst skipta mestu máli hjá ungum sýnendum er að eiga gott samband við hundinn ásamt því að vera meðvitaður um stöðu og fyrirmæli dómara. Einnig finnst mér skipta miklu máli að krakkarnir sýni hundinum sínum þolinmæði, að þau hafi gaman að keppninni og sýni án nokkurar tilgerðar.“

Yngri flokkur stóð sig vel

Í yngri flokki sigraði stúlka sem sýndi chow chow. Hún var með einstaklega gott samband við hundinn, hlustaði vel á öll fyrirmæli og hafði greinilega mikla ánægju af því að sýna. „Það sama má segja um stúlkuna sem varð í 2. sæti og sýndi pug. Ég frétti eftir keppnina að þetta hefði verið hennar fyrsta sýning og stóð hún sig með mikilli þrýði.“ Í 3. sæti var mjög efnilegur strákur sem sýndi íslenskan fjárhund og í því 4. stúlka sem sýndi australian shepherd af mikilli lagni.

Sterkur eldri flokkur

Rakel átti í erfiðleikum með að velja á milli sýnendanna í eldri flokki enda samkeppnin hörð og sýnendur komnir með mikla reynslu og tækni. Eldri flokkinn sigraði stúlka sem sýndi afghan hound. „Mjög gott samband var á milli hennar og tíkarinnar og hún gerði öll tækniatriði mjög vel. Einnig stóð hún sig mjög vel með hundana sem hún fékk í skiptum og sýndi þá af lagni og þolinmæði. Það var augljóst allan tímann að hún hafði mikla ánægju af því sem hún var að gera, það geislaði af henni.“ Í 2. sæti var stúlka sem sýndi snögghærðan vorsteh sem sýndi einkar vel og var með tæknina á hreinu. Í 3. sæti var stúlka sem sýndi australian shepherd og í því 4. stúlka með standard schnauzer. Rakel fannst þær báðar mjög efnilegar.

Mikilvægt að hlusta á fyrirmæli

Rakel fannst erfiðast að horfa upp á efnilega sýnendur sem hlustuðu ekki nægilega vel á fyrirmæli hennar. „Það er svo mikilvægt að hlusta vel á dómarann og fylgjast alltaf vel með því hvar hann stendur svo æfingarnar heppnist fullkomlega.“ Að lokum vildi Rakel hrósa Unglingadeildinni fyrir öflugt barna- og unglingastarf og sagði deildina hafa staðið einkar vel að keppninni.



Besti ræktunarhópur sýningar laugardag, 1. sæti siberian husky: Miðnætur-ræktun. Ræktandi: Stefán Arnarson



Besti afkvæmahópur sýningar laugardag, 1. sæti dverg schnauzer (svartur): ISCh Barba Nigra Miss Sunshine & afkvæmi



Besti ræktunarhópur sýningar sunnudag, 1. sæti tibet spaniel: Tíbrár Tinda-ræktun. Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir




Besti afkvæmahópur sýningar sunnudag, 1. sæti schäfer snögghærður: Eldeyjar Hugji & afkvæmi

Ungir sýnendur, **yngr**i flokkur



Ungir sýnendur, yngr*i* flokkur, 1. sæti:
Agatha Elín Steinþórsdóttir með chow chow



Ungir sýnendur, yngr*i* flokkur, 2. sæti
Stefanía Stella Baldursdóttir með pug



Ungir sýnendur, yngr*i* flokkur, 4. sæti
Védís Huld Sigurðardóttir með australian shepherd



Ungir sýnendur, yngr*i* flokkur, 3. sæti
Brynjar Ari Magnússon með ísliskan fjárhund

Ungir sýnendur, **eldri** flokkur



Á.Á.2014

Ungir sýnendur, eldri flokkur, 1. sæti
Margrét Hauksdóttir með afghan hound



AA

Ungir sýnendur, eldri flokkur, 2. sæti
Helga Þóll Guðjónsdóttir með snögghæðan vorsteh



AA

Ungir sýnendur, eldri flokkur, 3. sæti
Ingunn Birta Ómarsdóttir með australian shepherd



A

Ungir sýnendur, eldri flokkur, 4. sæti
Hilda Björk Friðriksdóttir með standard schnauzer

Tegundahópur 1



Tegundahópur 1, 1. sæti, welsh corgi pembroke
ISW-13 RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at Craigyccor
Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Katy Elizabeth Cartlidge



Tegundahópur 1, 2. sæti, schäfer snöggærður
Gjösku Osborne-Tyson
Eigandi: Aðalheiður Þorsteinsdóttir
Ræktandi: Arna Rúnarsdóttir



Tegundahópur 1, 3. sæti, australian shepherd
Thornapple Seduction
Eigandi: Marianna Gunnarsdóttir
Ræktandi: Ellen S Brandenburg



Tegundahópur 1, 4. sæti, border collie
Heimsenda Hugmynd HIT
Eigandi: Guðrún Sigríður Sigurðardóttir
Ræktandi: Lára Birgisdóttir

Tegundahópur 2



Tegundahópur 2, 1. sæti, dvergshnauzer (svartur/silfur)
Helguhlíðar Játvarður
Eigendur: Margrét Kjartansdóttir og Páll Sævar Guðjónsson
Ræktandi: Margrét Kjartansdóttir



Tegundahópur 2, 2. sæti, dobermann
Ruiz Ritta Di Altobello
Eigandi: Anton Kristinn Þórarinnsson
Ræktandi: Malbasa Dejan



Tegundahópur 2, 3. sæti, dvergshnauzer (svartur)
ISCh Barba Nigra Miss Sunshine
Eigandi: Líney Björk Ivarsdóttir
Ræktandi: Tony Schultheiss



Tegundahópur 2, 4. sæti, st. bernharðshundur snöggærður
RW-13 ISCh Bayero's Magic Dream
Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir
Ræktendur: Lillevík May Inger og Hjeldnes Trond

Tegundahópur 3



Tegundahópur 3, 1. sæti, border terrier
C.I.B. ISCh Sólskinsgeisla Kvöld Rökkurdis
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Guðrún Hafberg



Tegundahópur 3, 2. sæti, yorkshire terrier
Gulltoppa Daði
Eigendur og ræktendur:
Sigrún Gréta Einarsdóttir og Þórarinn Pálsson



Tegundahópur 3, 3. sæti, silky terrier
Paradise Passion Erró
Eigandi: Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir
Ræktendur: Jónína Guðný Elisabetardóttir
og Elísabet Kristjánsdóttir



Tegundahópur 3, 4. sæti, irish soft coated wheaten terrier
Wibrimic's Candy Cane
Eigandi: Anna María Gunnarsdóttir
Ræktendur: Britt & Mikael Moberg

Tegundahópur 4/6



Tegundahópur 4/6, 1. sæti
dachshund miniature síðhærður
ISCh Luna Caprese Immagine Allo Specchio
Eigandi: Hallveig Karlsdóttir
Ræktandi: Lamarca Francesco



Tegundahópur 4/6, 2. sæti, dachshund miniature snögghærður
ISW-13 RW-13 Sundsdal's Wee Kind Of Magic
Eigendur: Arinbjörn Friðriksson og Margrét G. Andrésdóttir
Ræktendur: Gitte, Juul og Kent Sundsdal.



Tegundahópur 4/6, 3. sæti, rhodesian ridgeback
RW-13 ISCh Lioncharm African Awena
Eigandi: Þorkell Olgeirsson
Ræktandi: Merete Myrheim



Tegundahópur 4/6, 4. sæti, basset fauve de bretagne
RW-13 Islands-Nollar Citronepepper
Eigandi og ræktandi: Süssanna Poulsen

Tegundahópur 5



Tegundahópur 5, 1. sæti, siberian husky
ISCh Múla Hríma.
Eigendur: Olga Rannveig Bragadóttir og Haraldur K. Hilmarsson
Ræktandi: Steindór V. Sigurjónsson



Tegundahópur 5, 2. sæti, íslenskur fjárhundur
Stefsstells Sunna á Ólafsvöllum
Eigandi: Mette Pedersen
Ræktandi: Stefánía Sigurðardóttir



Tegundahópur 5, 3. sæti, norwegian lundehund
Eriksro Bright Profastur
Eigandi: Sólrún Lilja Ragnarsdóttir
Ræktandi: Rosenberg Anneli



Tegundahópur 5, 4. sæti, pomeranian
RW-13 ISCh Callevys Cortland
Eigandi: Sóley Halla Möller
Ræktendur: Eivy Ákesson og Fredrik Nilsson

Tegundahópur 7



Tegundahópur 7, 1. sæti, weimaraner
RW-13 C.I.E. ISSCh Trubon Cino Trounce
Eigandi: Hulda Jónasdóttir
Ræktandi: Miss S E Burton



Tegundahópur 7, 2. sæti, írskur setter
ISSCh Eðal Íkarus
Eigandi: Ásdís Bragadóttir
Ræktendur: Hreiðar Karlsson og Elín Gestsdóttir



Tegundahópur 7, 3. sæti, vorsteh snögghærður
Bendishunda Móri
Eigendur og ræktendur: Einar Páll Garðarsson
og Sigríður Odný Hrólfsdóttir



Tegundahópur 7, 4. sæti, vorsteh strýhærður
RW-13 Ice Artemis Úranus
Eigandi: Valdimar Bergstað
Ræktandi: Lárus Eggertsson

Tegundahópur 8



Tegundahópur 8, 1. sæti, enskur springer spaniel
ISShCh RW-13 Lokkur frá Götu
Eigandi og ræktandi: Edda Janette Sigurðsson



Tegundahópur 8, 2. sæti, labrador retriever
ISShCh Mánasteins Birta
Eigandi: Guðrún Rakel Svandísardóttir
Ræktandi: Svandís Magnúsdóttir



Tegundahópur 8, 3. sæti, amerískur cocker spaniel
RW-13 Eldhuga Can't Buy Me Love
Eigandi: Valborg Óðinsdóttir
Ræktendur: Bryndís Pétursdóttir og Guðmundur Bjarnason



Tegundahópur 8, 4. sæti, flat-coated retriever
Bez-Ami's Always My Charming Tosca
Eigandi: Fanney Harðardóttir
Ræktandi: Bittan Börjesson

Tegundahópur 9



Tegundahópur 9, 1. sæti, toy poodle
ISCh Lykkehúset's Culture Clash
Eigendur: Valborg Óðinsdóttir og Marta Georgsdóttir
Ræktandi: Michael Lykke



Tegundahópur 9, 2. sæti, chinese crested
Practical Hero Just Joking
Eigandi: Kristjana Margrét Svansdóttir
Ræktandi: Aldis Ívardsdóttir



Tegundahópur 9, 3. sæti, chihuahua snöggærður
Himna Glöð
Eigendur: Benedikta Ketilsdóttir og Sigurbjörg Vignisdóttir
Ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir



Tegundahópur 9, 4. sæti, tibet spaniel
C.I.B. ISCh Tibrár Tinda Monastery's Guardian
Eigendur: Auður Valgeirsdóttir og Rannveig Rúna Viggósdóttir
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Tegundahópur 10



Tegundahópur 10, 1. sæti, írskur úlfhundur
Edgar Sawtelle Arðfhuil O'marksbay
Eigandi: Kristín Halla Sveinbjarnardóttir
Ræktendur: Wille Knut Olav og Larsen Øvind Berg



Tegundahópur 10, 2. sæti, saluki
ISCh Chisobee Jared
Eigendur: Þorsteinn Thorsteinson, Mrs. S. Pass og Mrs. V. Tompkins
Ræktandi: Ms. M. Smithson



Tegundahópur 10, 3. sæti, afghan hound
C.I.B. ISCh Alphaville's Stand By Me
Eigandi: Sunniva Hrud Snorradóttir
Ræktendur: Yvonne Ljungkvist og Tommy Karlsson



Tegundahópur 10, 4. sæti, whippet
Tylko Ty (FCI) Planeta Venus
Eigandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Justyna Szopa

Besti öldungur sýningar



Besti öldungur sýningar, 1. sæti, schäfer
snöggærður: C.I.B. ISCh Easy von Santamar
Eigandi: Arna Rúnarsdóttir
Ræktandi: Marc Van Hout



Besti öldungur sýningar, 2. sæti,
papillon: Höfðaborgar Birta
Eigandi og ræktandi: Þórunn Sigurðardóttir



Besti öldungur sýningar, 3. sæti, chihuahua síðhærður
RW-13 C.I.B. ISCh Himna Sól
Eigandi og ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir



Besti öldungur sýningar, 4. sæti, íslenskur fjárhundur
Arnarstaða Askur
Eigandi: Þróstur Ólafsson
Ræktandi: Guðrjúður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Besti hvolpur sýningar 4-6 mán. laugard.



Besti hvolpur sýningar laugardag 4-6 mánaða, 1. sæti
amerískur cocker spaniel: Dropasteins Lamborghini Adventator
Eigendur og ræktendur: Ingbjörg Svana
Runólfssdóttir og Tryggvi Erlingsson



Besti hvolpur sýningar laugardag 4-6 mánaða, 2. sæti
dvergschnauzer (svartur/sílfur): Icenice Madonna
Eigandi og ræktandi: Rákel Rán Guðjónsdóttir



Besti hvolpur sýningar laugardag 4-6 mánaða, 3. sæti
labrador retriever: Vetarmána Paradís
Eigandi og ræktandi: Kristín Á. Gunnarsdóttir



Besti hvolpur sýningar laugardag 4-6 mánaða, 4. sæti
íslenskur fjárhundur: Stjórnuljósa Hjálmur
Eigandi: Brynhildur Inga Einarssdóttir
Ræktandi: Margrét Bára Magnúsdóttir

Besti hvolpur sýningar 6-9 mán. laugard.



Besti hvolpur sýningar laugardag 6-9 mánaða, 1. sæti
boxer
Robinsteck Al Pacino
Eigandi og ræktandi: Mrs A. J. Robinson



Besti hvolpur sýningar laugardag 6-9 mánaða, 2. sæti
labrador retriever: Leynigarðs Hula
Eigendur og ræktendur: Guðlaug Gísladóttir og Sigrún R. Guðlaugadóttir



Besti hvolpur sýningar laugardag 6-9 mánaða, 3. sæti
dvergschnauzer (svartur): Svartwalds Entertain Me
Eigendur: María Björg Tamimi og Anna Gréta Sveinsdóttir
Ræktandi: María Björg Tamimi



Besti hvolpur sýningar laugardag 6-9 mánaða, 4. sæti
dandie dinmont terrier: Sjöbolyckans Ríkissa Av Polen
Eigandi og ræktandi: Janette Andersson

**Besti hvolpur sýningar
4-6 mán. sunnud.**



Besti hvolpur sýningar sunnudag 4-6 mánaða, 1. sæti
tibet spaniel: Hnota
Eigandi: Guðrún Guðmundsdóttir
Ræktandi: Dagný Egilsdóttir



Besti hvolpur sýningar, sunudag 4-6 mánaða, 2. sæti
griffon bruxellois: Halastjörnu Guðrður geðbrúða
Eigandi og ræktandi: Brynja Tomer



Besti hvolpur sýningar sunnudag 4-6 mánaða, 3. sæti
cavalier king charles spaniel: Ljúflings Jarl
Eigandi og ræktandi: María Tómasdóttir



Besti hvolpur sýningar sunnudag 4-6 mánaða, 4. sæti
papillon: Butterfly's Kisses Simply The Best
Eigandi: Björn Hólmþrússon
Ræktandi: Jóna Karlotta Herbertsdóttir

**Besti hvolpur sýningar
6-9 mán. sunnud.**



Besti hvolpur sýningar sunnudag 6-9 mánaða, 1. sæti
lhasa apso: Crystal Eye's Picasso Painter
Eigandi: Alexandra Björg Eypórsdóttir
Ræktendur: Charlotte og Frank Wandborg



Besti hvolpur sýningar sunnudag 6-9 mánaða, 2. sæti
papillon: Aiming High Be My Number One
Eigandi: Pamela Perez
Ræktandi: Magnea Hilmarsdóttir



Besti hvolpur sýningar sunnudag 6-9 mánaða, 3. sæti
schäfer síðhærður: Gjökku Rökkvi-Þór
Eigandi: Sóley Isabelle Heenen
Ræktandi: Arna Rúnarsdóttir



Besti hvolpur sýningar sunnudag 6-9 mánaða, 4. sæti
chihuahua síðhærður
Himna Fálki
Eigandi og ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir

**Besti ræktunarhópur
sýningar. laugard.**



Besti ræktunarhópur sýningar laugardag, 1. sæti
siberian husky: Miðnætur-ræktun
Ræktandi: Stefán Arnarson



Besti ræktunarhópur sýningar laugardag, 2. sæti
dverschnauzer (svartur): Svartwalds-ræktun
Ræktandi: María Björg Tamimi



Besti ræktunarhópur sýningar laugardag, 3. sæti
Íslenskur fjárhundur: Arnarstaða-ræktun
Ræktandi: Guðrður Þorbjörg Valgeirsdóttir



Besti ræktunarhópur sýningar laugardag, 4. sæti
dverschnauzer (svartur/silfur)
Helguhlíðar-ræktun
Ræktandi: Margrét Kjartansdóttir

Besti afkvæmahópur sýningar. laugard.



Besti afkvæmahópur sýningar laugardag, 1. sæti
dvergshnauzer (svartur)
ISCh Barba Nigra Miss Sunshine & afkvæmi

Besti ræktunarhópur sýningar. sunnud.



Besti ræktunarhópur sýningar sunnudag, 1. sæti
tibet spaniel: Tíbráar Tinda-ræktun
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Besti afkvæmahópur sýningar. sunnud.



Besti afkvæmahópur sýningar sunnudag, 1. sæti
schäfer snöggærður: Eldeyjar Hugi & afkvæmi



Besti afkvæmahópur sýningar laugardag, 2. sæti
siberian husky
ISCh Múla Hríma & afkvæmi



Besti ræktunarhópur sýningar sunnudag, 2. sæti
schäfer snöggærður: Kolgrímu-ræktun
Ræktandi: Sirry Halla Stefánsdóttir



Besti afkvæmahópur sýningar sunnudag, 2. sæti
weimaraner: RW-13 C.I.E. ISShCh Trubon Cino Trounce & afkvæmi



Besti afkvæmahópur sýningar laugardag, 3. sæti
Íslenskur fjárhundur
Arnarstaða Skrumba & afkvæmi



Besti ræktunarhópur sýningar sunnudag, 3. sæti
papillon: Hálsakots-ræktun
Ræktandi: Ásta María Guðbergsdóttir



Besti afkvæmahópur sýningar sunnudag, 3. sæti
australian shepherd: Thornapple Seduction & afkvæmi



Besti afkvæmahópur sýningar laugardag, 3. sæti
Íslenskur fjárhundur
Arnarstaða Skrumba & afkvæmi



Besti ræktunarhópur sýningar sunnudag, 4. sæti
chihuahua snöggærður: Himna-ræktun
Ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir



Besti afkvæmahópur sýningar sunnudag, 4. sæti
chihuahua síðhærður: ISCh Perlu-Hvamma Glói & afkvæmi



Frá Hundaræktarfélagi Íslands

www.hrfi.is – hrfi@hrfi.is

Opnunartími skrifstofu er sem hér segir:
Mánudag til föstudags frá kl.10.00-15.00

Áður en hundur er augnskoðaður, mjaðma- og/eða olnbogamyndaður skal hann örmerktur. Auk þess skulu hundar, sem taka þátt í viðburðum á vegum félagsins, t.d. sýningum, veiði, hlýðni og sporaprófum svo og skapgerðarmati, einnig vera örmerktir. Þetta ákvæði gildir fyrir alla hunda óháð fæðingardegi. Sé þessi regla ekki uppfyllt hefur hundurinn ekki rétt til þátttöku.

Mjaðma- og/eða olnbogamyndir er núna hægt að senda til aflestrar til SKK (sænska hundaræktarfélagins). SKK lofar niðurstöðu innan 10 daga frá því að myndir berast þeim. Dýralæknar sjá um að senda myndirnar til SKK en greitt er fyrir aflesturinn á skrifstofu HRFÍ. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is.

Að gefnu tilefni telur stjórn HRFÍ áriðandi að ítreka það að ræktendur noti ekki til

undaneldis þá hunda sem uppfylla ekki þau heilsufarspróf (t.d. augnskoðun, mjaðmamyndun og /eða olnbogamyndir) sem gilda fyrir tegundina.

Á skrifstofu félagsins eru ýmsar vörur til sölu, t.d. peysur, bolir, barmmerki, rósettur og hundamöppur. Bendum við sérstaklega á nýjar gerðir af rósettum en núna er hægt að kaupa rósettu fyrir 1. sæti, meistaraefni, heiðursverðlaun, besta hvolp tegundar og besta öldung tegundar.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa að sýningum félagsins eru beðnir að setja sig í samband við skrifstofu. Alltaf er þörf á góðu fólki sem tilbúið er að leggja hönd á plóg við uppbyggingu á starfsemi félagsins.

Boðið er upp á sýningarþjálfun í umsjón ræktunardeilda og Unglingadeildar fyrir sýningar Hundaræktarfélagins. Nánar auglýst á vefsíðunni.

Til að tryggja að innfluttur hundur komist á sýningu þurfa gögn þess efnis, þ.e. frumrit ættbókarskírteinis, staðfesting á eiganda hunds og staðfesting á veru hundsins í einangrunarstöð, að hafa borist skrifstofu tveimur vikum fyrir síðasta skráningardag. Sama gildir um skráningu gota.

Augnskoðun hunda með ættbók frá HRFÍ er fyrir virka félagsmenn. Hundaeigendur, sem ekki eru félagsmenn í HRFÍ en með hunda í ættbók HRFÍ, geta skráð sig í augnskoðun gegn hærra gjaldi. Hundar virkra félagsmanna ganga fyrir í augnskoðun. Vegna smithættu hvolpa er eigendum nýgotinna tika vinsamlegast bent á að koma ekki með þær í augnskoðun. Augnskoðun hunda er ekki endurgreidd nema viðkomandi boði forföll tímanlega

Vinsamlegast tilkynnið til skrifstofu félagsins breytingar á heimilisfangi, símanúmeri, póst- og netfangi. Einnig ef ættbókafærður hundur í ykkar eigu deyr.

Á döfinni

Tvöföld afmælisýning 21. – 22. júní 2014

Reykjavík Winner á laugardag og alþjóðleg sýning á sunnudag. Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 23. maí
Dómarar: Gunnar Nymann (Danmörk), Malgorzata Supronowicz (Pólland), Tomasz Borkowski (Pólland), Birgitta Svarstad (Svíþjóð), Péter Harsányi (Ungverjaland), Eivind Mjaerum (Noregur) og fleiri.

Hvolpasýning - Víðidalnum

Reykjavík 27. júlí 2014
Skráningarfrestur rennur út fimmtudaginn 3. júlí
Dómarar: Nánar auglýst síðar

Alþjóðleg hundasýning

6.-7. september 2014
Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 15. ágúst
Dómarar: Jo Schepers (Holland), Saija Juutilainen (Finnland), Jussi Liimatainen (Finnland), Laurent Heinesche (Lúxemborg), Yolanda Nagler (Ísrael), Paolo Dondina (Ítalía) og fleiri.

Hundaskóli HRFÍ býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir hundaeigendur. Hundanámskeið eru í fullum gangi og eru opin öllum hundum. Skráning og upplýsingar eru á vefsíðu HRFÍ.

Vinnupróf og æfingar á vegum Vinnuhundadeildar eru auglýst á vefsíðu deildarinnar.

Veiðipróf fyrir retriever- og standandi fuglahunda eru auglýst á vefsíðum deildanna.

Augnskoðun verður næst helgina 6.-8. júní í Reykjavík og á Akureyri, skráning er hafin. Tímabantanir fara fram á skrifstofu. Gefa skal upp ættbókarnúmer hunds og ganga frá greiðslu um leið og hundur er skráður.

ÍSLENSKIR MEISTARAR (ISCH)



Íslenskur fjárhundur

ISCh Arnarstaða Nagli

Eigandi: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir og Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Ræktandi: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir



Dvergschnauzer (svartur/silfur)

ISCh Helguhlíðar Dimma

Eigandi: Gunnhildur Sveinbjarnardóttir

Ræktandi: Margrét Kjartansdóttir



Schnauzer

ISCh RW13 Black Standard Along came Polly

Eigandi: Ævar Örn Ævarsson

Ræktandi: Sigrún Valdimarsdóttir

ÍSLENSKUR VEIÐIMEISTARI (ISFTCH)



Labrador retriever

ISFtCh Copperbirch Samurai

Eigandi: Sigurmon Marvin Hreinsson

Ræktandi: Mr K Mathews

ÍSLENSKIR SÝNINGAMEISTARAR (ISSHCH)



Golden retriever

ISShCh Amazing Gold Erro

Eigandi: Jónas Þorsteinsson

Ræktandi: Kristjana Jónsdóttir



Minature dachshund síðhærður

ISShCh Luna Caprese Immagine Allo Specchio

Eigandi: Hallveig Karlsdóttir

Ræktandi: Lamarca Francesco

NÝIR MEISTARAR



Hágæða náttúrlegar snyrtivörur
fyrir hundinn þinn


BIO-GROOM®

Boxerdeild



RW-13 Son of A Gun at Berwynfa JW, besti hundur tegundar á febrúarsýningunni.

Á febrúarsýningunni var dómari Arne Foss frá Noregi. Helstu úrslit voru þessi:

BOB: RW-13 Son of A Gun at Berwynfa JW

BOS: RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be

Rakkar:

1. RW-13 Son of a Gun at Berwynfa JW með sitt þriðja íslenska meistarasig og CACIB
2. Bjarkeyjar Last Man Standing, meistaraefni
3. ISShCh Bjarkeyjar Ísar, vara-CACIB

Tíkur:

1. RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be með CACIB
2. ISShCh Bjarkeyjar Ísold, vara-CACIB

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða:

1. Hagalíns Kickin' Up Dust

Besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða:

1. Robinsteck Al Pacino sem varð síðan besti hvolpur sýningar laugardagsins. Hann varð einnig besti hvolpur sýningar á hvolpasýningu HRFÍ sem haldin var í janúar.

Got eru væntanleg hjá Bjarkeyjar- og Hagalíns-ræktun .

F.h. deildarinnar,
Inga Björk Gunnarsdóttir.

Cavalierdeild



Besti hvolpur tegundar og besti hvolpur dagsins 4-6 mánaða, Ljúflings Jarl með eiganda sínum, Guðríði Vestars.

Á febrúarsýningu HRFÍ 22.-23. febrúar voru 35 cavalierar skráðir, þar af 6 hvolpar. Dómari cavalieranna var Branislav Rajik frá Slóveníu.

Úrslit voru eftirfarandi:**BOB var ISCh Sandasels Kvika og BOS Bjargar Kaldi.**

Bæði fengu cacibstíg og Bjargar Kaldi fékk sitt annað meistarasig. Eigandi og ræktandi Sandasels Kviku er Kolbrún Þórlindsdóttir og eigandi Bjargar Kalda, Guðrún Birna Jørgensen en ræktandi Ásta Björg Guðjónsdóttir. Þar sem Sandasels Kvika hefur þegar fengið 4 cacibstíg gengur stigið til Eldlilju Melkorku sem einnig fékk sitt fyrsta meistarasig á þessari sýningu. Eigandi hennar og ræktandi er Þórunn Aldís Pétursdóttir.

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða var Ljúflings Jarl og besti hvolpur 6-9 mánaða var Hrísnés Sonja. Ljúflings Jarl varð 3. besti hvolpur sýningar í sínum flokki en aðrir komust ekki í úrslit. Eigandi Jarls er Guðríður Vestars og ræktandi María Tómasdóttir en eigandi og ræktandi Hrísnés Sonju er Þuríður Hilmarsdóttir. Sendum öllum hlutaðeigandi hamingjuóskir.

Nánari sýningarúrslit eru á heimasíðu deildarinnar www.cavalier.is undir sýningar - úrslit.

Síðastliðið ár var mikið samdráttarár hjá deildinni bæði hvað varðar ræktun og sýningar að undanskilinni glæsilegri deildarsýningu sem við höldum í apríl á síðasta ári. Alls voru 23 got á árinu og 84 lifandi fæddir hvolpar en árið 2012 voru gotin 33 og 135 hvolpar. Rakkarnir voru í meirihluta eða 48 á móti 36 tíkum. Mest fæddist af blenheim-hvolpum. 16 ræktendur voru með got á árinu, þar af þrjú nýir ræktendur sem allir hafa fengið ræktunarnöfn. Þjóðum við þá velkomna í ræktendahópinn okkar. 12 rakkar voru notaðir til undaneldis.

99 cavalierar voru hjartahlustaðir á árinu þar af 43 undir 4 ára aldri. Þeir voru allir fríir af míturmurri. Af eldri cavalierunum greindust 7 með vægt murr á byrjunarstigi eða vel undir 10% af þeim sem skoðaðir voru. Þetta er svipuð útkoma og var síðastliðið ár. Um leið og hjartahlustun fer fram eru hnéskeljar einnig skoðaðar. Hnéskeljalos er nánast óþekkt í tegundinni en af þessum 99 cavalierum greindist aðeins 1 með vægt hnéskeljalos, gráðu 1.

63 cavalierar voru augnskoðaðir, 41 tik og 22 rakkar, heldur fleiri en árið á undan. Enginn greindist með alvarlegan augnsjúkdóm en minni háttar athugasemdir voru gerðar hjá sumum hundanna, svo sem aukaaughár og kólesterol-kristallar.

17 hundar voru DNA prófaðir vegna DE/CC og EF og voru þeir allir fríir af DE/CC og 13 fríir af EF en 4 voru arfberar.

Göngunefndin stóð fyrir 12 göngum á árinu og var mæting yfirleitt góð með 20 til 40 hunda þátttöku og annar eins hópur af tvífætlingum. Veðrið var allt frá góðu upp í frábært en nóvembergönguna

þurfti þó að fella niður vegna veðurs. Auk þess sá nefndin um aðventukaffið, sem haldið var á Korputorgi, og þar mættu um 50 hundar og menn. Færum við göngunefndinni bestu þakkir fyrir þeirra frábæra framlag til deildarinnar.

Eins og áður var getið voru aðeins skráðir 119 cavalierar á HRFÍ-sýningarnar á árinu 2013 á móti 184 árið 2012 og 188 árið 2011. Á deildarsýninguna í apríl var 81 cavalier skráður svo hún hefur auðvitað áhrif en árið 2011 var einnig deildarsýning en á þá sýningu var skráður 51 til viðbótar þeim 188 sem komu á HRFÍ-sýningarnar. Greinilegt er að áhugi á sýningum fer minnkandi, hver sem ástæðan er. Við eignuðumst tvo alþjóðlega meistara á árinu, þau RW-13 ISCh Ljúflings Dýra og ISCh Sandasels Kviku og einn íslenskan meistara, ISCh Hrísnés Krumma Nóa. Stigahæsti cavalierinn var RW-13 ISCh Ljúflings Dýri og stigahæsti ræktandinn Ljúflings-ræktun.

Skýrsla stjórnar er í heild sinni á síðu deildarinnar www.cavalier.is

F.h.stjórnar,
María Tómasdóttir.

Chihuahuedeild



Þá er nýtt ár gengið í garð og okkar fyrsta sýning afstaðin. Við vorum svo heppin að fá hann Francesco Cochetti til að dæma tegundina okkar. Einnig hélt hann mjög góðan fyrirlestur um chihuahua en deildin bauð sínum félagsmönnum á hann.

Við vorum með þrjár sýningaþjálfanir fyrir þessa sýningu og var vel mætt á þær allar.

Metfjöldi af chihuahua-hundum var skráður á vorsýninguna sem var 22.-23. febrúar. 44 síðhærðir og 13 snöggir voru skráðir til leiks. Gaman var að sjá svona marga hunda skráða.

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. mars á skrifstofu HRFÍ og var mæting góð. Kosið var í stjórn og voru eftirfarandi kosnir: Sigurbjörg Vignisdóttir til tveggja ára, Rósa Traustadóttir til tveggja ára, Berglind Magnúsdóttir til eins árs og Ólöf Karen Sveinsdóttir til eins árs. Kristín Þórmundsdóttir á eitt ár eftir í stjórn og situr því áfram.

Þar sem aðalfundurinn er nýfstaðinn á stjórn eftir að skipuleggja næsta starfsár en eitt er víst að okkar fræga

páskabingó verður á sínum stað fyrir páska, dagsetning er þó ekki komin á hreint.

Vorsýning 22. febrúar

Dómari: Francesco Cochetti frá Ítalíu

Snöggir

BOB: Himna Glóð sem einnig varð í 3. sæti í tegundahópi 9

BOS: Himna Jafar

BÖT: ISCh Perluskins Cairo Paolo

Besti ræktunarhópur tegundar:

Himna-ræktun, varð einnig

4. besti ræktunarhópur dagsins

Síðhærðir

BOB: RW-13 C.I.B. ISCh Himna Sól

BOS: NORDUCH ESTCh LVCh FINUCH

DKUCh ISCh Himna Eldur

Hvolpar 6-9 mánaða

B.hv.t. 1: Himna Fálki sem var

einnig 4. besti hvolpur dagsins

B.hv.t. 2: Himna Lóa

BÖT: RW-13 C.I.B. ISCh Himna Sól sem

var einnig 3. besti öldungur sýningar

Besti ræktunarhópur tegundar:

Himna-ræktun, heiðursverðlaun

Besti afkvæmahópur tegundar:

Undan ISCh Perlu-hvamma Glóa,

heiðursverðlaun, varð einnig 4.

besti ræktunarhópur dagsins

Leiðréttingar:

Máisýning 2013 síðhærða vantaði

Besti ræktunarhópur tegundar:

Hrímnis-ræktun, heiðursverðlaun

Besta par tegundar:

Edward Zidane og Litla Ljós á Stekk

Septembersýning 2013 rangt var

farið með úrslit síðhærðra hvolpa

en eftirfarandi úrslit eru rétt:

Hvolpar 4-6 mánaða

B.hv.t.1: Hrímnis Ísing

Að lokum hvetjum við félagsmenn til

að fylgjast með starfi deildarinnar á

heimasíðu hennar www.chihuahuahrfi.is

og einnig á Fésinu <https://www.facebook.com/ChihuahuaeildHrfi?ref=hl>

Einnig viljum við minna ræktendur á

að skrá hvolpakaupendur á póstlista

deildarinnar hrfichihuahua@gmail.com

*Kær kveðja,
stjórnin.*

DÍF



BOB & BOS á febrúarsýningu HRFÍ.

Sýningar

Kenneth Edh frá Svíþjóð dæmdi

íslenska fjárhunda á sýningu HRFÍ,

sem var haldin 22.-23. febrúar.

Helstu úrslit:

Besti hundur tegundar & BIG 2:

Stefsstells Sunna á Ólafsvöllum

Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni:

ISCh Arnarstaða Nagli

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða &

4. besti hvolpur dagsins:

Stjörnuljósa Hjálmur

Besti öldungur tegundar &

4. besti öldungur sýningar:

Arnarstaða Askur

Besti ræktunarhópur tegundar &

3. besti ræktunarhópur dagsins:

Arnarstaða ræktun

Besti afkvæmahópur sýningar &

3. besti afkvæmahópur dagsins:

Arnarstaða Skrumba með 3 afkvæmum

Árshefti DÍF

Út er komið árshefti Deildar íslenska

fjárhundsins fyrir árið 2013. Blaðið er alls 68

blaðsíður og prentað á veglegan pappír. Í

blaðinu má m.a. finna; úrslit hundasýninga

ásamt umsögn um hvern hund, niðurstöður

hlýðni-, sporaprófa og hundafimikeppna,

yfirlit fyrir nýskráningar í ættbók á árinu,

niðurstöður heilbrigðisskoðana og

greinar um íslenska fjárhundinn.

Blaðið er selt á 1500 kr/stk. og

sendingarkostnaður innanlands er þar

innifalinn. Þeir sem hafa áhuga á að eignast

eintak af ársheftinu eru beðnir um að leggja

inn á reikning DÍF,

nr. 0327-13-004786 – kt. 660499-3349, og

senda kvittun á netfangið

arshefti@dif.is jafnframt því að senda nafn og

heimilisfang viðkomandi á sama netfang.

Ársfundur DÍF

Ársfundur DÍF var haldinn sunnudaginn 2.

mars þar sem m.a. var kosið í nýja stjórn DÍF.

Í stjórn sitja nú:

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir – formaður,

Brynhildur Bjarnadóttir – ritari,

Margrét Bára Magnúsdóttir – gjaldkeri,

Helga Andrésdóttir og

Linda Björk Jónsdóttir.

Gagnagrunnur DÍF

Á vefsíðu deildarinnar; www.dif.is er að finna

gagnagrunn með öllum skráðum íslenskum

fjárhundum á Íslandi frá upphafi auk ýmissa

nytsamlegra upplýsinga. Deildin er að safna

myndum af öllum skráðum hundum og

því óska ég eftir myndum í gagnagrunninn


á netfangið; gagnagrunnur@dif.is Munið

að láta upplýsingar um hundinn fylgja.

Fyrir hönd stjórnar DÍF,

Linda Björk Jónsdóttir.

Ensk cocker spaniel deild



RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance

On Me, besti hundur tegundar

á febrúarsýningunni.

Á sýningu HRFÍ í febrúar voru 18 hundar

skráðir til leiks. Dómari var Branislav Rajic

frá Slóveníu. Helstu úrslit voru þessi:

Hvolpar 4 – 6 mánaða

Augnaryndis I Am The King varð besti

hvolpur tegundar í þessum aldursflokki

en systir hans Augnaryndis She's To Hot

For Me varð besta tík. Eigandi og ræktandi

þessara hvolpa er Dagný Eiríksdóttir.

Hvolpar 6 – 9 mánaða

Besti hvolpur tegundar í eldri flokki

hvolpa var Siggu Jónu Benedikt Búalfur,

eigandi Edda Janette Sigurðsson og

ræktandi Sigurbjörg Jóna Traustadóttir.

Rakkar

Besti rakki og besti hundur tegundar var

RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance

On Me með CACIB. Eigandi hans er Þröstur

Ólafsson og ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir.

Annar besti rakki var sonur hans, Siggu Jónu

Alfínnur Álfakóngur, sem fékk sitt þriðja

meistarastig og vara-CACIB. Hann bíður nú eftir

staðfestingu frá HRFÍ á íslenskum meistaratitli.

Þriðji besti rakki var Cockergold So You

Think You Can Dance, eigandi Þórdís María

Hafsteinsdóttir og ræktandi Lotte Kristensen.

Í fjórða sæti var ISShCh Backhills Xtreme

And Bold, eigandi Edda Janette Sigurðsson

og ræktendur Karin Staf/Britt-Mari Staf.

Tíkur

Besta tík tegundar var RW-13 Aska frá Götu með meistarastig og CACIB. Eigandi hennar og ræktandi er Edda Janette Sigurðsson. Önnur besta tík var Bjarkeyjar Sóllilja með vara-CACIB, eigandi er Þröstur Ólafsson og ræktandi er Inga Björk Gunnarsdóttir.


Þriðja besta tík var Leirdals Viðja, eigandi og ræktandi er Þórdís María Hafsteinsdóttir.

Got

Got er hjá Eddu Janette Sigurðsson, frá Götu, og Elsu Magnúsdóttur, Hólabergs-ræktun. Væntanlegt got er hjá Þórdísi Maríu Hafsteinsdóttur, Leirdals-ræktun.

Deildin var með kynningu á tegundinni á Stórhundadögum Garðheima helgina 8.-9. mars.

*Fyrir hönd deildarinnar,
Inga Björk Gunnarsdóttir.*

Grefil- og sporhundadeild

„Best mover of the day,” sagði Arne Foss, dómari um Luna Caprese Immagine Allo Specchio.

Sýningar

Á síðustu sýningu mættu alls 10 langhundar, 8 síðhærðir og 2 snögghærðir. Síðhærða langhundstíkin, Luna Caprese Immagine Allo Specchio, varð BOB, sigraði tegundahóp 4/6 og er komin með sitt 4. CACIB. Eigandi hennar er Hallveig Karlsdóttir. Hún var einnig sýnd með afkvæmum og fékk heiðursverðlaun. Síðhærði rakkinn, Kingsens Finest Kastor, var sýndur í ungliðaflokki og varð besti rakkinn. Eigandi hans er Elín Thorsteinsdóttir.

Snögghærði langhundurinn, Sundsdal's Wee Kind Of Magic, varð BOB og fékk sitt 5. meistarastig og er þar með orðinn íslenskur meistari. Hann varð í 2. sæti í tegundahópi 4/6. Snögghærða tíkin, Sundsdal's Will You Be There, varð besta tík tegundar og fékk CACIB. Eigendur þeirra eru þau Arinbjörn Friðriksson og Margrét Andrésdóttir.

Mjög góður árangur var hjá langhundunum almennt. Hlökkum við til að sjá enn fleiri mæta á sumarsýninguna í júní.

Af rodesian ridgeback tegundinni mætti ein tík, Lioncarm African Awena, sem varð BOB og í 3. sæti í tegundahópi 4/6. Eigandi hennar er Þórunna Vestmann Birgisdóttir.

Ein tík af tegundinni basset fauve de bretagne var sýnd í eigu Súsönnu Poulsen. Hún varð BOB, fékk meistarastig og CACIB. Einnig

varð hún í 4. sæti í tegundahópi 4/6.

Útkoma: BT, Cert og Cacib, 4 sæti í grúppu.

Síðast en ekki síst mætti einn beagle-rakki, Kalastaða Jamie Lannister, sem keppti í ungliðaflokki og fékk „excellent“.

Innflutningur

Ein langhundstík var flutt inn í lok ársins 2013, Luna Caprese Signorina Snob og er í eigu Eddu B. Ólafsdóttur með Árbæjar-ræktun.

Starf Grefil- og sporhundadeildar hefur legið niðri undanfarið en fyrirhugað er að halda aðalfund núna í mars. Það þarf með réttu að efla andann innan deildarinnar og vonumst við til að allir hundaeigendur innan deildarinnar mæti af alhug og áhuga á fundinn sem verður auglýstur á heimasíðu HRFÍ.

*Með bestu kveðju,
stjórn Grefil- og sporhundadeildar.*

Íþróttadeild

Á árinu voru haldin þrjú hundafimimót þar sem komu inn 42 skráningar og keppt var í AG1, AG2, AG3, JU1 og JU2. Fyrirtæki hafa verið dugleg að styrkja okkur með aukavinningum á mótin og ber þar helst að nefna Lýsi hf, Ölgerðina ehf, Sláturfélag Suðurlands, Hundahreysti ehf, Harðfisksöluna, Töfra-ræktun og Garðheima. Við þökkum þeim kærlega fyrir stuðninginn en einnig viljum við þakka starfsmönnum móta og Ragnari Sigurjónssyni, hundafimidómara, því án þeirra væri ekki hægt að halda mót.

Stigahæstu hundar ársins 2013 eru sem hér segir:**AG1 stórir**

Stefanía Björgvinsdóttir og Díma: 24 stig

AG1 meðal

Anna Birna Björnsdóttir og Sunna Sól: 20 stig

AG1 litlir

Anna Hermannsdóttir og Zaphira: 10 stig

AG2 stórir

Berglind Reynisdóttir og Grímur: 11 stig

AG3 stórir

Berglind Reynisdóttir og Grímur: 10 stig

JU1 stórir

Stefanía Björgvinsdóttir og Díma: 28 stig

JU1 meðal

Steinunn Huld Atladóttir og Kolar: 10 stig

JU1 litlir

Anna Hermannsdóttir og Zaphira: 10 stig

JU2 stórir

Berglind Reynisdóttir og Grímur: 21 stig

JU2 meðal

Anna Birna Björnsdóttir og Sunna Sól: 21 stig

AG er hundafimibraut, JU er hoppbraut

og keppt er í þremur stærðarflokkum og þremur erfiðleikastigum. Ítarlegri listi er á heimasíðu deildarinnar www.hundafimi.is

Opnir tímar deildarinnar hafa verið haldnir öll sunnudagskvöld nema rétt yfir hásumarið. Ársfundur deildarinnar var haldinn þann 6. mars síðastliðinn. Engar breytingar urðu á stjórn en í stjórn sitja: Anna B. Björnsdóttir (formaður), Rúnar Tryggvason (ritari), Monika D. Karlsdóttir (gjaldkeri), Anna Hermannsdóttir (meðstjórnandi) og Silja Unnarsdóttir (meðstjórnandi).

*Kveðja frá Íþróttadeild.
www.hundafimi.is*

Papillondeild

*Hálsakots Desiree Le Grande,
BOB á febrúarsýningu.*

Ritari deildarfrétta gerði villu í síðasta tölublaði Sáms, á sérsýningu deildarinnar 19. október 2013 var Höfðaborgar Birta besti öldungur tegundar en ekki Höfðaborgar Myrra. Afsakið þessi mistök.

Fiðrildajól voru haldin þann 24. nóvember 2013.

Stigahæstu hundar ársins voru heiðraðir: Stigahæsti papillon:

ISCh Englakots Dancing Queen

Stigahæsti rakkinn:

RW-13 ISCh Hálsakots Flamin' Hot 'N' Gorgeous.

Stigahæsti phaléne:

C.I.B. RW-13 ISCh Hálsakots Better Be Something Good

Hvolpasýning á vegum HRFÍ, haldin 25. janúar síðastliðinn.

Besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða: Hálsakots I'm A LuckyStar.

Fyrsta alþjóðlega sýning ársins, 23. febrúar.

BOB: Hálsakots Desiree Le Grande

BOS: Hálsakots P.S. I Love You

BÖT: Höfðaborgar Birta, 2. besti öldungur sýningar

B.hv.t. 4-6 mánaða:

Butterfly's Kisses Simply The Best, 4. besti hvolpur dagsins 4-6 mánaða

B.hv.t. 6-9 mánaða:

Aiming High Be My Number One, 2.

besti hvolpur dagsins 6-9 mánaða

Á döfinni hjá okkur er aðalfundur en hann verður auglýstur síðar á heimasíðu og á Facebook. Minnum á vefsíðu deildarinnar www.papillondeild.is og tölvupóstlista papillondeild@gmail.com

*Fyrir hönd stjórnar,
Guðný Stefánía Tryggvadóttir, ritari.*

Retrierverdeild

Aðalfundur

Retrierverdeildar var haldinn 13. mars í húsnæði HRFÍ við Síðumúla. Samtals sóttu 26 félagsmenn fundinn. Ítarleg fundargerð er á heimasíðu deildarinnar. Helstu mál voru að vanda skýrsla stjórnar og kosningar um tvö sæti í stjórn.

Einn af þeim þremur stjórnarmeðlimum, sem voru í lausum sætum, gaf kost

á sér aftur en alls voru þrír sem gáfu kost á sér í tvö laus sæti. Úrslit urðu þau að í stað Guðmundar A. Guðmundssonar, sem ekki gaf kost á sér aftur, kom Þórgunnur Pétursdóttir. Stjórn mun skipta með sér verkum á næstu dögum.

Sýningar

Febrúarsýning HRFÍ var vel sótt af retriever-eigendum eins og venja er. Alls voru 802 hundar skráðir, þar af 63 labrador, 19 golden og 2 flat coated. Retriever-hundar eru því nú sem fyrr rúmlega 10% af skráðum hundum. Helstu úrslit: Golden: BOB: Heatwave Little Miss Sunshine, BOS: Amazing Gold Erró. Labrador: Besti hvolpur 4-6 mánaða: Vetrarmána Paradís, besti hvolpur 6-9 mánaða: Leynigarðs Hula, BOB: ISShCh Mánasteins Birta, BOS: Hólabergs Famous Sport. Flat coated: BOB: Bez-Ami's Always My Charming Tosca.

Verðlaun á sýningunni gáfu Dyrheimar fyrir BOB og BOS, Bendir gaf bikara í hvolpaflokki.

Á sýningunni náði ISFtCh Copperbitch Samurai í eigu Sigurmons Hreinssonar sýningarárangri til að geta sótt um íslenskan veiðimeistaratil en hann hafði áður náð vinnuárangri.

Það er ekki hægt að skilja við sýningar án þess að geta öflugs starfs hjá félagsmönnum í sýningarþjálfun og voru þessi námskeið mjög vel sótt og kennarar lögðu mikinn metnað í þetta starf.

Heiðrun stigahæstu hunda

11. janúar voru stigahæstu hundar starfsársins 2013 heiðraðir. Þeir voru á sýningum: Flat coated retriever, Almanza Too Soon to Panic, eigandi Ragnhildur Haraldsdóttir, golden retriever, ISShCh Great North Golden Mount



ISShCh Great North Golden Mount Belukha í eigu Svövu Guðjónsdóttur.

Belukha, eigandi Svava Guðjónsdóttir, labrador retriever, ISShCh Buckholt Cecil, eigandi Torfi Sigurjónsson. Á veiðiprófum var ISFtCh Ljósavíkur Assa stigahæst, eigandi og stjórnandi á prófum er Jens Magnús Jakobsson

Nefndarstörf

Nefndir eru jafnan virkar að einhverju leyti allt árið.

Sýninganefnd sá um utanumhald og vinnu við sýningu HRFÍ í febrúar og var vel mætt af félagsmönnum til að vinna og fylgjast með.

Veiðinefnd skipulagði opnar æfingar í febrúar og mars og er aðsókn mjög góð og mikil gróska í þessu starfi. Það er gott til þess að vita að reyndir og kappsamir einstaklingar skulu vera tilbúnir að miðla af sinni þekkingu og tíma og hvetja með því nýliða til frekari þátttöku í þessu frábæra sporti.

Göngu- og skemmtinefnd heldur áfram sínu flotta starfi með taumgöngum og skemmtikvöldum og er mikil og góð mæting á þessar uppakomur.

Básanefnd fær minna að gera núna þar sem ekki eru básar á sýningum, þá eru það helst Garðheimar sem hafa notið krafta þeirra og er básinn okkar að vanda alltaf flottur.

Sumarið

Í sumar eru á áætlun 14 veiðipróf og þar af fjórar helgar þar sem tvö próf verða haldin. Tveir erlendir dómara munu dæma, fyrst á Húsafelli 11.-13. júlí en þá verður einnig deildarsýning á laugardegnum 12 júlí, síðan á Snæfellsnesi við Laugagerðisskóla 9. og 10. ágúst. Skráningar í veiðipróf eru nú með öðru sniði og opnar fyrir skráningu 24 dögum fyrir próf. Spennan fyrir deildarviðburðinum er mjög mikil og væntum við mikillar aðsóknar á sýninguna líka. Eins verða tvöföld próf að Melgerðismelum í Eyjafirði í júní og við Draugatjörn við Hellsisheiðarvirkjun, mánaðamótin maí/júní.

Að lokum þakkar stjórn öllum sem hafa komið að starfinu hjá okkur og hlökkum við til að takast á við árið með ykkur.

*F.h. stjórnar Retrierverdeildar,
Heiðar Sveinsson.*

Schäferdeild



ISShCh RW-13 Gjósku Osiris, fyrsti síðhærði schäfer-meistarinn á Íslandi. Mynd tekin þegar að hann varð 2. besti hvolpur sýningar í febrúar 2012.

Árið fór vel af stað hjá Schäferdeildinni á febrúarsýningu HRFÍ 22.-23.febrúar og voru skráðir til leiks hvorki meira né minna en 51 schäferhundur, 42 snögghærðir og 9 síðhærðir. Dómari var Arne Foss frá Noregi.

Besti hundur tegundar hjá snögghærðum schäfer var Gjósku Osbourne-Tyson. Fékk hann sitt 3. meistarastig og er því orðinn íslenskur sýningameistari, ISShCh. Besti hundur af gagnstæðu kyni varð C.I.B. ISCh Easy von Santamar og varð hún jafnframt besti öldungur tegundar. Gjósku Osbourne-Tyson varð í 2.sæti í tegundahópi 1 og C.I.B. ISCh Easy von Santamar varð besti öldungur sýningar. Besti hvolpur tegundar varð Kolgrímu Hókus Pókus Filiokus. Besta afkvæmahóp átti Eldeyjar Hugi og endaði hann svo sem besti afkvæmahópur dagsins. Kolgrímu-ræktun átti besta ræktunarhóp tegundar sem endaði sem 2. besti ræktunarhópur dagsins.

Í síðhærðu hundunum varð það Gjósku Þæja sem varð besti hundur tegundar og varð RW-13 Gjósku Osiris besti hundur af gagnstæðu kyni, fékk hann sitt 3. meistarastig er því orðinn íslenskur sýningameistari, ISShCh. Hann er fyrsti loðni schäferinn sem hlýtur þann titil síðan afbrigðið varð leyflegt á sýningum.

Óskum við eiganda hans, Ófeigi Sigurðssyni, innilega til hamingju með hann. Besti hvolpur tegundar var Gjósku Rökkvi-Þór og varð hann 3. besti hvolpur dagsins.

Stjórn Schäferdeildarinnar vill koma á framfæri þakklæti til eigenda Verslunarinnar Bendis, Siggu og Palla, fyrir gott og farsælt samstarf á liðnum árum. Bendir hefur verið aðalstyrktaraðili Schäferdeildarinnar frá opnun verslunarinnar og gefið mikið magn glæsilegra verðlaunagripa fyrir verðlaunahafa á öllum sýningum HRFÍ á þeim tíma ásamt því að gefa nánast alla verðlaunagripa á 25 ára afmælisýningu deildarinnar síðasta sumar. Allt er gott sem endar vel.

Bjóðum við þá nýjan styrktaraðila velkominn. Dýrheimar ætla að styrkja deildina um verðlaunagripi á árinu og fór það samstarf vel af stað á nýafstaðinni sýningu HRFÍ.

Það stefnir allt í öflugt starf á árinu og hlökkum við mikið til og vonumst til að sem flestir taki þátt í öflugum starfi deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar,

Rúna Helgadóttir Borgfjörð, varaformaður.

Schnauzerdeild



Helguhlíðar Játvarður varð í 1. sæti í tegundahópi 2. Eigendur hans eru Margrét Kjartansdóttir og Páll Sævar Guðjónsson og ræktandi Margrét Kjartansdóttir. Sýnandi hans er Ásta María Karlsdóttir.

Uppskeruhátið Schnauzerdeildar var haldin 18. janúar síðastliðinn. Vel var mætt og haldið var uppboð á vörum sem fengnar voru frá hinum ýmsu fyrirtækjum og ræktendum. Uppboðið fór fram undir styrki stjórn veislustjórnans, Brynju Tomer, og er orðið stærsti tekjuliður deildarinnar.

Fiskbúðin Mos gaf fisk, sem notaður var í afar gómsæta súpu, sem boðið var upp á á hátíðinni og vill deildin þakka Stjána, eiganda fiskbúðarinnar, fyrir framlagið. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg til þess að gera þessa hátíð að veruleika.

Viðurkenningarskjöl voru afhent þar sem ræktendur, eigendur og hundar voru heiðraðir. Óskum við þeim öllum til hamingju með góðan árangur en eftirtaldir voru heiðraðir:

Stigahæsti hundur deildarinnar

- Kolskeggs Klaka Skrápur

Stigahæsti ræktandi deildarinnar

- Svartwalds-ræktun

Stihahæsti hvolpur - Heljuheims Fenrir

Stigahæsti öldungur - Charming

Aska frá Ólafsvöllum

Stigahæsti agility-hundur - Caruso of

Taita's Ushabti & Xerra Svarcava

Stigahæsti vinnuhundur -

Svarthöfða Angus Young

Á hvolpasýningu Hundaræktarfélagins í

janúar síðastliðnum tóku nokkrir schnauzer-hvolpar þátt, bæði dverg- og standard-hvolpar. Er ekki annað hægt en að gleðjast yfir þessari skemmtilegu viðbót og tókum við fagnandi á móti þessum viðburði sem er vonandi kominn til að vera.

Smáhundadagar Garðheima voru 8. og 9. febrúar og stórhundadagar 8. og 9. mars. Almennt eru þetta vel sóttar kynningar af almenningi og viljum við þakka þeim sem tóku þátt í að kynna tegundirnar og mættu sem fulltrúar fyrir sínar tegundir.

Alþjóðleg hundasýning var í Klettagörðum 22.–23. febrúar og gerðu schnauzer-hundar það ansi gott á sýningunni. Dvergschnauzerinn, Helguhlíðar Játvarður (svart/silfur) varð í 1. sæti í tegundahóp 2 og Barba Nigra Miss Sunshine (svört) í 3. sæti. Dvergschnauzer-hvolpurinn, Svartwalds Entertain Me (svört), varð svo í 3. sæti sem besti hvolpur dagsins 6-9 mánaða. Svartwalds-ræktun varð í öðru sæti sem besti ræktunarhópur dagsins og Helguhlíðar-ræktun í fjórða sæti. Svarta dvergschnauzertíkin, Barba Nigra Miss Sunshine, varð svo í fyrsta sæti með besta afkvæmahóp sýningar og risaschnauzertíkin, Mir-Jan's Campari, í fjórða sæti með afkvæmum. Frekari úrslit sýningarinnar er hægt að sjá á deildarsíðunni.

Aðalfundur Schnauzerdeildar fór fram þann 10. mars. Úr stjórn gengu Ragnhildur Gísladóttir og Klara Guðrún Hafsteinsdóttir. Viljum við þakka þeim fyrir vel unnin störf. Í nýrri stjórn sitja nú María Björg Tamimi (meðstjórnandi), Kolbrún Snorradóttir (meðstjórnandi), Sigrún Valdimarsdóttir (ritari), Margrét Kjartansdóttir (gjaldkeri) og Líney Björk Ívarsdóttir (formaður). Óskum við nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Á döfnni

Deildarsýning Schnauzerdeildar verður haldin þann 26. apríl. Dómari að þessu sinni er hin sænska, Charlott Orre, en hún er bæði ræktandi að svart/silfur og hvítum dverg og hefur réttindi til að dæma alla liti og stærðir schnauzera. Skráning er nú þegar hafin. Um kvöldið, eftir sýninguna, er deildin búin að bóka Nauthól þar sem að deildarmeðlimir geta komið og notið góðrar máltíðar saman. Charlotte verður svo með sýningarsnyrtningarnámskeið sunnudaginn 27. apríl.

Fyrir hönd stjórnar,

María Björg Tamimi.

Tíbet spaniel deild



Hnota varð besti hvolpur dagsins í flokknum 4-6 mánaða. Ljós. Kolbrún Jónsdóttir.

Sýningar

Fyrsta sýning ársins var alþjóðleg og var haldin 22.-23. febrúar. Alls tóku 17 tíbet spaniel þátt, þar af þrjú hvolpar sem stóðu sig vel og fengu allir heiðursverðlaun. Dómari fyrir okkar tegund var Branislav Rajic frá Slóveníu. Dómari tegundahóps 9 var Francesco Cochetti frá Ítalíu.

Úrslit urðu eftirfarandi:

BOB var C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian „Buddha“. Hann fékk CACIB. Eigendur hans eru Auður Valgeirsdóttir og Rannveig Rúna Viggósdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir. Hann gerði svo enn betur og varð í 4. sæti í tegundahópi 9.

BR 2 var RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín“. Hann fékk vara-CACIB. Eigandi hans er Kolbrún Jónsdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BR 3 var Tíbráar Tinda Tiger's Eye „Tiger“. Hann fékk sitt 3. meistarastig. Eigandi og ræktandi hans er Auður Valgeirsdóttir.

BR 4 var Tíbráar Tinda Red Snap Dragon „Dragon“. Eigandi og ræktandi hans er Auður Valgeirsdóttir.

BOS var RW-13 ISCh Tíbráar Tinda Pink Lotus „Lotus“. Hún fékk sitt 4. CACIB. Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BT 2 var Frostrósar Hrafna. Hún fékk sitt 1. meistarastig og vara-CACIB. Eigandi hennar er Kristín Anna Toft. Ræktendur Jo-Ann Önnudóttir og Brynjar Gunnarsson.

BT 3 var C.I.B. Tíbráar Tinda Tibet's Pride N Glory „Glory“. Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BT 4 var Tíbráar Tinda Tourmaline „Lotta“. Eigandi Kristín Elfa Guðnarsdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

Tveir aðrir rakkar, þeir Bruce (eigandi og ræktandi Guðrún Helga Harðardóttir) og Frostrósar Greifi „Lúkas“ (eigandi Ingibjörg Blomsterberg, ræktendur Jo-Ann Önnudóttir og Brynjar Gunnarsson) og tíkin Demí (eigandi Margrét Kjartansdóttir, ræktandi Guðrún Helga Harðardóttir) fengu meistarafni (CK) en ekki sæti í úrslitum um besta rakka/tík tegundar.

Hvolpar 4-6 mánaða:

BOB með heiðursverðlaun var Hnota.

Eigandi Guðrún Guðmundsdóttir.

Ræktandi Dagný Egilsdóttir. Hnota gerði sér svo lítið fyrir og var valin besti hvolpar dagsins í flokki 4-6 mánaða hvolpa.

BT 2 með heiðursverðlaun var Ronja.

Eigandi og ræktandi Dagný Egilsdóttir.

Hvolpar 6-9 mánaða:

BOB og BT 1 með heiðursverðlaun var

Falkiarió's Just a Jewel For You „Rós“. Eigandi Ingibjörg Blomsterberg. Ræktandi Kristin Boe.

BOB ræktunarhópur var valinn Tíbráar Tinda-

ræktun. Hópurinn fékk heiðursverðlaun

og endaði sem besti ræktunarhópur

dagsins. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

Dómari fyrir besta ræktunarhóp dagsins

var Branislav Rajic frá Slóveníu.

Dómari fyrir besta hvolp dagsins 4-6

mánaða var Arne Foss frá Noregi.

Farandbikara fyrir BOB og BOS gaf Tíbráar

Tinda-ræktun Auðar Valgeirsdóttur.

Gjafabikara fyrir fullorðna gaf

JRJ (Kolbrún Jónsdóttir).

Gjafabikar og verðlaunapeninga fyrir 4-6

mánaða hvolpa gaf Dagný Egilsdóttir.

Gjafabikar fyrir BOB hvolp 6-9 mánaða gaf Ingibjörg Blomsterberg í minningu Lísu.

Þökkum við þeim kærlega fyrir gjafmildina.

Hvolpasýning HRFÍ var haldin 25.

janúar sl. í Gæludýr á Korputorgi.

Tveir tíbet spaniel hvolpar tóku

þátt. Dómari fyrir okkar tegund var

Þórdís Björg Björgvinsdóttir.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Hvolpar 4-6 mánaða:

BOB með heiðursverðlaun var Hnota.

Eigandi Guðrún Guðmundsdóttir.

Ræktandi Dagný Egilsdóttir.

BT 2 með heiðursverðlaun var Ronja.

Eigandi og ræktandi Dagný Egilsdóttir.

Stjórn deildarinnar óskar eigendum

og ræktendum hjartanlega til

hamingju með hundana sína.

Innflutningur

Í desember og janúar sl. komu fjórir

tíbet spaniel hundar til landsins.

Frá Finnlandi kom rakkinn, Lilieian

Yankee Doodle „Topaz“. Eigendur

Auður Valgeirsdóttir og Berglind Björk

Jónsdóttir. Ræktandi Tiina Rämö.

Frá Noregi kom tíkin, Falkiarió's Just a

Jewel For You „Rós“. Eigandi Ingibjörg

Blomsterberg. Ræktandi Kristin Boe.

Frá Danmörku kom rakkinn, Sommerlyst's

Rimo Poso „Pósó“. Eigandi Guðrún Helga

Harðardóttir. Ræktandi Ragnhild Primdal.

Frá Danmörku kom tíkin, Buus's Bella-Chen-

Po „Bella“ Eigandi Guðrún Helga Harðardóttir.

Ræktandi Lisbeth Buus Jorgensen.

DNA test fyrir PRA3

Frá því í júlí sl. hefur verið hægt að DNA-prófa tíbet spaniel við augnsjúkdómnum PRA 3. Þess má geta að þessi sjúkdómur er einn af PRA sjúkdómunum sem finnast í tegundinni og er jafnframt sá sjúkdómur sem leggst á hundana mjög unga og verða þeir blindir mjög ungir. Allar upplýsingar um prófið má finna á rannsóknarstofu The Animal Health Trust í Englandi sem er sú eina sem framkvæmir þetta DNA-próf. Slóðin er <http://www.aht.org.uk/> Einnig er velkomið að hafa samband undirritaða um prófið.

Þegar þetta er skrifað hafa níu tíbet spaniel hundar á Íslandi verið prófaðir og voru allir greindir fríir af sjúkdómnum. Þess má geta að nýinnfluttu tíbet spaniel hundarnir eru fríir af PRA 3 vegna þess að foreldrar þeirra eru DNA-prófaðir og frír. Einn var prófaður áður en hann kom til landsins og greindur frír. Þess má geta að áfram er nauðsynlegt að halda áfram að láta augnskoða hundana því fleiri augnsjúkdómar finnast sem ekki er enn hægt að DNA-prófa fyrir.

Við viljum minna tíbet spaniel-eigendur á að láta augnskoða hundana sína reglulega til að hægt sé að fylgjast með stofninum. Skráning og allar upplýsingar á skrifstofu HRFÍ. Þeir sem ætla að rækta undan tíkunum sínum og eigendur undaneldishunda verða að vera með gild augnvottorð þegar parað er og má vottorðið ekki vera eldra en 13 mánaða við þörun (sjá reglur um undaneldi á heimasíðu HRFÍ).

Ræktun

Kröfur ræktunarstjórnar til undaneldis eru þær að ræktunardýrin séu ræktunardæmd á sýningum HRFÍ eða öðrum sýningum viðurkenndum af HRFÍ oftast en einu sinni með lágmarkseinkunnina „very good“. Einnig verða undaneldisdýrin að vera með gild augnskoðunavottorð (viðurkennd af HRFÍ). Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við þörun. Ef ræktendur óska eftir ráðleggingum ræktunarstjórnar um val á undaneldishundum skal senda skriflega beiðni til stjórnar að minnsta kosti 2 mánuðum fyrir áætlað lóðarí tika til að öruggt sé að hún sé tekin fyrir og afgangur í tæka tíð fyrir þörun.

Heimasíðan okkar er undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur. Slóðin er tibetspaniel.weebly.com Deildin heldur líka úti Facebook-síðu með fréttum og tilkynningum undir nafninu „Tibetan spaniel á Íslandi innan HRFÍ.- Tibetan spaniel in Iceland“. Tölvupóstur er sendur til allra sem eru á póstlistanum okkar um þær upptakur og tilkynningar sem deildin stendur fyrir. Endilega látið okkur vita ef þið fáið ekki tölvupóst frá okkur og einnig ef breytingar verða á netfangi. Endilega fylgist

með síðunum okkar, þar er allt sett inn um starf deildarinnar og upptakur, eins og göngur og fleira, ásamt upplýsingum um tegundina.

Með bestu kveðju og ósk um gleðilegt sumar til ykkar allra, bæði tví- og fjórfættra. Vonumst eftir að sjá ykkur sem flest í sumar á upptakum félagsins og deildarinnar.

*F.h. stjórnar Tíbet spanieldeildar HRFÍ,
Auður Valgeirsdóttir formaður.*

*tibra@heimsnet.is eða tibtadeild@gmail.com
sími 557-5622 eftir kl. 13.00 alla daga.*

Unglingadeild



Stigahæstu ungu sýnendur ársins sem skipuðu landslið Íslands á Nordic Winner 2013.

Stigahæstu sýnendur 2013

Stigahæsti ungi sýnandinn í yngri flokki árið 2013 var Sigrún Sandra Valdimarsdóttir sem endaði með 130 stig samtals eftir allt árið. Stigahæstu ungu sýnendurnir í eldri flokki árið 2013 voru Theodóra Róbertsdóttir með 120 stig, Hilda Björk Friðriksdóttir með 110 stig, Erna Sigríður Ómarsdóttir með 100 stig og Jóhanna Líf Halldórsdóttir með 50 stig. Þær mynduðu landslið Íslands í keppni ungra sýnenda á Nordic Winner 2013.

Ungra sýnenda námskeið

Í janúar fengum við Theodóru Róbertsdóttur til að halda námskeið fyrir unga sýnendur. Námskeiðinu var skipt upp í tvo hluta, bóklegan og verklegan. Bóklegi hlutinn var haldinn á skrifstofu HRFÍ þar sem farið var meðal annars yfir sýningarstíla, byggingu og hreyfingar hunda. Verklegi hlutinn var haldinn í Gæludýr.is og var farið í margs konar æfingar. Námskeiðið gekk ótrúlega vel og þökkum við frábærar undirtektir og munum líklegast halda annað svipað námskeið á árinu.

Aðalfundur Unglingadeildar

Aðalfundur Unglingadeildar var haldinn 30. janúar sl. á skrifstofu HRFÍ. Úr stjórn gengu Erna Sigríður Ómarsdóttir og Birta Dröfn Valsdóttir eftir tveggja ára setu í stjórn og Elín Rós Hauksdóttir eftir setu í eitt ár. Hilda Björk Friðriksdóttir situr enn í stjórn en Brynja Kristín Magnúsdóttir sagði af sér og var því kosið inn í tvö sæti til tveggja ára og tvö til eins árs að þessu sinni. Við þökkum þessum stelpum

fyrir vel unnin störf starfsárið 2013-2014.

Jóhanna Líf Halldórsdóttir og Hafdís Jóna Þórarinsdóttir voru kosnar inn til tveggja ára, Theodóra Róbertsdóttir var kosin inn til eins árs ásamt Ernu sem bauð sig aftur fram.

Stjórnina árið 2014-2015 skipa því: Theodóra Róbertsdóttir, formaður, Erna Sigríður Ómarsdóttir, Hafdís Jóna Þórarinsdóttir, Hilda Björk Friðriksdóttir og Jóhanna Líf Halldórsdóttir. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu deildarinnar.

Opinn fundur Unglingadeildar

Opinn skipulagsfundur Unglingadeildar var haldinn 10. febrúar sl. á skrifstofu HRFÍ. Krakkar úr deildinni og foreldrar þeirra mættu og var árið skipulagt lauslega og farið yfir mikilvæg mál. Við þökkum frábærar undirtektir á þessum fundi og stefnum á að hafa fleiri.

Febrúarsýning HRFÍ

Keppni ungra sýnenda var haldin 21. febrúar sl. á febrúarsýningu HRFÍ sem haldin var í Klettagörðum 6. Skráð voru 30 ungmenni og dómari að þessu sinni var Raket Ósk Þrastardóttir.

Yngri flokkur:

1. sæti – Agatha Elín Steinþórsdóttir með chow chow með 40 stig
2. sæti – Stefánía Stella Baldursdóttir með pug með 30 stig
3. sæti – Brynjar Ari Magnússon með íslenskan fjárhund með 20 stig
4. sæti – Védís Huld Sigurðardóttir með australian shepherd með 10 stig

Eldri flokkur:

1. sæti – Margrét Hauksdóttir með afghan hound með 40 stig
2. sæti – Helga Þöll Guðjónsdóttir með snöggærðan vorsteh með 30 stig
3. sæti – Ingunn Birta Ómarsdóttir með australian shepherd með 20 stig
4. sæti – Hilda Björk Friðriksdóttir með standard schnauzer með 10 stig

Sjoppan

Unglingadeildin hefur verið með sjoppu á sýningunum síðustu tvö ár og nú í febrúar með góðum hagnaði og viðtökum. Við höfum náð að halda þessari sjoppu gangandi með aðstoð foreldra og krakka innan deildarinnar. Sjoppan er stærsta fjáröflunin hjá Unglingadeildinni ásamt sýningarþjálfuninni okkar sem við höfum verið að bæta í gegnum árin. Við erum með sýningarþjálfanir fyrir allar sýningar og auglýsum þær bæði á Facebook og á heimasíðunni okkar líkt og alla aðra viðburði deildarinnar. Unglingadeildin hefur boðið þeim krökkum sem eru að vinna við sjoppuna í spila- og pizzakvöld eftir sýningar.

Stjórn Unglingadeildarinnar vill þakka þeim sem komu að sjoppunni og hjálpuðu kærlega fyrir!

Stuðningsaðilar

Unglingadeild HRFÍ vill þakka eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn í starfi okkar: Dekurdýr, Gæludýr.is, Jói Fel, Kökuhornið, Nói Siríus, Pedigree, Royal Canin, Soffía í Dýrheimum og Ölgerðin.

*F.h. Unglingadeildar HRFÍ,
Erna Sigríður Ómarsdóttir.*

www.unglingadeild.weebly.com



Hundaræktarfélag Íslands

Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Opnunartími skrifstofu:

Alla virka daga frá kl. 10 - 15

S: 588-5255

hrfi@hrfi.is

www.hrfi.is

Ritstjóri og ritnefnd Sáms þakka af allhug eftirfarandi aðilum fyrir greinaskrif, ljósmyndir eða aðra aðstoð varðandi útgáfu blaðsins:

Auði Valgeirsdóttur,
Ágústi Ágústssyni,
Ástu Maríu Karlsdóttur,
Brynju Tomer,
Brynjólfi Óskarssyni,
Eddu Janette Sigurðsson,
Ernu Sigríði Ómarsdóttur,
Guðmundi Ívari Eggertssyni,
Guðrúnu Hafberg,
Gunni Sif Sigurgeirsdóttur,
Juha Kares,
Klöru Símonardóttur,
Kolbrúnu Örnu Sigurðardóttur,
Kristínu Jónu Símonardóttur,
Kristínu Þorvaldsdóttur,
Kristlaugu Elínu Guðlaugsdóttur,
Matt Cowen,
Péttri Alan Guðmundssyni,
Ragnhildi Gísladóttur,
Sigurgeiri Jónssyni,
Snæfríði Björg Jónsdóttur,
Theodóru Róbertsdóttur,
Unglingadeild HRFÍ,
Vinnuhundadeild HRFÍ,
Þorbjörgu Ástu Leifsdóttur og
Þorsteini Thorsteinson.

Ice Tindra⁺ Ræktun

Schafer ræktun
www.icetindra.is
Væntanlegt got 15. apríl 2014
Bjódum upp á pössun fyrir hunda frá okkar ræktun.
Uppl. Kristjana 895-6490



Fagrahvamms
Íslenskur fjárhundur

Anna Jónsdóttir &
Hrefna Björk Jónsdóttir

www.oes.is
eldeyjar@gmail.com

st. Hunderups Labradors

Gulir hvolpar undan
ISShCh Buckholt Cecil &
St. Hunderups Blissful Birta
til afhendingar í maí

www.hunderups.com



Við pössum hundinn þinn
eins lengi og þér hentar!

Hilýleg og góð þjónusta
Náttúrulegt umhverfi í sveit
Inni- og útistía fyrir hvern hund
Staðsett 4 km. frá Selfossi

**HUNDAGÆSLUHEIMILIÐ
ARNARSTÖÐUM**

Sími: 482 1030 og 482 1031
GSM: 894 0485 og 864 1943
www.simnet.is/hundahotel





ENNEMU / SIA / NMS46

Hundavernd VÍS tryggir hundinn þinn

Hið óvænta gerir ekki boð á undan sér og því er mikilvægt að hafa hundana rétt tryggða. Líftrygging er góður kostur fyrir þá sem vilja líftryggja hundinn sinn. Sjúkrakostnaðartrygging færir hundinum bestu meðhöndlun sem völ er á ef hann veikist eða

slasast. Auk líf- og sjúkrakostnaðartrygginga býður VÍS upp á afnotamissistryggingu, umönnunartryggingu og ábyrgðartryggingu fyrir hunda. Dýravernd VÍS tryggir einnig hesta og ketti og hún kostar minna en þú heldur.